# FRÉTTABLAÐIÐ

202. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 27. ÁGÚST 2016




# Ætlaði að bjarga litlu systur

Ólafur Egilsson leikari og leikstjóri reyndi að bjarga systur sinni úr heimi fíkniefna. Hann skrifaði um reynslu sína en kveikjan að handritinu að kvikmyndinni Eiðnum var háski systur hans. →24

FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



## Matreiðir úr uppskerunni →32




→12

## Sonurinn lést vegna fentanýlneyslu



## Börn flýja Boko Haram →6

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu




Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum App Store Google Play Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft

ÁSKRIFTARKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Bókaðu áskrift með einföldum hætti á borgarleikhus.is



Klár í skólann

Opið til 18



SMÁRALIND

## Veður




Hægur vindur og væta víða um land, en áfram milt veður. SJÁ SÍÐU 46

# Ráðherra fékk tillögur

**UMHVERFISMÁL** Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar leggur til að átta nýir virkjunarkostir bætist í orkunýtingarflokk áætlunarinnar. Það eru Skrokkölduvirkjun, Holtavirkjun, Urriðafossvirkjun, Austurgilsvirkjun, Austurengjar, Hveralíð II, Þverárdalur og Blöndulundur.

Verkefnastjórnin skilaði Sigrúnu Magnúsdóttur tillögum sínum í gær. Í verndarflokk bætast við fjögur landsvæði með tíu virkjunarkostum, þ.e. Skatastaðavirkjunum C og D, Villinganesvirkjun, Blöndu – veitu úr Vestari Jökulsá, Fljótshnjúksvirkjun, Hrafnabjargavirkjunum A, B og C, Búlandsvirkjun og Kjalölduveitu. Þá eru 38 virkjunarkostir í biðflokki og hafa tíu bæst við þann flokk frá fyrri áfanga. **– jhh**



**Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra**

# Eldur og ís



**Fjárfestadagur Startup Reykjavík fór fram í gær. Eitt þeirra nýsköpunarfyrirtækja sem taka þátt í viðskiptahraðlinum er Icelandic Lava Show. Hér hellir Robert W. Ysocki einum lítra af bráðnu hrauni yfir ís. Með því vildi hann sýna fólki hvað koma skal hjá fyrirtækinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Erfitt að hafa upp á vitnum

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla hefur átt í vandræðum með að hafa upp á vitnum að atburðum aðfaranætur sunnudags þegar ungur maður lést og annar missti meðvitund í porti við spilastofuna Fredda í Þingholtsstræti. Sá fyrrnefndi fannst látinn á heimili sínu.

Grunur leikur á að mennirnir tveir, sem voru vinir, hafi neytt lyfsins fentanýl. Bæði málin eru til rannsóknar hjá lögreglu. Runólfur Þórhallsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglu, segir að rætt hafi verið við aðila bæði í gær og í dag. Erfiðlega gangi þó að finna vitni.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að rapparinn Gísli Pálmi hefði beitt skyndihjálp á umræddan vin í portinu við Fredda. Komst maðurinn svo til meðvitundar.

Samkvæmt heimildum Fréttastofu var Gísli Pálmi með báðum mönnunum fyrr um kvöldið. **– ngy**

# Rannsókn vegna nakins pilts er hætt

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglu á máli sautján ára gamals bandarísks pilts sem fannst nakinn úti á götu í miðborg Reykjavíkur er hætt. Atvikið átti sér stað í júlí en pilturinn var á ferðalagi hér á landi.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur rannsakað málið um tíma og lék grunur á því að piltinum hefði verið byrluð ólyfjan. Leigubílstjóri kom auga á piltinn þar sem hann var nakinn úti á götu.

Hann var fluttur á sjúkrahús í kjölfarið. Lögreglan skoðaði upptökur úr myndavélum í miðbænum en samkvæmt upplýsingum frá Runólfi Þórhallssyni, yfirmanni rannsóknardeildar lögreglu, var ekkert í upptökunum sem gaf lögreglu tilefni til að halda rannsókn málsins áfram. „Það voru engar vísbendingar til að fara eftir," segir Runólfur en drengurinn á sögu um geðræn vandamál. **– ngy**




# Upplausn hjá Félagi kvenna í lögmennsku

**Formaður Félags kvenna í lögmennsku segir að stjórnarmeirihluti hafi verið fyrir gagnrýni á tillögur Lögmannafélags Íslands um ný hæfniviðmið fyrir lögmenn. Meirihluti stjórnar félagsins hyggst hætta vegna framgöngu formannsins.**

**FÉLAGSMÁL** Meirihluti stjórnar Félags kvenna í lögmennsku hefur sagt sig úr stjórn eða stefnir á úrsögn í tengslum við gagnrýni formanns félagsins á nýjar tillögur Lögmannafélags Íslands um breytingu á lögmannalögum.

Fréttablaðið hefur fjallað ítarlega um breytingarnar en þær miða að því að herða skilyrði héraðsdómslögmanna til að fá málflutningsréttindi í Landsrétti, nýja millidómsstiginu, og enn frekar til að fá málflutningsréttindi í Hæstarétti. Kristrún Elsa Harðardóttir, formaður Félags kvenna í lögmennsku, gagnrýndi þessar breytingar í frétt Fréttablaðsins og víðar og sagði að tillögurnar litu út fyrir að eiga að tryggja eldri lögmönnum mál í Hæstarétti til lengri tíma.

Í viðtali við RÚV sagði Kristrún að Lögmannafélag Íslands væri og hefði verið karlaveldi. Í tilkynningu frá félaginu á Facebook harmar Félag kvenna í lögmennsku svo ummæli formanns Lögmannafélags Íslands í hádegisfréttum RÚV um málið. Tilkynningunni mætti nokkur mótstaða kvenkyns lögmanna sem töldu að félagið gæti ekki fullyrt fyrir hönd allra félagsmanna því ekki hefði verið haldinn fundur um málið.

Nú hafa tveir aðalmenn og tveir varamenn sagt sig úr stjórninni. Fréttablaðið hefur sömuleiðis heimildir fyrir því að einn aðalmaður í viðbót hyggist hætta þegar ný stjórn verður kosin. Búið er að auglýsa eftir framboðum þriggja aðalmanna og tveggja varamanna. Alls sitja fimm aðalmenn og tveir varamenn í stjórninni.



**Kristrún Elsa Harðardóttir, formaður Félags kvenna í lögmennsku**

> **Þegar maður potar í eitthvað sem er gamalt og gróið þá hlaupa einhverjir í burtu og eru hræddir við mótlætið.**
>
> Kristrún Elsa Harðardóttir, formaður Félags kvenna í lögmennsku

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ástæða úrsagnarinnar meðal annars ofangreind útskýring en gagnrýni formannsins í fjölmiðlum hafi sett punktinn yfir i-ið í langvarandi óánægju. Formaðurinn njóti ekki trausts þeirra sem eftir sitja.

„Ég fékk tölvupóst frá þeim öllum í sitthvoru lagi þar sem mismunandi ástæður eru gefnar fyrir [úrsögninni]. Ákvörðun um að gagnrýna þessar tillögur hjá lögmannafélaginu var tekin á stjórnarfundi þar sem meirihluti stjórnar mætti og samþykkti hana. Þær konur sem hafa sagt sig úr stjórninni voru ekki mættar á þann fund og hafa þá verið ósáttar við þá ákvörðun. Sú gagnrýni kom ekki fram fyrr en löngu seinna." Kristrún segir að fyrir stjórnarfundinn hafi málið verið rætt í tölvupóstsamskiptum og því hafi niðurstaðan ekki átt að koma þeim á óvart.

„Lögmannafélagið er gamalt og gróið félag. Þegar maður potar í eitthvað sem er gamalt og gróið þá hlaupa einhverjir í burtu og eru hræddir við mótlætið," segir hún.

Kristrún segir að ekki sé komin fram krafa um að kosið verði um nýjan formann á félagsfundinum. Hún hyggist halda áfram sem formaður. **snaeros@frettabladid.is**

# ***Fjórhjóladrifinn*** *dísiljeppi með* ***SYNC II*** *samskiptakerfi,* ***8" snertiskjá*** *og* ***íslensku leiðsögukerfi***




## NÝR FORD KUGA AWD

› Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum aksturseiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Staðalbúnaðurinn er sérstaklega glæsilegur. Þar á meðal er skynvætt tölvustýrt fjórhjóladrif sem lagar sig að undirlagi og ástandi vega, SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112, íslenskt leiðsögukerfi, 8" snertiskjár í miðjustokk, tvískipt tölvustýrð miðstöð með loftkælingu og 17" álfelgur.

Ford Kuga er tilvalinn til ferðalaga. Dráttargetan er mikil eða 2.100 kg. Veghæðin er jafnframt mikil eða um 20 cm undir lægsta punkt.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Kuga AWD - komdu og prófaðu**

### FORD **KUGA AWD**

BEINSKIPTUR AWD DÍSIL
FRÁ **5.490.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR AWD DÍSIL
FRÁ **5.690.000** KR.

ford.is

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Kuga er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: starthnappur, hraðastillir, brekkuaðstoð, LED lýsing í farþegarými, leðurklætt stýrishjól og gírstangarhnúður, rafstillanlegir og upphitanlegir útispeglar, þokuljós og Easy Fuel. Öryggi Ford Kuga er framúrskarandi enda fékk hann fimm stjörnur af fimm mögulegum í árekstra- og öryggisprófunum Euro NCAP. Ford Kuga er fáanlegur í þremur útfærslum: Trend Edition, Titanium og Titanium S. ◆ Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 150 hö. 6 gíra beinsk./6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,2/5,4 l/100 km. $CO_2$ losun 135/140 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

**VIKAN** 21.08.2016-27.08.2016



**121**

tilkynning um **kynferðisbrot** hefur borist lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu það sem af er ári. Tilkynnt var um **27 kynferðisbrot** í júlí.

**2%** mælist atvinnuleysi nú á Íslandi. Ríflega **40 prósent** fyrirtækja í verslun bera við skorti á starfsfólki miðað við fimm prósent fyrir ári.

**1,2 milljarðar**

var hagnaður Eimskips á öðrum fjórðungi ársins. Á sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn **724 milljónum króna**. Hann eykst því um tæp 59 prósent milli ára.

**90 þúsund**

krónur um það bil hafa foreldrar nýnema við **Menntaskólann í Reykjavík** þurft að greiða fyrir námsbækurnar sem nemendum er skylt að eiga fyrir námið í vetur.





**200**

ökumenn hafa verið staðnir að **hraðakstri** við grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu undanfarna daga.

**23 þúsund**

aldraðir og öryrkjar greiddu rúmlega tvöfalt meira í **tannlæknakostnað** í fyrra en reglugerð heilbrigðisráðherra kveður á um.



## Þrjú í fréttum
## Einkarekstur, Ólympíugull og brúðkaup

**Hildur Sverrisdóttir**
*borgarfulltrúi,*



sem vill á þing til að klára skýr mál Sjálfstæðisflokksins, segir ekkert að því að bjóða upp á betri heilbrigðisþjónustu gegn greiðslu. Ríkið hafi aðeins tök á stífu kerfi sem sé opið frá 9 til 5. Hún tekur ekki undir það að átakastjórnmál henti konum illa. Slíkar fullyrðingar séu niðurlægjandi fyrir konur.

**Guðmundur Guðmundsson**
*þjálfari danska karlalandsliðsins í handbolta*



leiddi liðið til sigurs á Ólympíuleikunum í Ríó. Hann er nú kallaður Gullmundur í Danmörku. Guðmundur var þriðji íslenski handboltaþjálfarinn til að vinna til verðlauna á leikunum. Áður höfðu handboltaþjálfararnir Dagur Sigurðsson og Þórir Hergeirsson unnið brons með liðum sínum, þýska karlalandsliðinu og norska kvennalandsliðinu.

**Ragnheiður Guðmundsdóttir**
*leiðsögumaður*



og leiðsögumaðurinn Ravi Rawat voru gefin saman í Skálholti á þriðjudaginn. Þeim hafði í tvígang verið synjað um leyfi til að gifta sig þar sem Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu tók loks vottorð um stöðu Ravi sem einhleyps manns ekki gilt.

# Aðeins fastráðnir starfsmenn fá heyrnarsíur vegna hávaða

**Sérútbúnar heyrnarsíur eru aðeins smíðaðar fyrir fastráðna flugliða Icelandair. Nýliðar fá ekki síur. Formaður Flugfreyjufélagsins segir um nýlegt verkefni að ræða. Umtalsverðan tíma taki að fá síurnar. Kvartað hefur verið undan hávaða í flugvélum félagsins en engar formlegar kvartanir hafa borist Samgöngustofu.**

**VINNUMARKAÐUR** Fastráðnir flugliðar hjá Icelandair eru einu flugliðar félagsins sem fá sérútbúnar heyrnasíur til að deyfa hávaða um borð í vélunum. Þetta staðfestir Sigríður Ása Harðardóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands. Nýliðar fá ekki heyrnarsíur.

Í vikunni var greint frá auknum veikindum starfsmanna Icelandair og að gripið hefði verið til umfangsmikilla aðgerða vegna málsins. Og Axel F. Sigurðsson, trúnaðarlæknir Icelandair, sagði að verið væri að skoða hvers vegna veikindi hefðu aukist undanfarna mánuði.

Flugliðar hafa greint frá því að mikill munur sé á því að fljúga með nýjustu vél félagsins og eldri vélum flotans. Hávaði um borð í nýjustu vél Icelandair er sagður minni og loftið betra.

Sigríður Ása útskýrir að töluvert ferli fylgi því að fá síurnar, þar sem hver sía er smíðuð sérstaklega í Svíþjóð. Eftir ferlið þarf hver starfsmaður að mæta í mælingu svo hægt sé að mæla hvort vinnuumhverfið skaði í raun heyrn starfsmanna.

„Ástæðan fyrir því að einungis fastráðnir fá síurnar er mikill kostnaður á bak við þetta verkefni, en á meðan unnið er að rannsóknum í tengslum við síurnar er nærtækast að taka þá flugliða sem hafa verið að fljúga til lengri tíma,“ segir hún og bætir við að ástæðan sé sú að heyrnarskemmdir mælist ekki á þeim örfáu mánuðum sem hlutastarfsmaður er við störf.

Sigríður Ása viðurkennir að best væri að nýir starfsmenn sem prófi sig áfram í þessum bransa fengju einnig heyrnarsíur. „En þar sem þetta verkefni er stórt og kostnaðarsamt var ákveðið að fara hægt og rólega í það.“

Sigríður Ása segir einnig að ekki megi gleyma því að allir þeir sem byrja að fljúga finni fyrir því að vinnuumhverfið er allt öðruvísi en á jörðinni. Flugliðar vinni í minna súrefni en hreyfi sig töluvert mikið. Algengt sé að nýir flugliðar geti fundið fyrir vægri flugveiki og vanlíðan.

Kvartanir yfir hávaða um borð í flugvélum flota Icelandair hafa borist flugfélaginu sjálfu. Þórhildur Elín Elínardóttir, upplýsingafulltrúi Samgöngustofu, segir þó engar formlegar kvartanir hafa borist stofnuninni.

**gudrunjona@frettabladid.is**




**Ástæðan fyrir því að einungis fastráðnir fá síurnar er mikill kostnaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Ástæðan fyrir því að einungis fastráðnir fái síurnar er mikill kostnaður á bak við þetta verkefni.**
>
> Sigríður Ása Harðardóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands


LANGTÍMALEIGA

NÚNA ER RÉTTA TÆKIFÆRIÐ
Núna er rétta tækifærið til að gera langtímaleigusamning hjá Átak bílaleigu.
Þeir sem gera langtímasamning til **24 mánaða** eða lengur fyrir **10. september** fá **30% afslátt** af fyrsta mánuðinum og **10.000 kr.** eldsneytisinneign hjá Olís.

INNIFALIÐ Í ÞJÓNUSTUNNI
Bifreiðagjöld • tryggingar • sumardekk • vetrardekk • þjónustuskoðanir dekkjaskipti • olíuskipti • hefðbundið viðhald • 2.000 km á mánuði.

Þú færð alþrif á bílnum einu sinni í mánuði

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • Sími: 554 6040 • atak@atak.is • www.atak.is

30%
30% afsláttur af fyrsta mánuðinum

10 Þús. kr.
10.000 kr. inneign á eldsneyti hjá Olís



átak BÍLALEIGA




Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjórhjóladrif og sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Tucson – verð frá 4.590.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

**Hyundai Tucson** / Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is     OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16







# ÁTTU RÖDD AÐ LJÁ OKKUR?

Karlakór Reykjavíkur ætlar að bæta við sig söngmönnum nú í haust og þá fara fram raddpróf fyrir þá sem hafa áhuga á að slást í hópinn. Við prófum raddsvið og tónheyrn og finnst það kostur ef þú býrð yfir kunnáttu í tónlist og nótnalestri. Það er þó alls ekki skilyrði.
Ef þú hefur áhuga á að koma í raddpróf skaltu senda okkur línu á netfangið kor@kkor.is fyrir 10. september næstkomandi og við höfum samband við þig um hæl. Frekari upplýsingar má fá í síma 856-7229.

**VETRARSTARFIÐ**
Starfsár Karlakórs Reykjavíkur einkennast af tveimur hápunktum. Annars vegar eru það aðventutónleikar í Hallgrímskirkju um miðjan desember, sem alltaf eru vel sóttir enda fastur liður í jólaundirbúningi fjölmargra landsmanna. Eftir áramót hefst undirbúningur fyrir vortónleika í Langholtskirkju sem fara fram í lok apríl. Á þeim tónleikum er uppskera vetrarstarfsins lögð fram og að þeim loknum gleðjast kórmenn og makar þeirra yfir liðnum vetri og fagna vorkomu. Til viðbótar við þessa föstu liði er starfið kryddað með með alls kyns viðburðum á vegum ýmissa aðila.

*Karlakór Reykjavíkur var stofnaður 1926 og hefur starfað samfleytt síðan. Kórinn býður upp á krefjandi og skemmtileg viðfangsefni í tónlist og skemmtilegt félagsstarf í góðum félagsskap. Söngferðir til útlanda eru farnar reglulega auk þess sem byggðir landsins eru heimsóttar til tónleikahalds.*

90
KARLAKÓR REYKJAVÍKUR
1926 - 2016



# Fyrstu heyrnartækin sem taka eðlilegri heyrn fram í háværu umhverfi

Siemens Pure binax eru fyrstu heyrnartæki veraldar sem gera þér kleift að heyra betur en fólk með eðlilega heyrn. Þessi nýju tæki nota háþróaða binaural tækni sem dregur sjálfvirkt fram einmitt það sem þú vilt heyra en síar jafnframt burt eða dempar þau óþarfa hljóð sem þú vilt ekki heyra. Þú getur einnig stefnumiðað hlustunarsviði tækjanna og þannig beint hlustun þinni að einmitt þeirri manneskju sem þú ræðir við hverju sinni. Þannig gera tækin þér auðveldara að halda uppi samræðum í háværu fjölmenni.
Rannsóknir sýna ennfremur að binax tækin greina tal betur í hávaða en fólk með eðlilega heyrn getur. Binax tækin tengjast einnig snjallsímanum þínum svo þú getur stjórnað styrk, hlustunarkerfum og fleiru í gegnum símann.

Komið, prófið og sannfærist!



www.bestsound-technology.is

Siemens heyrnartækin
Söluaðili á Íslandi: Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Háaleitisbraut 1, s:5813855, www.hti.is




Nígerískir hermenn ásamt ungum mönnum sem bjargað var frá Boko Haram-samtökunum fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Börn á hrakningi vegna Boko Haram

**Milljónir eiga um sárt að binda í löndunum fjórum umhverfis Tsjad-vatn vegna ógnarverka Boko Haram-samtakanna undanfarin ár. Hundruð þúsunda barna eiga við vannæringu að stríða. Nær sjötíu börn notuð í sjálfsvígsárásum.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

**NÍGERÍA** Árum saman hafa ofbeldismennirnir í Boko Haram haldið stóru landsvæði í kringum Tsjad-vatn í heljargreipum. Milljónir manna hafa hrakist að heiman eða búa við ógnarstjórn samtakanna.

Alls eru um 2,6 milljónir manna, þar af 1,4 milljónir barna, á vergangi. Til viðbótar er óttast að um 2,2 milljónir manna séu innikróaðar á því svæði þar sem samtökin leika lausum hala. Um helmingur þeirra, rúmlega ein milljón, er á barnsaldri.

Óttast er að á þessu ári muni alvarleg vannæring hrjá um 475 þúsund börn á þessu svæði, og hefur þeim þá fjölgað úr 175 þúsund frá ársbyrjun.

Þetta kemur fram í skýrslu sem UNICEF, barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, sendi frá sér í vikunni.

Í tilkynningu frá UNICEF segir Manuel Fontaine, svæðisstjóri samtakanna í Vestur- og Mið-Afríku, að ástandið á Tsjad-vatnasvæðinu komi svo hart niður á börnum að það ætti að vera ofarlega á verkefnalista þeirra sem sinna málefnum flóttafólks í heiminum.

„Þarfirnar eru orðnar meiri en svo að viðbrögðin hafi undan, ekki síst nú eftir að svæði í norðaustanverðri Nígeríu, sem áður var ekki hægt að komast inn á, eru orðin aðgengileg,“ bætti hann við.



Bawayao er tíu ára. Hana dreymir um að verða kennari. Hún heldur þarna á yngri systur sinni, Aicha. Þær eru í flóttamannabúðum á vegum UNICEF í Garin Wazam í Níger. MYND/UNICEF

**2,6 milljónir manna, þar af 1,4 milljónir barna, eru á vergangi.**

Fjögur lönd eru á vatnasvæði Tsjad-vatns: Nígería, Kamerún, Tsjad og Níger. Vígasveitir Boko Haram hafa haft stór svæði í öllum þessum löndum á sínu valdi, halda þar uppi ógnarstjórn og reyna að þröngva upp á fólk sinni eigin öfgatúlkun á íslam.

Flestir þeirra sem hrakist hafa frá heimilum sínum, eða átta af hverjum tíu, hafa til bráðabirgða fengið inni hjá ættingjum eða nágrönnum. Þetta eykur mjög álag á almenning á þessu svæði, þar sem fátæktin var meiri fyrir en víðast hvar í heiminum.

Þá kemur fram í skýrslunni að það sem af er árinu hafi líklega 38 börn verið notuð til að gera sjálfsvígsárásir í löndunum fjórum. Þar með eru þau orðin 68, börnin sem notuð hafa verið til slíkra árása frá og með árinu 2014.

# VIÐ BREYTUM OG BÆTUM
# Í SMÁRALIND

# ENN MEIRI AFSLÁTTUR
# RÝMINGAR SALA

**40%** AF FATNAÐI,
**40%** AF LEIKFÖNGUM,
**40%** AF BÚSÁHÖLDUM,
**35%** AF MATVÖRU,
**25%** AF RAFTÆKJUM
OG MARGT FLEIRA*

## AÐEINS Í SMÁRALIND
## LAUGARDAG OG SUNNUDAG

*ÖNNUR TILBOÐ GILDA EKKI Á RÝMINGARSÖLUNNI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Ert þú með réttindi?

KYNNINGARFUNDUR 1. SEPTEMBER KL. 17.00

**Raunfærnimat getur hjálpað þér að ljúka iðnnámi.**

**Haldinn verður kynningarfundur um raunfærnimat fimmtudaginn 1. september kl. 17.00 hjá IÐUNNI fræðslusetri, Vatnagörðum 20.**

Raunfærnimati er ætlað að meta þá færni og þekkingu sem þú hefur öðlast í starfi og getur mögulega stytt nám þitt.

**Þær iðn- og starfsgreinar sem verða til mats haustönn 2016 eru:**

Húsasmíði, málaraiðn, múriðn og pípulagnir
Blikksmíði, rennismíði, stálsmíði, vélvirkjun, málmsuða og vélstjórn
Grafísk miðlun

**Inntökuskilyrði í raunfærnimatið:**
23 ára aldur og 3 ára reynsla úr viðkomandi grein (staðfest með opinberum gögnum)

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar, www.idan.is eða í síma 590 6400.

**Allir velkomnir.**



IÐAN 10 ára fræðslusetur
Sími 590 6400
www.idan.is

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

RAUNFÆRNIMAT FRAMHALDS FRÆÐSLA NÁM OG RÁÐGJÖF



# Samfélagsstyrkir Landsbankans

**Landsbankinn veitir 15 milljónir** króna í samfélagsstyrki árið 2016. Umsóknarfrestur er til og með miðvikudeginum 5. október næstkomandi.

**Verkefni sem einkum koma til greina:**
- Verkefni á vegum mannúðarsamtaka og góðgerðarfélaga
- Verkefni á sviði menningar og lista
- Menntamál, rannsóknir og vísindi
- Forvarna- og æskulýðsstarf
- Sértæk útgáfustarfsemi

**Veittir eru styrkir í þremur þrepum:**
- 1.000.000 kr.
- 500.000 kr.
- 250.000 kr.

Umsóknarfrestur vegna samfélagsstyrkja er til og með miðvikudeginum **5. október 2016**. Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á **landsbankinn.is**.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Meðal styrkveitinga úr sjóðnum eru námsstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




## Neyðarástand tekur gildi

Alls eru 267 manns látnir og 400 særðir vegna jarðskjálftans á Ítalíu aðfaranótt miðvikudags. Um þúsund eftirskjálftar hafa orðið.




Heimild: U.S. Geological Survey © GRAPHIC NEWS

# Eftirskjálftar viðhalda ótta

**Neyðarástandi hefur verið lýst yfir á þeim svæðum á Mið-Ítalíu sem verst urðu úti í jarðskjálftanum á miðvikudag. Ítalíustjórn ætlar að verja 50 milljónum evra til enduruppbyggingar á svæðinu.**

**ÍTALÍA** Snemma í gærmorgun kom harður eftirskjálfti, 4,7 stig að stærð, á hamfarasvæðinu á Mið-Ítalíu þar sem björgunarfólk hefur unnið hörðum höndum síðan á miðvikudag.

Skjálftinn á miðvikudag kostaði 268 manns lífið hið minnsta og 400 særðust að auki. Hundruð eftirskjálfta hafa torveldað björgunarstörf og viðhaldið ótta almennings á svæðinu.

Matteo Renzi forsætisráðherra lýsti í gær yfir neyðarástandi á þeim svæðum, sem verst urðu úti. Jafnframt hét hann því að ríkið myndi verja 50 milljónum evra til enduruppbyggingar á svæðinu. Það jafnast á við ríflega 6,5 milljarða króna.

Ítalíustjórn hefur einnig ákveðið að fella niður skatta þeirra sem búa á svæðinu.

Ítalskir fjölmiðlar hafa harðlega gagnrýnt vinnubrögð við byggingar húsa, þar sem staðlar eru sagðir ófullkomnir og reglum auk þess ekki fylgt.

Fullyrt er að sum þeirra húsa, sem hrundu í jarðskjálftanum, hafi verið endurnýjuð fyrir skömmu.

Renzi forsætisráðherra svarar því til að það sé fáránlegt að halda að nokkurn tímann verði hægt að byggja hús á Ítalíu sem myndu standast alla jarðskjálfta.

Sérfræðingar telja að um 70 prósent húsa á Ítalíu standist ekki þær kröfur um jarðskjálftaþol sem gerðar eru í reglugerðum.

Síðan á miðvikudag hefur björgunarfólki tekist að bjarga rúmlega 200 manns á lífi úr rústunum. Ólíklegt þykir að fleiri muni finnast á lífi eftir svo langan tíma.

Fjórir bæir í Appennínafjöllunum urðu verst úti í skjálftanum: Amatrice, Accumoli, Arquata del Tronto og Pescara del Tronto. Þeir eru allir á litlu svæði um það bil 100 til 140 kílómetra norðaustur af Róm.

Flestir þeirra sem létust voru í Amatrice, alls 193. Þar í bæ búa um 2.500 manns.

Jarðskjálftar eru algengir á þessu svæði. Árið 2009 létu meira en 300 manns lífið í bænum L'Aquila, sem er skammt suður af upptökum skjálftans á miðvikudag.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**Þúsundir hermanna, slökkviliðsmanna og hjálparstarfsmanna hafa unnið hörðum höndum að því að leita að fólki í rústunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**268**

**manns fórust í jarðskjálftanum á miðvikudaginn.**

**6,5**

**milljörðum verður varið í enduruppbygginguna.**

**» Árið 2009 létu meira en 300 manns lífið í bænum L'Aquila.**




# Íslenskar aðstæður eru okkar kjöraðstæður

## 4MATIC jeppasýning í dag kl. 12–16

4MATIC fjórhjóladrifið er fullkomið fyrir íslenskar aðstæður og tryggir öryggi í akstri. Allir bílar frá Mercedes-Benz fást með 4MATIC fjórhjóladrifinu, bæði jeppar og fólksbílar.

Í dag sýnum við jeppalínuna. Við vekjum sérstaka athygli á GLC og GLE, sem fást í PLUG-IN HYBRID útfærslum, og nýjum Mercedes-Benz GLS. G-Class fjallagarpar verða einnig til sýnis.

Í tilefni sýningarinnar verður 20% afsláttur af öllum Mercedes-Benz aukahlutum, 25% afsláttur af rúðuþurrkum, frí ásetning og áfylling á rúðuvökva.

Komdu á Krókhálsinn í dag og reynsluaktu 4MATIC jeppum.

Mercedes-Benz

The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook

**Byggingarréttur á besta stað!**

Til sölu 2.630 fm lóð með byggingarrétti á allt að 58 íbúðum og eftirsóttu verslunarhúsnæði. Lóðin er afar vel staðsett miðsvæðis og með glæsilegt útsýni yfir Nauthólsvíkina og Fossvogsdalinn. Lóðin er þegar byggingarhæf.



Nánari upplýsingar veitir:
einar@fastlog.is
www.fastlog.is

Einar Hannesson
fasteignasali - lögmaður



Kröfuganga sænska arms Norrænu mótstöðuhreyfingarinnar í Stokkhólmi, höfuðborg Svíþjóðar, á þjóðhátíðardaginn 6. júní árið 2007. MYND/PETER ISOTALO

# Ísland bara fyrir fólk úr Norður-Evrópu

**Norræna mótstöðuhreyfingin reynir að festa rætur á Íslandi. Vill flytja fólk sem ekki er af norður-evrópskum uppruna úr landi. Hyggur ekki á þingframboð en auglýsir eftir þátttakendum fyrir störf utan þings.**



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** „Þetta er eina leiðin til þess að fólk okkar lifi af þegar litið er til langs tíma,“ segir í nafnlausu svari Norrænu mótstöðuhreyfingarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins. Hreyfingin er samnorræn og starfar í Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Danmörku. Hún segist þó vera að koma sér fyrir hér á landi.

Hreyfingin vakti athygli hér á landi um síðustu mánaðamót og fjallaði Ríkisútvarpið um að hún hefði dreift blöðum á heimili fólks þar sem auglýst var eftir „frelsishetjum“. Í viðtali við RÚV um mánaðamótin kallaði stjórnmálafræðingurinn Eiríkur Bergmann hana nýnasistahreyfingu. Einnig var greint frá því að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ætlaði að fylgjast með framgangi hreyfingarinnar.

> **Hreyfingin vill stuðla að brottflutningi meirihluta fólks sem ekki er af norður-Evrópskum uppruna.**

Fréttablaðið fann ekki upplýsingar á vef hreyfingarinnar um meðlimi hennar. Aðspurð hversu margir væru í Norrænu mótstöðuhreyfingunni var svarað: „Við höfum ákveðna öryggisstefnu og kjósum að svara ekki þessari spurningu um fjölda meðlima. Við erum vaxandi samtök og munum vaxa enn meira meðan pólitíkusar munu gera okkar fólki erfiðara fyrir.“

Stefna hreyfingarinnar er ekki sett á þingkosningar. Það er þó ekki útilokað en hreyfingin segist ekki pólitískur flokkur. „Við erum breið samtök sem störfum aðallega utan þings. Framtíðin mun aðeins svara því hvort eða hvenær við munum reka kosningaherferð á Íslandi,“ segir í svarinu.

Á vefsíðu hreyfingarinnar má finna stefnu hennar og gildi. Stefnt er að því að umbylta samfélaginu undir merkjum þjóðernisfélagshyggju. „Við erum borgaraleg og lögleg stjórnarandstöðuhreyfing. Norræna mótstöðuhreyfingi er ekki einhvers konar net af vinum eða hugmyndasmiðja sem heldur uppi umræðum. Við erum vel skipulögð samtök með innri valdauppbyggingu, leiðtogastöður og vel skilgreindar hugsjónir og skuldbindingar,“ segir á vefsíðunni.

Þá er það einnig vilji hreyfingarinnar að stöðva innflutning á fólki til landsins og stuðla að brottflutningi meirihluta fólks sem er ekki af norður-evrópskum uppruna. Skapa á norrænt samfélag með sameiginlegum her og taka upp herskyldu.

Eins og áður kom fram hefur hreyfingin verið bendluð við nýnasisma. Í grein sinni „Hugtakið nasisti“ skrifar Pär Öberg, talsmaður sænska hluta hreyfingarinnar, um að það sé ekki rétt. Sjálfir hafi nasistar í seinni heimsstyrjöld aldrei kallað sig því nafni.

Þar að auki ætti að kalla hugmyndafræði Norrænu mótstöðuhreyfingarinnar sínu rétta nafni, þjóðernisfélagshyggju. Hafa ber þó í huga að þjóðernisfélagshyggja myndi útleggjast á þýsku sem Nationalsozialismus, orðið sem stytt var í Nazismus á þýsku og þaðan þýtt í nasismi.

**thorgnyr@frettabladid.is**

## Úr stefnuskrá Norrænu mótstöðuhreyfingarinnar

- Með öllum ráðum vinna að því að taka völdin af alþjóðlegum Síonistum sem með valdi eða fjármunum stjórna stórum hluta þessa heims.
- Skapa sjálfbært norrænt samfélag með sameiginlegum her, sameiginlegum gjaldmiðli og miðstýrðum banka, einnig sameiginlegum landslögum. Þátttöku í Evrópusambandinu og öðrum óvinveittum samtökum verður þegar í stað hætt.
- Norrænir fjölmiðlar skulu vera í eigu ríkisborgara hins nýja Norðurs. Innlendir sem erlendir fjölmiðlar sem vinna gegn norrænu fólki verða bannaðir.
- Skapa samfélag þjóðernisfélagshyggjumanna þar sem skipting auðlinda verður gerð með alla ríkisborgara í huga – hina sterku sem og hina veiku.
- Taka upp herskyldu og stækka herinn. Allir sem hafa lokið norrænni herskyldu munu halda vopnum sínum og búnaði. Hver borgari á að vera tilbúinn að hjálpa til við að verja þjóðina gegn innlendum sem og erlendum óvinum.
- Skapa ríki byggt á réttlæti og heiðarleika þar sem allir borgarar eru jafnir fyrir lögum.

**Sjóðfélagafundur um sameiningarmál**

Sameinaði lífeyrissjóðurinn boðar til sjóðfélagafundar, til þess að kynna fyrirhugaða sameiningu við Stafi lífeyrissjóð, þriðjudaginn 30. ágúst 2016 kl. 17 á Grand Hóteli Reykjavík.

Allir sjóðfélagar velkomnir!

**Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins**

Sameinaði lífeyrissjóðurinn

**Aflareynsla eða uppboð?**

Hagfræðideild Háskóla Íslands ásamt RSE, RNH og samstarfsaðilum efna til ráðstefnu mánudaginn 29. ágúst um tvær úthlutunaraðferðir á aflaheimildum: upphaflega eftir aflareynslu, en síðan með viðskiptum á markaði EÐA með opinberu uppboði, svo að arður renni í ríkissjóð. Fyrirlestra flytja prófessor Gary Libecap, einn kunnasti auðlindahagfræðingur heims, og Ragnar Árnason, prófessor í fiskihagfræði og ráðgjafi Alþjóðabankans um auðlindanýtingu.

Á eftir fyrirlestrum þeirra verða pallborðsumræður, sem dr. Birgir Þór Runólfsson hagfræðidósent stjórnar, með prófessor Charles Plott, sérfræðingi í tilraunahagfræði, þar á meðal í uppboðum, Helga Áss Grétarssyni, lögfræðidósent og sérfræðingi um auðlindarétt, dr. Tryggva Þór Herbertssyni, hagfræðingi og fyrrv. alþingismanni, og prófessor Hannesi H. Gissurarsyni, sem nýlega gaf út bókina *The Icelandic Fisheries: Sustainable and Profitable*.

**Fundarsalur Þjóðminjasafnsins kl. 14–17.**
**Ráðstefnan fer fram á ensku.**
**Aðgangur ókeypis – allir velkomnir.**





RNH RSE AECR Alliance of European Conservatives and Reformists




VITARA

Suzuki Vitara er einstaklega sparneytinn, fjórhjóladrifinn sportjeppi með frábæra aksturseiginleika.
Suzuki Vitara er með rúmbetri jeppum í sínum stærðarflokki og er hlaðinn tæknibúnaði.
Sjón er sögu ríkari, komdu og reynsluaktu, þú verður ekki fyrir vonbrigðum.

KOMDU OG PRÓFAÐU HANN!

ALLGRIP

4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Enn aftarlega á biðlista eftir að hann lést

**Umræða um lyfið fentanýl komst í hámæli eftir að ungur maður lést um síðustu helgi og annar missti meðvitund. Móðir manns sem lést vegna misnotkunar lyfsins árið 2013 segir Vog hafa brugðist. Lögregla og landlæknir hafa áhyggjur af misnotkun.**

Nadine Guðrún Yaghi
nadine@frettabladid.is



Hann var stóra ástin í mínu lífi og einkasonur minn," segir Guðný Rannveig Reynisdóttir en sonur hennar lést árið 2013 tuttugu og sjö ára gamall vegna misnotkunar á morfínplástri. Hann leysti plásturinn upp og sprautaði sig með upplausninni á meðferðarheimilinu Hallgerðarkoti í nóvember það ár og lést stuttu síðar.

Lyfið fentanýl, morfínskylt líf sem selt er í plástursformi, hefur verið mikið í umræðunni hér á landi en komst í hámæli eftir að ungur maður lést um síðustu helgi og annar missti meðvitund. Grunur leikur á að lyfið hafi komið við sögu í báðum tilvikum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú málið.

Mennirnir, sem eru fæddir árið 1990 og árið 1992, þekktust og höfðu verið á skemmtistað í miðbæ Reykjavíkur með félögum sínum um kvöldið. Annar missti meðvitund í porti í miðbænum og hinn lést skömmu síðar á heimili sínu.

**Beið eftir því að komast á Vog**

Guðný útskýrir að hún hafi sett sig í samband við landlæknisembættið eftir fráfall sonar síns. Hún hafi bent þeim á að sonur hennar hafi misnotað plásturinn og að hún vissi um fleiri í sömu sporum. „Drengurinn sem eitt sinn seldi syni mínum svona skammt dó nokkrum mánuðum eftir að sonur minn lést. Ég skil ekki af hverju embættið kemst ekki að því hvaða læknar það eru sem gefa fólki lyfið sem þarf ekki á því að halda," segir hún.

Sonur Guðnýjar hafði verið lengi í neyslu. Hann lést í nóvembermánuði en þá var hann að bíða eftir því að komast inn á Vog. „Hann hafði verið inni á Vogi í maí þetta árið og stungið af úr meðferðinni. Það þýddi að þegar hann sótti aftur um í september tveimur mánuðum áður en hann lést settu þau hann aftast á biðlistann," segir Guðný, sem ítrekað hringdi á Vog og bað um pláss fyrir son sinn sem sjálfur vildi fara inn og leita sér hjálpar. Hún segist hafa hringt þrisvar til fjórum sinnum í viku í langan tíma og reynt að hafa samband við yfirstjórnendur en ekkert gekk. „Þau setja hann aftast í röðina því hann hafði verið óþekkur í meðferð nokkrum mánuðum áður."

> Þá fær hún þau svör að hann sé enn aftarlega á listanum. Hún segir þeim að það sé um seinan enda sé hann dáinn.
>
> Guðný Rannveig Reynisdóttir



Eftir að sonur Guðnýjar deyr í nóvember þá hafði dóttir hennar samband við Vog og spyr hvar bróðir hennar sé staddur á biðlistanum. „Þá fær hún þau svör að hann sé enn aftarlega á listanum. Hún segir þeim að það sé um seinan enda sé hann dáinn," segir Guðný og útskýrir að fjölskyldan sé virkilega ósátt við einkarekna meðferðarheimilið.

Hún vill brýna fyrir þeim einstaklingum sem eru að misnota fentanýl eða önnur morfínskyld lyf að hugsa sig tvisvar um. „Þetta er stórhættulegt. Reynið að hugsa hvað þið eruð að gera ykkur og öllum þeim sem elska ykkur. Það er alltaf fjölskylda í kringum fíkilinn. Nú er til dæmis lítill drengur sem er föðurlaus en sonur minn átti hann."

Hún útskýrir að eftir andlát sonar síns hafi það verið rannsakað hvernig hann varð sér úti um plásturinn. Ekki hafi þó tekist að finna út úr því.




Rapparinn Gísli Pálmi Sigurðsson beitti skyndihjálp á vin sinn í porti við spilastofuna Fredda í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

**Staðreyndir um fentanýl**

**50** sinnum sterkara en heróín.

**100** sinnum sterkara en morfín.

Lyfið er rótsterkt og fljótt að virka.

**2** dauðsföll á Íslandi í ár má rekja til notkunar fentanýls.

Þúsundir hafa látist vegna misnotkunar lyfsins í heiminum.

Árið 2015 skrifuðu læknar í Bandaríkjunum upp á 6,64 milljónir lyfseðla fyrir Fentanyl.

Árið 2015 fengu 523 einstaklingar ávísað fentanýli á Íslandi.

# Lyfið fentalnýl líka selt á Facebook

Fentanýl er rótsterkt lyfseðlisskylt verkjalyf en misnotkun þess hefur færst í aukana undanfarið og þá sérstaklega í Bandaríkjunum þar sem rekja má tugi dauðsfalla til notkunar lyfsins síðustu mánuði.

Á Íslandi má rekja tvö dauðsföll í ár til lyfsins að frátöldu atviki um síðustu helgi ef í ljós kemur að lyfið var raunverulega dánarorsökin.

**Miklu sterkara en heróín**

Lyfið er hundrað sinnum sterkara en morfín og fimmtíu sinnum sterkara en heróín. Lyfið hefur slævandi áhrif og er ávanabindandi. Lyfið er í plástursformi en er einnig til í töfluformi, nefúða og kristöllum. Þegar lyfið er misnotað er það reykt með efnum á borð við marijúana eða að því er sprautað í æð.

Lyfið er ætlað fólki sem glímir við langvinna verki og er til að mynda notað af krabbameinssjúklingum við miklum verkjum, sem og í líknandi meðferð. Lyfinu fylgja hættulegar aukaverkanir og sérstaklega ef áfengis er neytt samhliða. Þá getur það hamlað því mikið að súrefni komist til heila. Ef of stór skammtur er tekinn hættir einstaklingurinn að anda og fer þar af leiðandi í hjartastopp.

> Tollurinn finnur alls konar efni. Við höfum ekki upplýsingar um að það séu að finnast læknalyf í þessu magni sem gæti skýrt þetta framboð.
>
> Ólafur B. Einarsson, verkefnastjóri lyfjamála hjá embætti landlæknis



Samkvæmt upplýsingum frá embætti landlæknis á notkun lyfsins eingöngu að vera stýrt af lækni. Embættið hefur áhyggjur af misnotkun lyfsins hér landi. „Ef andlát þessa unga manns um helgina má rekja til eitrunar af völdum verkjalyfja þá er það alls ekki einsdæmi heldur eitt af mörgum dauðsföllum sem við sjáum þar sem ungir einstaklingar deyja vegna misnotkunar ávanabindandi lyfja," segir Ólafur B. Einarsson, verkefnastjóri lyfjamála hjá embættinu.

Árið 2015 fengu 523 einstaklingar ávísað fentanýli á Íslandi en allir voru þeir að glíma við langvarandi eða erfiða verki. „Til samanburðar fengu rúmlega 24.000 einstaklingar ávísað parkódín forte á sama tíma," segir Ólafur.

Af einstökum morfínlyfjum sem eru misnotuð má nefna Contalgin, Oxycontin, Ketogan, Tramadol, Buprenorfin og fentanýl. Þessi lyf virka mismunandi á ópíóða viðtaka í heila ásamt því að líkaminn meðhöndlar þau á mismunandi hátt. Verkunin er því mismunandi milli lyfja og getur þar að auki verið mismunandi eftir einstaklingum. „Að einstaklingar séu að taka þessi lyf sjálfir og jafnvel á annan hátt en til er ætlast er stórhættulegt og bendir til þess að þeir viti ekki um hættuna," segir Ólafur.

**Hvernig kemst lyfið í umferð?**

„Einhver hópur fólks gerir sér upp veikindi til að fá ávísað ávanabindandi lyfjum og kemur lyfjunum í sölu. Við höfum heyrt um alls konar leiðir en flestar ábendingar sem við höfum fengið eru um einstaklinga sem selja á Facebook. Við höfum líka heyrt um einstaklinga sem selja lyf annarra og þá frá nokkrum sjúklingum. Þegar grunur er um misnotkun lyfja þá reyna læknar að fylgjast með því hvort viðkomandi sjúklingur sé í raun og veru að taka inn lyfið en það getur verið erfitt að sannreyna að svo sé," segir Ólafur.

Þannig telur hann að ávanabindandi lyf sem fari í ólöglega sölu séu lyf af markaði hér á landi „Tollurinn finnur alls konar efni. Við höfum ekki upplýsingar um að það séu að finnast læknalyf í þessu magni sem gæti skýrt þetta framboð," segir hann.

Ólafur útskýrir að Ísland hafi verið hæst í ávísunum á sterkum verkjalyfjum og fleiri lyfjum af öllum Norðurlöndunum árið 2013. Nýjar tölur fyrir ópíóða bendi til þess að notkun sé enn að aukast.

„Þessar tölur og samanburður við útlönd benda til þess að það þurfi að taka ávísanir margra ávanabindandi lyfja til endurskoðunar, sérstaklega í ljósi þess ástands sem virðist vera á fíkniefnamarkaði hér á landi þar sem lyfseðilsskyld lyf leika lykilhlutverk," segir Ólafur.

Runólfur tekur undir með Ólafi og segir að lyfið komist í sölu á svörtum markaði í gegnum einstaklinga sem fá lyfinu ávísað frá lækni. Þó sé eitthvað um að lyfinu sé smyglað til landsins. „Þetta eru bæði plástrar sem er verið að ávísa hér á landi en svo erum við líka að heyra að þetta komi erlendis frá en þá í kristallaformi," segir Runólfur og bætir við að lögreglan hafi þó ekki náð haldi á lyfjum sem komi þannig.

Bæði Ólafur og Runólfur telja að lyfið hafi gengið kaupum og sölum á samfélagsmiðlinum Facebook. „Hluti af þessum síðum sem við lokuðum fyrir skömmu síðan var með læknadóp," segir Runólfur.

**Slær mann alveg út**

Í grein The New York Times um lyfið lýsir 46 ára fíkill áhrifum fentanýls. „Maður getur ekki hreyft sig. Þegar maður sprautar sig með fentanýli finnur maður áhrifin áður en maður hefur klárað að sprauta sig," sagði fíkillinn og bætti við: „Þetta slær mann alveg út."

**Vinsælt að krossa**

Viðmælendur Fréttablaðsins sem þekkja til í heimi fíkniefnanna útskýra að það sé vinsælt að „krossa". Þá séu notuð saman örvandi lyf og sljóvgandi lyf á borð við fentanýl.

„Þetta er þekkt í þessum heimi. Mjög margir sem eru langt leiddir nota bæði saman. Örvandi lyf eru til dæmis kókaín eða amfetamín," segir Runólfur.

Sjóðfélagafundur um sameiningarmál

Stafir lífeyrissjóður boðar til sjóðfélagafundar, til þess að kynna fyrirhugaða sameiningu við Sameinaða lífeyrissjóðinn, þriðjudaginn 30. ágúst 2016 kl. 17 á Grand Hóteli Reykjavík.

Allir sjóðfélagar velkomnir!

Stjórn Stafa lífeyrissjóðs

STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR

# Bakhjarl í erlendum fjárfestingum

**Nú stefnir í að frekari skref** verði stigin til afléttingar á höftum. Af því tilefni hefur Landsbankinn stillt fram úrvali erlendra fjárfestingarkosta sem viðskiptavinir munu hafa aðgang að. Kynntu þér fjölbreytt úrval fjárfestingarkosta Landsbankans.

## Verðbréfamiðlun og vörsluþjónusta

Hjá Markaðsviðskiptum Landsbankans er m.a. hægt að eiga viðskipti með hlutabréf, skuldabréf og kauphallarsjóði (ETF) á öllum helstu mörkuðum heims. Við bjóðum einnig vörsluþjónustu á hlutabréfum, skuldabréfum og sjóðum.

## Fjölbreytt úrval sjóða

Landsbankinn er í samstarfi við þekkt erlend sjóðafyrirtæki á borð við Black Rock, Carnegie Funds, T. Rowe Price Funds og UBS sem bjóða upp á ótal kosti sem henta ólíkum markmiðum.

## Landsbréf – Nordic 40*

Nordic 40 er vísitölusjóður sem rekinn er af Landsbréfum og hefur að markmiði að ná góðri ávöxtun og dreifingu áhættu með því að fjárfesta í þeim félögum sem mynda norrænu hlutabréfavísitöluna OMXN40.

## Landsbréf – Global Equity Fund*

Global Equity Fund er sjóðasjóður á vegum Landsbréfa sem hefur að markmiði að ná góðri ávöxtun og dreifingu áhættu með því að fjárfesta í alþjóðlegum verðbréfasjóðum, kauphallarsjóðum og stökum hlutabréfum.

Nánari upplýsingar má fá hjá Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf í síma 410 4040 eða með pósti á verdbrefaradgjof@landsbankinn.is.

**Fyrirvari:** Auglýsingin felur ekki í sér persónulega fjárfestingarráðgjöf samkvæmt lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, og hefur Landsbankinn ekki metið hvort kaup á viðkomandi fjármálagerningum sé viðeigandi fyrir viðskiptavin. Viðskiptavinir eru því hvattir til að gera sjálfstæða könnun á þeim upplýsingum sem ákvörðun þeirra um fjárfestingu byggir á og leita óháðrar ráðgjafar þar um, þ.m.t. um skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestinguna og/eða um það hvort gjaldeyrishöft snerti fyrirhugaða fjárfestingu að einhverju leyti. Viðskiptavinir bera ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sínum. Viðskipti með fjármálagerninga geta verið mjög áhættusöm og ávöxtun í fortíð gefur enga vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Fjárfestingum í fjármálagerningum sem skráðir eru í erlendri mynt fylgir að jafnaði gjaldeyrisáhætta, þar sem gengi einstakra gjaldmiðla getur sveiflast verulega. Verði breytingar á gengi óhagstæðar getur það leitt af sér fjárhagslegt tjón fyrir fjárfesti. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga sem aðgengileg er í útibúum Landsbankans og á vef bankans: www.landsbankinn.is/mifid. **Vakin er athygli á að samkvæmt 13. gr. e. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál er fjárfesting í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum eða öðrum framseljanlegum fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri óheimil. Þó er aðilum sem fjárfest hafa í slíkum fjármálagerningum fyrir 28. nóvember 2008 heimilt að endurfjárfesta að uppfylltum tilteknum skilyrðum.**

*Allar upplýsingar um sjóðinn, þ.m.t. lykilupplýsingar, útboðslýsingu og reglur hans, má nálgast á landsbankinn.is/sjodir.

LANDSBRÉF

# OKKAR KÓPAVOGUR

*Taktu þátt!*




## KÁRSNES

- Skúlptúr af kópi í fjörunni – **7 m.kr.**
  *Gerð stytta af selkópi og henni komið fyrir í fjörunni*
- Þrektæki við Fossvog – **6 m.kr.**
  *Þrektæki til líkamsræktar*
- Ávaxtatré og berjarunnar við Stelluróló (Hlégerðisgarð) – **2 m.kr.**
  *Gróðursett verði ávaxtatré og berjarunnar á svæðinu*
- Aparóla o.fl. leiktæki á Rútstúni – **8 m.kr.**
  *Sett verði upp aparóla o.fl. leiktæki*
- Endurgerð lóðar Kársnesskóla – **20 m.kr.**
  *Gert nýtt leiksvæði næst Skólagerði*
- Bætt aðstaða við smábátahöfnina – **5 m.kr.**
  *Bætt aðstaða við smábátahöfnina, Kársneshöfn*
- Vatnspóstar við Kársnesstíg – **3 m.kr.**
  *Settir upp tveir vatnspóstar við áningarstaði*
- Göngu- og hjólabrú við Fossvog tvöfölduð – **9 m.kr.**
  *Gangandi og hjólandi umferð aðgreind*
- Fjölgun og endurnýjun rusladalla – **5 m.kr.**
  *Allir rusladallar á Kársnesi endurnýjaðir og þeim fjölgað*
- Hundagerði við Fossvog – **5 m.kr.**
  *Afgirt hundagerði austan við Hafnarbraut 20*
- Gangbrautir á Kópavogsbraut og Kársnesbraut – **2 m.kr.**
  *Settar fjórar gangbrautir við gatnamótin*
- Endurbætur við Stelluróló (Hlégerðisgarð) – **9 m.kr.**
  *Sparkvöllur lagaður, gert dvalarsvæði með grillaðstöðu o.fl.*
- Hugmyndasamkeppni um nýtingu Vallargerðisvallar – **5 m.kr.**
  *Efnt verði til hugmyndasamkeppni til að fá heildarmynd af svæðinu*
- Hljóðvarnargirðing við Hafnarfjarðarveg – **20 m.kr.**
  *Hljóðvarnargirðing á brúna yfir Kársnesbraut*
- Bætt umferðaröryggi við Sæbólsbraut og Kársnesbraut – **4 m.kr.**
  *M.a. gangbrautir á Sæbólsbraut og hjólandi umferð beint yfir Kársnesbraut*
- Frisbígolfvöllur á Rútstúni – **3 m.kr.**
  *Settur verði upp frisbígolfvöllur á Rútstúni*
- Endurbætur á útikennslusvæði – **2 m.kr.**
  *Bætt aðstaða og aukinn gróður í Ævintýraskóginum*
- Teygjutæki og hjólagrindur við Sundlaug Kópavogs – **5 m.kr.**
  *Teygjutæki og endurnýjaðar hjólagrindur*
- Hugmyndasamkeppni um fjölskyldugarð við Gerðarsafn – **5 m.kr.**
  *Efnt verði til hugmyndasamkeppni til að fá heildarmynd af svæðinu*
- Bætt lýsing við leikskólann Marbakka – **2 m.kr.**
  *Lýsing við bílastæði leikskólans verði aukin og á stígum í nágrenninu*

## SMÁRINN

- Leiksvæði milli Grófarsmára og Bakkasmára – **5 m.kr.**
  *Opið leiksvæði endurnýjað*
- Vistgata milli Lindasmára og Lautasmára – **1 m.kr.**
  *Leiðir gangandi og akandi vegfarenda aðgreindar*
- Frisbígolf í Kópavogsdal – **3 m.kr.**
  *Settur verði upp frisbígolfvöllur austan við skátaheimili*
- Kryddjurtagarður við Lautasmára – **3 m.kr.**
  *Útbúinn kryddjurtagarður á opnu svæði/leiksvæði við Lautasmára*
- Gangstéttagerð sunnan Smáralindar – **5 m.kr.**
  *Gerðar gangstéttar þar sem vantar*
- Hjólagrindur við íþróttasvæðin í Kópavogsdal – **3 m.kr.**
  *Settar verði upp hjólagrindur við Kópavogsvöll, Fífuna og Smárann*
- Útilistaverk nálægt Smáratorgi – **10 m.kr.**
  *Sett verði upp útilistaverk við gatnamót Dalvegar og Digranesvegar*
- Hraðagátljós við Dalsmára – **1 m.kr.**
  *Sett verði upp hraðagátljós í austurhluta Dalsmára*
- Útsýnisstaður á Nónhæð – **1 m.kr.**
  *Gerður útsýnisstaður á opnu svæði, nærri Brekkusmára*
- Hugmyndasamkeppni um nýtingu Smárahvammsvallar og nágr. – **5 m.kr.**
  *Hugmyndasamkeppni til að fá heildarmynd af svæðinu norðan Dalsmára*
- Gervigrassparkvöllur (battavöllur) á lóð Smáraskóla – **16 m.kr.**
  *Gerður gervigrassparkvöllur (battavöllur) við skólann*
- Bætt lýsing á stígum í Kópavogsdal – **5 m.kr.**
  *Aukin lýsing á stígum í vesturhluta dalsins*
- Aukið umferðaröryggi í nágrenni Smáraskóla – **4 m.kr.**
  *Bætt lýsing við gangbraut og gönguleið, sett upp hraðagátljós*
- Gangbraut á Dalsmára – **1 m.kr.**
  *Gerð upphækkuð gangbraut milli Sporthússins og Lindasmára*
- Endurbætur á lóð Smáraskóla – **12 m.kr.**
  *Endurbætur á norðanverðri lóð og fjölgun leiktækja*
- Gróðursetning í Kópavogsdal – **1 m.kr.**
  *Gróðursett tré og runnar við stíg norðan Lækjasmára*
- Bætt aðstaða við tjörnina í Kópavogsdal – **3 m.kr.**
  *Sett upp leiktæki og aðstaða til að borða nesti*
- Hljóðvarnargirðing við tjörnina í Kópavogsdal – **6 m.kr.**
  *Hljóðvarnargirðing við Hafnarfjarðarveg til að minnka umferðarhávaða*
- Göngustígur milli Smáraskóla og Arnarsmára – **1 m.kr.**
  *Settur upp umferðarspegill við undirgöng, ýmsar smálagfæringar*
- Þrektæki í Kópavogsdal – **6 m.kr.**
  *Sett upp þrektæki við tjörnina*



# RAFRÆN KOSNING

## 25. ÁGÚST–4. SEPT. 2016

## www.kopavogur.is/okkarkopavogur




### DIGRANES

- Göngu- og hjólastígur austan Engihjalla **– 17 m.kr.**
  *Tenging stíga frá bensínstöðinni við Stórahjalla niður á Dalveg*
- Strandblaksvöllur í Fagralundi **– 6 m.kr.**
  *Bætt aðstaða við strandblaksvöll í Fossvogsdal*
- Körfuboltavöllur við Snælandsskóla **– 12 m.kr.**
  *Gerður körfuboltavöllur*
- Tröppustígur milli Selbrekku og Lundarbrekku **– 5 m.kr.**
  *Endurnýjun tröppustígs og sett upp lýsing*
- Þrektæki í Fossvogsdal **– 6 m.kr.**
  *Sett upp þrektæki við leiksvæði neðan Reynigrundar*
- Bætt aðstaða í Hlíðargarði **– 4 m.kr.**
  *Sett upp borð með bekkjum og leiktæki*
- Gróðursetning í Fossvogsdal **– 10 m.kr.**
  *Gróðursett í „yndisskóg" neðan Kjarrhólma*
- Þrektæki í Kópavogsdal **– 6 m.kr.**
  *Sett upp þrektæki við „Himnastigann" (tröppustíg)*
- Leiksvæði og sparkvöllur við Reynihvamm **– 12 m.kr.**
  *Endurnýjað leiksvæði og sparkvöllur með gervigrasi*
- Útsýnisstaður í Kjarrhólma **– 3 m.kr.**
  *Gerður útsýnisstaður með bekkjum og skilti með fjallanöfnum*
- Fegrun umhverfis í Hamraborg og nágrenni **– 7 m.kr.**
  *Fegrun umhverfis með gróðri, bekkjum, hjólagrindum o.fl.*
- Vatnspóstar í Kópavogsdal **– 4 m.kr.**
  *Settir upp vatnspóstar á þremur stöðum*
- Bætt göngutenging við gangbrautarljós á Álfhólsvegi/Skólatröð **– 6 m.kr.**
  *Settur rampur sem bætir aðgengi, t.d. með hjól og vagna*
- Skólahreystibraut við Álfhólsskóla – Digranes **– 10 m.kr.**
  *Sett upp skólahreystibraut*
- Gervigrassparkvöllur (battavöllur) við Snælandsskóla **– 15 m.kr.**
  *Gerður gervigrassparkvöllur (battavöllur)*
- Bætt umferðaröryggi við leikskólann Kópahvol **– 4 m.kr.**
  *Gerðar gangstéttar og lýsing aukin við bílastæði*
- Leik- og dvalarsvæði í Fossvogsdal **– 11 m.kr.**
  *Dvalarsvæði með grillaðstöðu, leiksvæði með aparólu o.fl.*
- Hraðagátljós við Álfhólsveg **– 3 m.kr.**
  *Sett upp tvö hraðagátljós við Álfhólsskóla*
- Körfuboltavöllur neðan við Engihjalla **– 14 m.kr.**
  *Gerður körfuboltavöllur á opnu svæði*
- Hjólaskýli á Hálsatorgi **– 10 m.kr.**
  *Sett upp tvö hjólaskýli*

### LINDIR OG SALIR

- Gróðursetning í Salahverfi **– 10 m.kr.**
  *Gróðursett tré og runnar á opnu svæði ofan við Salaskóla*
- Sundlaugin Versölum (Salalaug) **– 15 m.kr.**
  *Bætt aðstaða fyrir börn*
- Þrektæki í Lindahverfi **– 6 m.kr.**
  *Sett upp þrektæki við stíg á Selhrygg*
- Stígur milli kirkjugarðs og Salavegar, undir Fífuhvammsveg **– 14 m.kr.**
  *Stígur malbikaður og sett upp lýsing*
- Bætt lýsing við göngustíga í Lindahverfi **– 4 m.kr.**
  *Aukin lýsing við göngustíga milli Lindaskóla og Hlíðardalsvegar*
- Gróðursetning við Roðasali og Skjólsali **– 5 m.kr.**
  *Gróðursett tré og runnar í mön við Arnarnesveg*
- Bættar göngustígatengingar í Lindahverfi **– 1 m.kr.**
  *Bættar tengingar í enda Háulindar og Húsalindar*
- Bætt leikaðstaða í leikskólanum Fífusölum **– 3 m.kr.**
  *Settar verði upp tvær ungbarnarólur o.fl. leiktæki*
- Aukið umferðaröryggi á Salavegi **– 5 m.kr.**
  *Sett upp tvö hraðagátljós, þrengingar o.fl.*
- Endurbætur á lóð Salaskóla **– 15 m.kr.**
  *Endurbættur elsti hluti lóðar og leiktækja*
- Áningarstaður á opnu svæði við Rjúpnasali **– 4 m.kr.**
  *Gerður áningarstaður með bekkjum, trjálundum og berjarunnum*
- Lagað umhverfi við Hádegishóla **– 2 m.kr.**
  *Lagaður göngustígur og umhverfi við Búddastúpu*
- Hundagerði í Lindahverfi **– 4 m.kr.**
  *Gert afgirt hundagerði á opnu svæði við Hlíðardalsveg*
- Hlaupabraut við íþróttamiðstöðina Versali **– 5 m.kr.**
  *Gerð 1 m breið hlaupabraut með mjúku undirlagi*
- Körfuboltavöllur við Salaskóla **– 8 m.kr.**
  *Körfuboltavöllur uppfærður með nýjum körfum og undirlagi*
- Aparóla við Salaskóla **– 4 m.kr.**
  *Sett upp aparóla á suðurhluta skólalóðarinnar*
- Boltavöllur í Salahverfi **– 8 m.kr.**
  *Gerður afgirtur boltavöllur milli Lómasala og Hlynsala*
- Klifurveggur við Salaskóla **– 10 m.kr.**
  *Gerður klifurveggur við leiksvæði austan skólans*
- Skilti með göngu- og hlaupaleiðum **– 2 m.kr.**
  *Skilti með göngu- og hlaupaleiðum á þremur stöðum í Linda- og Salahverfi*
- Sparkvöllur í Lindahverfi **– 9 m.kr.**
  *Sett gervigras á núverandi malarsparkvöll*

### VATNSENDI

- Leiksvæði í Rjúpnahæð **– 7 m.kr.**
  *Leiksvæði á opnu svæði milli Akrakórs og Almannakórs*
- Lýsing á stíg við Kórinn **– 3 m.kr.**
  *Sett upp lýsing við stíg milli Tröllakórs og Vallakórs*
- Þrektæki í Rjúpnahæð **– 6 m.kr.**
  *Þrektæki við leiksvæði og stíg neðan Álmakórs*
- Leiksvæði í Þingum **– 7 m.kr.**
  *Leiksvæði á opnu svæði milli Fróðaþings, Ásaþings og Engjaþings*
- Körfuboltavöllur við Hörðuvallaskóla **– 15 m.kr.**
  *Körfuboltavöllur á suðvesturhluta lóðar*
- Hjólabrettavöllur við Kórinn **– 18 m.kr.**
  *Hjólabrettavöllur í nágrenni við íþróttasvæðið í Kórnum*
- Gróðursetning við Þingmannaleið **– 8 m.kr.**
  *Gróðursett tré og runnar í og við manir*
- Leiksvæði í Hvörfum **– 7 m.kr.**
  *Leiksvæði á opnu svæði milli Akurhvarfs og Andarhvarfs*
- Minigolfvöllur í Guðmundarlundi **– 6 m.kr.**
  *Gerður minigolfvöllur á svæðinu*
- Aukið umferðaröryggi við hringtorg á Vatnsendavegi **– 20 m.kr.**
  *Hægt á umferð gegnum hringtorgin, gangbrautir færðar o.fl.*
- Skólahreystibraut við Vatnsendaskóla **– 12 m.kr.**
  *Sett upp skólahreystibraut á vesturhluta lóðar*
- Aukið umferðaröryggi við Vatnsendahvarf **– 20 m.kr.**
  *Umferðarljós á gatnamótum Ögurhvarfs og Vatnsendahvarfs*
- Útsýnisstaður í Kórum **– 2 m.kr.**
  *Gerður útsýnisstaður með bekkjum vestan við Fjallakór*
- Skólalóð Vatnsendaskóla **– 15 m.kr.**
  *Gert nýtt leiksvæði á vesturhluta lóðar*
- Sparkvöllur í Rjúpnahæð **– 15 m.kr.**
  *Sparkvöllur með gervigrasi á opnu svæði norðan Austurkórs 90*
- Gróðursetning við Ennishvarf **– 4 m.kr.**
  *Gróðursetning trjáa í reit við göngustíg norðan götunnar*
- Gróðursetning ofan við Boðaþing og Gulaþing **– 6 m.kr.**
  *Gróðursett í skóg*
- Stígur milli Álfkonuhvarfs og hundasvæðis **– 3 m.kr.**
  *Gerður malarstígur í Vatnsendahvarfi*
- Skólalóð Vatnsendaskóla **– 16 m.kr.**
  *Gerður körfuboltavöllur*
- Stígar við Guðmundarlund **– 4 m.kr.**
  *Gerðir malarstígar milli Guðmundarlundar og Magnúsarlundar*



\# okkarkopavogur

*Birt með fyrirvara um prentvillur*

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Arðbær afurð



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Miðar á leiksýningar eru víðast hvar í útlöndum tvöfalt og þrefalt dýrari en hér. Þó skortir ekki metnaðinn í íslensku leikhúsi. Fólk kann að meta þetta og fyllir leikhúsin. Bókaútgáfa er með miklum blóma. Sama gildir um tónlist. Kvikmyndir eru stóriðja, sem ber hróður okkar víða.

Myndlistarlífið í Reykjavík minnir á stórborg. Fín gallerí bjóða verk eftir framúrskarandi listamenn á broti þess verðs, sem býðst í nálægum löndum. Einstaka listamenn hafa náð alþjóðlegri viðurkenningu og margfaldast í verði. Aðrir eiga eftir að gera það. Alltaf eru í gangi sýningar sem gefa tilefni til bjartsýni á framhaldið.

Listir þurfa opinberan stuðning. Besti styrkurinn felst í að glæða áhuga almennings – kenna okkur öllum að njóta lista. Þetta eru tvær hliðar á sama peningi. Listalífið er verðmæti okkar allra. Það er ekki takmörkuð auðlind. Um það gilda lögmál sprotans. Ef nýgræðingurinn er vanræktur koðnar allt niður. Eftirspurn verður í samræmi við það. Sprotafyrirtæki verða að sinna rannsóknum og þróun. Sumt skilar sér í krónum, annað ekki. Það er eðli skapandi vinnu.

„Ég er ekki eins og Ameríkaninn segir: Self made man. Ég er algjörlega eingetin afurð listamannalauna. Ég fékk tvisvar sinnum listamannalaun sem gerðu mér kleift að sökkva mér ofan í listina,“ sagði Ragnar Kjartansson myndlistarmaður í sjónvarpsviðtali fyrir fáum árum.

Við þurfum ekki frekar vitnanna við. Ragnar er líklega sá Íslendingur sem fær mesta áheyrn í heiminum um þessar mundir. Hann sýnir verk sín í fínustu söfnum og galleríum. Virtustu fjölmiðlar heims keppast við að taka við hann viðtöl. Verk hans er að finna í áhugaverðustu einkasöfnum samtímalistar. Flest opinber samtímalistasöfn eru með nafn hans á innkaupalistum ef þau eiga ekki verk eftir hann þegar. Hann fylgir í kjölfar Halldórs Laxness og Bjarkar, stóru nafnanna í listasögu landsins.

Samspil lista og annarrar atvinnustarfsemi blasir við hvarvetna. Prentarar, hönnuðir og bóksalar nærast á rithöfundum. Myndlistarmaðurinn Ólafur Elíasson er með tugi langskólagenginna fagmanna í vinnu. Björk nýtur liðsinnis hámenntaðra tónlistarmanna, sem fylgja henni í hljóðver og á tónleikum. Ragnar Kjartansson á sér hóp samverkamanna úr mörgum listgreinum. Listafólkið sjálft er bara toppurinn á ísjakanum. Listir eru blómleg atvinnustarfsemi – þótt það sé ekki markmiðið í sjálfu sér.

Endalaust má deila um hvernig listir skuli styrktar. En engum blöðum er um það að fletta, að þær skila öllu til baka með góðri ávöxtun. Ef ekki í peningum þá lífsfyllingu. Fjárhagslega áhættan felst frekar í að skammta of naumt heldur en hinu, að veita of ríkulega styrki. Vandinn er að koma sér saman um leiðirnar.

Kröftugt listalíf er vitnisburður um, að við gerum eitthvað rétt á Íslandi. Það er hvatning til frekari dáða. Við getum gert enn betur.

> **Ég er ekki eins og Ameríkaninn segir: Self made man. Ég er algjörlega eingetin afurð listamannalauna ...**
>
> **sagði Ragnar Kjartansson myndlistarmaður í sjónvarpsviðtali fyrir fáum árum.**

### Gunnar






**SFR stéttarfélag auglýsir orlofshús til brottflutnings**

SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu auglýsir til sölu orlofshús til brottflutnings. Húsið er í orlofsbyggð BSRB í Munaðarnesi og er 47 fermetrar að stærð. Við húsið er pallur sem er 65 fermetrar. Gert er ráð fyrir því að húsið verði fjarlægt fyrir lok septembermánaðar.

Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Hallgrímsson formaður
stjórnar Orlofssjóðs SFR
í síma 896-1470.

SFR

## Mín skoðun Þorbjörg Gunnlaugs



## Vínarbrauð og maraþon

Þegar ég horfði út um gluggann um síðustu helgi og sá maraþonhlauparana streyma fram hjá gat ég ekki annað en dáðst að dugnaði þeirra. Ég nartaði í sérbakað vínarbrauð og sötraði kaffi enda eru kolvetnin lykilatriði í hlaupum. Þáttur stuðningsmannsins vill gleymast dálítið í umræðunni um Reykjavíkurmaraþon og staða hans er önnur og lakari en stuðningsmannsins í fótbolta svo dæmi sé tekið. Við fáum ekki að heyra sigurvegarana í maraþonhlaupum nefna að þeir hefðu ekki náð þessum árangri ef ekki væri fyrir stuðningsmennina heima í stofu. Eðlilegt næsta skref núna viku eftir hlaup er kannski einmitt að opna umræðuna um stöðu stuðningsmannsins, sem klappar, hrópar og kallar, blístrar og samgleðst.

### Staða stuðningsmannsins

Ég hef gjarnan staðið vaktina við stofuglugga foreldranna á Seltjarnarnesi og reynsla mín sem stuðningsmaður í stofuglugga er raunar í árum talin. Þar eru kjöraðstæður til að sjá mannhafið sigla fram hjá. Það var hins vegar fyrst eftir að ég flutti til New York fyrir nokkrum árum sem ég lærði að hlutverk og gleði stuðningsmannsins þarf ekki endilega að felast í að bíða eftir sérstökum hlaupara. Stuðningsmenn í stórborginni standa á hliðarlínunni og gera sitt til að skilti þeirra veki eftirtekt. Þeir sem lengst eru komnir eru vopnaðir heimasmíðuðum skiltum með þaulhugsuðum skilaboðum. Aðrir eru meira að fanga stemninguna eins og vinalegur maður sem kallaði aftur og aftur hvatningarorðin: „Go, you complete stranger!“

### Pólitíkin í maraþoni

Auðvitað var það í Bandaríkjunum sem ég skynjaði að maraþon er ekki það sama og maraþon. Þar er pólitík eins og annars staðar. Þetta lærði ég strax á minni fyrstu vakt í New York þar sem eldri bandarísk kona sagði mér frá því að það eru nýgræðingar sem halda að það sem mestu máli skipti sé að komast í mark. Í elítumaraþoni skiptir mestu að fá að vera með. Í Bandaríkjunum einum fara fram rúmlega þúsund maraþonhlaup á hverju ári sem um 500.000 hlauparar taka þátt í. Konan sagði mér á meðan við fylgdumst með hlaupinu að það giltu óskrifaðar en þýðingarmiklar reglur um hvernig á að velja besta maraþonið. Þættir eins og saga og hefð, upplifun og náttúrufegurð skipta máli.

Aþena státar auðvitað af sögu og og þykir erfitt maraþon þar sem mjög stór hluti er upp í móti. Fá maraþon þykja víst eins strembin og maraþon á Kínamúrnum, þar sem keppendur hlaupa brattar tröppur og eftir grýttum stígum. New York maraþonið er það fjölmennasta í Bandaríkjunum og þykir mjög elegant að hafa hlaupið það, í gegnum Brooklyn og Queens, á First Avenue og enda svo í Central Park. En mesta elítumaraþon heims er hins vegar Boston maraþonið, fyrst haldið 1897, vegna þess að þar gilda ströng inntökuskilyrði og ekki er hægt að öðlast þátttökurétt nema að sýna fram á að hafa áður hlaupið nokkur viðurkennd maraþon sem og undir ákveðnum lágmarkstíma. Alla hlaupara dreymir um Boston.

Í Reykjavík er hlutfall hlaupara ævintýralega hátt, jafnvel þrátt fyrir að auðvitað séu ekki allir hlaupararnir héðan. Hverjum hlaupara fylgja svo nokkrir heitir stuðningsmenn og svo er það þögla týpan í stofuglugganum. Að teknu tilliti til okkar í stofunni er öll borgin með. Ég leiddi hugann að þessu við stofugluggann um síðustu helgi þegar ég mundi eftir spjallinu við eldri konuna í New York og að það sem gerir Reykjavíkurmaraþon svo sjarmerandi er að borgin er öll með hugann við hlaupið. Þegar við bætist að samhliða því leggja hlauparar og stuðningsmenn þeirra góðum málstað lið með áheitasöfnun er erfitt annað en að sjá sjarmann.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

1916 ASÍ 2016

# Aldarafmæli ASÍ í Árbæjarsafni

Hvernig tókust afi og amma, langamma og langafi á við lífsbaráttuna á síðustu öld?

Í tilefni af **100 ára afmæli ASÍ** er þér og fjölskyldunni boðið í Árbæjarsafn **sunnudaginn 28. ágúst milli kl. 13** og **16**. Lúðrasveit, leiðsagnir, þorskar á túni, þvottaburður, kassabílar, Leikhópurinn Lotta, ratleikur og margt fleira.

**Samstaða í heila öld - ASÍ**



**FRÍTT INN!**

**asi.is**

## Þýskalandsmeistararnir niðurlægðu Aron Jóhannsson og félaga




Bayern München byrjaði leiktíðina í þýska boltanum í gær með því að leggja Werder Bremen, 6-0. Aron Jóhannsson fékk ekki úr miklu að moða í framlínunni hjá Bremen í gær. Hér er þýski landsliðsmaðurinn Mats Hummels að þjarma að Aroni í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Í dag

**Enska úrvalsdeildin:**

| | | |
|---|---|---|
| 11.15 | Tottenham - Liverpool | Sport |
| 13.50 | Watford - Arsenal | Sport |
| 16.15 | Chelsea - Burnley* | Sport 3 |
| 16.20 | Hull City - Man Utd | Sport 2 |
| 17.20 | Leicester - Swansea* | Sport 4 |
| 18.30 | Palace - Bournem.* | Sport 2 |
| 19.00 | Everton - Stoke* | Sport |
| 20.15 | South. - Sunderland* | Sport 3 |

*frumsýning á viðkomandi leik*

| | | |
|---|---|---|
| 08.55 | F1: Æfing | Sport |
| 11.50 | F1: Tímataka | Sport 2 |
| 13.30 | Augsburg - Wolfsb. | Sport 3 |
| 13.55 | Cardiff - Reading | Sport 4 |
| 16.30 | Breiðablik - Stjarnan | Sport |
| 17.00 | The Barclays | Golfstöðin |
| 18.00 | Demantamótið | Sport 5 |
| 18.10 | Real Madrid - Celta | Sport 3 |
| 19.00 | Canadian Pacific | Sport 4 |

## Á morgun

**Enska úrvalsdeildin:**

| | | |
|---|---|---|
| 12.20 | West Brom - Boro | Sport |
| 14.50 | Man City - West Ham | Sport |

**Pepsi-deild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | ÍBV - Þróttur | Hásteinsv. |
| 17.30 | Fjölnir - Fylkir | Sport |
| 17.50 | Víkingur Ó. - FH | Sport 2 |
| 18.00 | ÍA - Víkingur R. | Norðurálsv. |
| 19.30 | Valur - KR | Sport |
| 22.00 | Pepsi-mörkin | Sport |

| | | |
|---|---|---|
| 11.30 | F1: Belgía | Sport 2 |
| 16.00 | The Barclays | Golfstöðin |
| 18.10 | Bilbao - Barcelona | Sport 3 |
| 19.00 | Canadian Pacific | Golfstöðin |




# Er stoltur af ferli mínum

**Jón Arnór Stefánsson hefur ákveðið að koma heim til Íslands og spila í Domino's-deildinni í vetur. Hann hefur þó ekki tekið ákvörðun um með hvaða liði.**

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsmaðurinn Jón Arnór Stefánsson mun spila í Domino's-deildinni í vetur og hefur sagt skilið við atvinnumennskuna á meginlandi Evrópu en það staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið í gær.

Það hefur lengi blundað í honum að snúa aftur til Íslands eftir að samningur hans við spænska liðið Valencia rann út í sumar en nú hefur hann tekið endanlega ákvörðun um að snúa aftur heim.

„Ég er nú alltaf nokkuð hamingjusamur maður en vissulega er það smá léttir að hafa tekið þessa ákvörðun og geta sagt að maður sé kominn heim,“ segir Jón Arnór. „Ég er þó alls ekki hættur og mun spila í einhver ár í viðbót hér heima.“

> Ég lít stoltur og glaður til baka yfir ferilinn. Hann hefur verið langur og skemmtilegur og gefið mér ótrúlega mikið.
>
> Jón Arnór Stefánsson



### Óvíst hvar hann spilar

Hann hefur verið sterklega orðaður við sitt gamla félag, KR, sem hann spilaði með tímabilið 2008-9 en það er eina árið sem hann hefur spilað hér á landi síðan hann hélt fyrst utan í atvinnumennsku árið 2002.

Hann segir þó að hann hafi ekki tekið ákvörðun um hvar hann muni spila í vetur en auk KR hefur hann helst verið orðaður við Stjörnuna og Grindavík.

Fram undan er mikilvægt verkefni með landsliðinu en í næstu viku hefur það leik í undankeppni EM 2017. Jón Arnór segist ætla að einbeita sér að því áður en ákvörðun verður tekin um veturinn og hvaða lið hann muni velja.

### Sáttur við ferilinn

Jón Arnór er 33 ára en hefur á löngum atvinnumannsferli spilað með tíu félagsliðum í fimm löndum utan Íslands – Bandaríkjunum, Þýskalandi, Rússlandi, Ítalíu og Spáni. Hann varð Evrópumeistari með Dynamo St. Pétursborg árið 2005 og fór langt í úrslitakeppninni á Spáni með bæði Unicaja Malaga og Valencia.

„Ég lít stoltur og glaður til baka yfir ferilinn. Hann hefur verið langur og skemmtilegur og gefið mér ótrúlega mikið,“ segir Jón Arnór sem segir að fjölskyldan leiki stórt hlutverk í lífi hans nú sem hafi haft mikið að segja.

„Börnin mín eru að komast á skólaaldur og eldri sonur minn er nýbyrjaður í skóla. Þessir þættir skipta meira máli í dag.“

Hann segir að það þyrfti ansi mikið til að fá sig til að breyta um skoðun úr þessu. „Ég hef verið að fá tilboð í sumar, aðallega frá Spáni, en gefið þau strax frá mér. Það þyrfti að vera ansi gott til að fá mig út aftur.“

eirikur@frettabladid.is

# Stöðvar KR Valssóknina?

**Það verður barist á toppi og botni Pepsi-deildar karla um helgina þegar 17. umferðin fer fram. Stórleikur umferðarinnar er slagur Vals og KR.**


Úr leik liðanna fyrr í sumar. fréttablaðið/anton

Ingvi Þór Sæmundsson
ingvithor@365.is

**FÓTBOLTI** Heil umferð fer fram í Pepsi-deild karla um helgina.

Klukkan 17.00 í dag mætast liðin í 3. og 4. sæti, Stjarnan og Breiðablik, í Kópavoginum. Von þessara liða um að vinna Íslandsmeistaratitilinn er orðin mjög veik en þau vilja eflaust bæði styrkja stöðu sína í baráttunni um Evrópusæti með sigri. Blikar unnu fyrri leikinn 1-3 og hafa unnið alla þrjá deildarleikina gegn Stjörnunni síðan Arnar Grétarsson tók við þjálfun liðsins.

Annað kvöld er svo annar stórleikur á dagskrá, á milli stórveldanna Vals og KR á Hlíðarenda. Valsmenn hafa verið á mikilli siglingu að undanförnu og unnið síðustu þrjá leiki í deild og bikar með markatölunni 13-0. Nafnarnir Kristinn Freyr Sigurðsson og Kristinn Ingi Halldórsson hafa verið sjóðheitir og skorað samtals 15 mörk í síðustu sjö leikjum Vals sem gæti endað umferðina í 2. sæti ef önnur úrslit verða hagstæð. KR-ingar eru sömuleiðis á fínum skriði og hafa náð í 10 stig í síðustu fjórum leikjum sínum. Þeir verða þó án fyrirliða síns, Indriða Sigurðssonar, í leiknum annað kvöld en hann tekur út leikbann.

Topplið FH fer til Ólafsvíkur og sækir Víkinga heim. FH-ingar eru komnir með aðra höndina á áttunda Íslandsmeistaratitilinn í sögu félagsins eftir sigurinn á Stjörnunni í síðustu umferð. Fimleikafélagið er með sjö stiga forskot á toppnum og það verður að teljast ólíklegt að jafn sterkt og reynt lið og FH tapi því niður. Það gengur öllu verr hjá Ólsurum sem hafa ekki unnið leik í tvo mánuði.

Fylkismenn eru að renna út á tíma í botnbaráttunni og þurfa að sækja sigur í Grafarvoginn til að eiga möguleika á að spila í Pepsi-deildinni að ári. Lærisveinar Hermanns Hreiðarssonar eru með 13 stig í ellefta og næstneðsta sætinu, fjórum stigum frá öruggu sæti. Fjölnismenn eru hins vegar í fínum málum í 2. sæti deildarinnar.

ÍA getur unnið þriðja leikinn í röð þegar liðið fær Víking R. í heimsókn. Skagamenn hafa unnið sjö af síðustu níu leikjum sínum og með sigri annað kvöld gera þeir sig gildandi í baráttunni um Evrópusæti.

Þá sækir botnlið Þróttar ÍBV heim. Staða Þróttara er nánast vonlaus en þeir eru heilum níu stigum frá öruggu sæti. Eyjamenn eru í fjögurra stiga fjarlægð frá fallsæti en þeir færu langt með að bjarga sér frá falli með sigri á Þrótti. – iþs


Kristinn Freyr Sigurðsson, leikmaður Vals.


# Námsorlof
## kennara, námsráðgjafa og stjórnenda framhaldsskóla
Umsóknarfrestur til **27. september**

Rannís hefur opnað fyrir umsóknir um námsorlof á framhaldsskólastigi fyrir skólaárið 2017-2018. Umsóknarfrestur er til þriðjudagsins 27. september næstkomandi, kl. 17:00.

Um námsorlof geta sótt framhaldsskólakennarar, náms- og starfsráðgjafar og stjórnendur framhaldsskóla. Einnig geta skólameistarar sótt um námsorlof fyrir hönd kennara viðkomandi skóla.

**Sótt er um rafrænt í gegnum umsóknarkerfi Rannís.**

Nánari upplýsingar gefur Jón Svanur Jóhannsson, verkefnastjóri innlendra menntasjóða, í síma 515-5820 eða með tölvupósti í jon.svanur.johannsson@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Nokkrar
# Húseiningar til sölu



grafika.is / Guðrún Anna

## Einingarnar skapa ýmsa möguleika
Tvær einingar og gangur samtals 92 fm.
Verð aðeins kr. 2.950.000 + vsk



Svona gæti hús úr tveimur einingum og gangi litið út þegar til dæmis væri búið að breyta því í parhús



stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**Upplýsingar á www.sandfellehf.is**

Flokkur Fólksins

**Fundarboð um almannatryggingakerfið og lífeyrissjóðina.**

Flokkur fólksins boðar til fundarhalda um samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða og þær „kjarabætur“ sem stjórnarflokkarnir hafa lofað að hrinda fram með því, að samþykkja breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007.

Einum fulltrúa, ráðherra eða þingmanni hefur verið boðið að hafa framsögu frá hvorum stjórnarflokki. Andsvör munu veita Halldór Gunnarsson, formaður kjararáðs EB í Rangárvallasýslu og Guðmundur Ingi Kristinsson formaður Bótar. Auk þess verða umræður og fyrirspurnir. Allir áhugasamir hjartanlega velkomnir.

**Fundirnir verða haldnir á eftirtöldum stöðum:**

**Á Center Hótel Plaza í Reykjavík** – **sunnudaginn 28. ágúst kl. 15.00**
Aðalstræti 4 (gamla morgunblaðhúsið)

**Á Hótel Keflavík** – **mánudaginn 29. ágúst kl. 17.00**
Vatnsendavegi 12-14

**Í Tónlistaskóla Akraness** – **miðvikudaginn 31. ágúst kl. 19.30**
Dalbraut 1

**Í Tryggvaskála Selfossi** – **fimmtudaginn 1. sept. kl. 17.00**
Austurvegi 1 við Tryggvatorg

**Í Háskólanum á Akureyri** – **laugardaginn 3. sept. kl. 15.00**
Norðurslóð 2

AMY WINEHOUSE
heiðurstónleikar

Bryndís Ásmunds
ásamt hljómsveit

2. september
Græni Hatturinn

3. september
Gamla Bíó

miðasala á midi.is



Ungmenni og tónlistarmenn sem verða á Rokkhátíð æskunnar. Þeirra á meðal eru Hrafnhildur Ósk Sigurðardóttir og Chinyere Elínborg Uzo í hljómsveitinni Kyrrð. Anna Magnúsdóttir Eirúnardóttir á gítar og Arndís Björk Arnarsdóttir og Ragnheiður Kristín Þórðardóttir úr sveitinni Hasar Basar. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Fyrsta rokkhátíð barna á Íslandi

Á morgun er í fyrsta skipti haldin Rokkhátíð æskunnar. Á hátíðinni spreyta börn og ungmenni sig fyrir framan áhorfendur en sum þeirra hafa hlotið þjálfun í sérstökum rokksumarbúðum.

Það hafa tæplega fimm hundruð stelpur og konur tekið þátt í rokkbúðum síðastliðin fjögur ár og úr hafa orðið að minnsta kosti áttatíu hljómsveitir,“ segir Áslaug Einarsdóttir, framkvæmdastjóri sjálfboðaliðasamtakanna Stelpur rokka! sem verða með kynningu á starfi sínu á Rokkhátíð æskunnar sem er haldin á Kexi hosteli á morgun.

Stelpur rokka! eru sjálfboðaliðarekin samtök sem hafa það að markmiði að hvetja ungar stúlkur til tónlistariðkunar. „Stelpurnar fara í rokksumarbúðir, þar sem þær læra á hljóðfæri, spila saman í hljómsveit, kynnast tónlistarkonum og fræðast um tónlist. Svo er lærdómsríkt að koma fram á tónleikum eins og þessum, við erum glaðar að geta stutt þær í að spila,“ segir Áslaug. „Á hátíðinni munu stelpurnar spila og svo ætlum við að kynna starfið okkar, þá kennum við krökkum að gera sín eigin barmmerki og míkrófóna. Við verðum með rokksmiðjur í september sem áhugasamar stelpur geta svo skráð sig í á hátíðinni,“ segir Áslaug frá.

> STELPURNAR FARA Í ROKKSUMARBÚÐIR, ÞAR SEM ÞÆR SPILA SAMAN Í HLJÓMSVEIT.

Margt forvitnilegt verður að öðru leyti á dagskrá hátíðarinnar. Hún er samansett af lifandi tónlistaratriðum í bland við gagnvirka fræðslu og vinnusmiðjur þar sem krakkar fá að fikta í hljóðfærum sem búin eru til úr ávöxtum, smíða sinn eigin míkrófón, gera barmmerki, grúska í raftónlist og fleira.

Tónlistarmaðurinn Futuregrapher kennir börnum ýmis ráð við gerð raftónlistar og leyfir þeim að prófa græjurnar.

Skema kynnir Makey Makey sem er tölvurás sem gerir manni kleift að búa til tónlist með ávöxtum. Grafíski hönnuðurinn Sigurður Oddsson kennir grunnatriði í því að búa til lógó og verður efnt til samkeppni í að búa til vörumerki Rokkhátíðar æskunnar. Þá kynnir sprotafyrirtækið Mussila nýtt smáforrit fyrir krakka sem heitir Mussila dj og getur gert hvaða krakka sem er að plötusnúð.

Aðgangur á hátíðina er ókeypis, dagskráin hefst klukkan 13.00 og lýkur klukkan 16.00.

kristjanabjorg@frettabladid.is

## Bæjarhátíðir víða um land

Þeir sem ætla sér að leggja land undir fót hafa úr nógu að velja þegar kemur að því að sækja skemmtilega menningarviðburði. Fjölmargar bæjarhátíðir eru haldnar um helgina.

Mosfellingar halda hátíðina Í túninu heima. Bærinn er klæddur í hátíðarbúning með skreytingum þar sem hvert hverfi hefur sinn lit.

Hápunktur hátíðarinnar er í kvöld þegar stórtónleikar fara fram á miðbæjartorginu.

Matgæðingar geta haldið á Hvolsvöll þar sem árleg kjötsúpuhátíð verður haldin.

Akureyrarvaka fer fram um helgina. Tónleikar, markaðsstemning og alls kyns uppákomur verða um allan miðbæinn, í Listagilinu og á Ráðhústorginu fram undir kvöld. Um kvöldið verða tendruð hátt í þúsund kertaljós í kirkjutröppunum á Friðarvöku.

Gleðin ræður för á Flateyri þar sem haldin er í fyrsta sinn Gamanmyndahátíð Flateyrar. Þar verða sýndar tæplega þrjátíu íslenskar gamanmyndir auk fjölda annarra viðburða. Hátíðin er haldin víðsvegar um Flateyri, í samkomuhúsinu, Sundlauginni, á Vagninum og í Tankinum, sem er 90 ára gamall bræðslutankur.

Seltirningar gera sér glaðan dag á bæjarhátíð um helgina, fjölmargir viðburðir eru á dagskrá hátíðarinnar og íbúar taka sig saman og standa fyrir sameiginlegum viðburðum í sínu hverfi, svo sem vöfflu- og pönnukökukaffi og götugrilli.

Þá er nú í annað sinn haldin bæjarhátíðin Skagginn á Skagaströnd, þar verður meðal annars ljóðaganga, kósíkvöld í sundlauginni og froðudiskó.

– kbg



**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

60 ÁRA 1956 - 2016

# SPRENGI VIKA

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

## Pottaplöntu útsala

20-50% afsláttur

44% afsláttur

ÚTSALA- ÚTSALA

**1.499kr**
~~2.690kr~~
Orkidea

**SPRENGIVERÐ**
Á meðan birgir endast

Erikur, 3 stk.
**999kr**
~~1.797kr~~

blómaval

Allar perur
20% afsláttur
OSRAM



20% afsláttur
ÖLL viðarvörn og útimálning






25% afsláttur
af ÖLLUM búsáhöldum

Byggjum á betra verði

www.husa.is

# STÓLADAGAR

## Fáðu þér sæti og vertu eins og heima hjá þér



**TANGO**
Hægindastóll og skammel. Slitsterkt áklæði, dökkgrátt eða brúnt.

**20%** AFSLÁTTUR

Stóll
**59.990 kr.**
~~74.990 kr.~~

Skammel
**23.990 kr.**
~~29.990 kr.~~



**MARKUS**
Borðstofustólar. Margir litir.



**60%** AFSLÁTTUR

**BELINA**
Borðstofustóll.
Svartur með viðarfótum.
**7.996 kr.** ~~19.990 kr.~~



**22%** AFSLÁTTUR

**KAMMA**
Hægindastóll.
Dökkgrátt áklæði.
Stærð: 91 x84 x 105 cm
**69.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



**20%** AFSLÁTTUR

**TWIST**
Hægindastóll með skammeli. Litir: Orange, ljósblár, dökk- og ljósgrár.
Stærð: 69 x 70 x 85 cm
**55.990 kr.** ~~69.990 kr.~~



**20%** AFSLÁTTUR

**ELLY**
Stóll. Litir: Ljósgrár, grár og dusty grænn.
Stærð: 83 x 82 x 85 cm
**55.990 kr.** ~~69.990 kr.~~



**23%** AFSLÁTTUR

**GYRO**
Nettur og þægilegur á snúningsfæti. Fæst í ótal litum og útfærslum.
Stærð: 66 × 66 × 88 cm
**129.990 kr.** ~~169.990 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga
**Ísafjörður** Skeiði 1
**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# Í HÖLLINNI

## 20%-60% afsláttur af öllum stólum í Höllinni.



25%
AFSLÁTTUR

5.990 kr. ~~7.990 kr.~~



50%
AFSLÁTTUR

**DIMA**
Borðstofustóll. Hvítur með svörtum löppum.

7.495 kr. ~~14.990 kr.~~

LA Z BOY® *Live life comfortably.*®

## Traustur heimilisvinur

Komdu til okkar og veldu þér þitt draumasæti. Glæsilegur 250 m² sýningasalur frá LA-Z-BOY með allt það nýjasta fyrir þig.



**20%**
**AFSLÁTTUR**

Af öllum LA-Z-BOY stólum á stóladögum



20%
AFSLÁTTUR

**KARETTA**
Gegnheilli viðargrind. Bæði þægilegur og skemmtilegur.
Stærð: 70 × 82 × 82 cm

107.990 kr. ~~134.990 kr.~~



33%
AFSLÁTTUR

**PARÍS**
Borðstofustóll.
Margir litir. Viðarfætur.

9.990 kr. ~~14.990 kr.~~



40%
AFSLÁTTUR

**VIVALDI**
Borðstofustóll frá Skovby.
Svart leður og olíuborin eik.

41.990 kr. ~~69.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

**DOLPHIN**
Borðstofustóll.
Svart eða brúnt ekta leður.

59.990 kr. ~~74.990 kr.~~

HÚSGAGNA
HÖLLIN

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is





FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Sjúkur af meðvirkni

Fyrir nokkrum árum komst ekkert annað að í lífi **Ólafs Egilssonar** en að reyna að bjarga yngri systur sinni úr heimi fíkniefna. Hann varð stjórnlaus og fannst hann vera fórnarlamb. Það hrikti í stoðum fjölskyldunnar vegna álags. Hann fann hugrekki til að rjúfa vítahringinn.

Eiðurinn, nýjasta kvikmynd Baltasars Kormáks, verður heimsfrumsýnd á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Toronto, Toronto International Film Festival, þann 8. september og á Íslandi þann 9. september.

Eiðurinn er verkefni sem RVK Studios, framleiðslufyrirtæki Baltasars, þróaði með Ólafi Agli Egilssyni, leikara og leikstjóra, sem skrifaði handrit kvikmyndarinnar ásamt Baltasar. Eiðurinn segir frá hjartaskurðlækninum Finni sem áttar sig á að dóttir hans er komin í neyslu og að nýr kærasti hennar er þekktur dópsali.

Sagan að baki handritinu er persónuleg, kveikjan er háski yngri systur Ólafs sem fór villur vegar á unglingsárum sínum.

„Ég þurfti að koma þessari sögu frá mér. Í fyrstu reyndist það erfitt, það var sársaukafullt að vinna með þetta efni, en smám saman léttist róðurinn, verkið eignaðist sjálfstætt líf og eigin forsendur burtséð frá lífi mínu eða minna nánustu,“ segir Ólafur því handritið er skáldverk þótt það byggi vissulega á raunverulegri reynslu hans. „Eftir því sem leið á þessi tæpu þrjú ár sem það tók að fullmóta handritið hætti það að vera eitthvað sem ég setti upp á leiksviði hugans með nánustu aðstandendum í aðalhlutverkum.“

### Fjarlægðin nauðsynleg

Ólafur segir að þótt það sé erfitt, þá sé líka ákveðin lækning fólgin í því að setja erfiða reynslu í orð, koma henni frá sér eins og sagt er. „Maður getur hugsað sína hluti þúsund sinnum í hringi og verið engu nær því að sjá þá í réttu ljósi en þegar maður setur þá niður á blað, fer að vinna með þá sem sögu, þá öðlast maður stundum nýtt sjónarhorn og fjarlægð. Fjarlægðin er nauðsynleg, ef vel á að takast til, maður verður að ná hlutlausri sýn á sjálfan sig. Það er ekki hægt að halda í fegraða mynd af sér, gjörðum sínum eða afstöðu. Það gengur ekki upp, hvorki í handritsgerð né lífinu reyndar. Mín reynsla af því að skrifa þetta handrit var sú að ég náði fjarlægð á sjálfan mig en um leið ákveðinni innsýn, kannski á hluti sem ég vissi en gat ekki viðurkennt, innst inni vitum við öll hvað er satt.“ segir Ólafur.

### Símtal frá lögreglu um nótt

Ólafur er elstur í sínum systkinahóp og á systur sem er ellefu árum yngri. „Við komum eiginlega alveg af fjöllum þegar það skyndilega rann upp fyrir okkur að hún var komin í mikil vandræði með fíkniefni og sitt líf.

Við bræðurnir höfðum báðir tekið okkar rispur á yngri árum, hlaupið af okkur hornin, og fengum til þess eðlilegt svigrúm. Ég held að foreldrar mínir hafi gert ráð fyrir hinu sama, eins og allir foreldrar. Það er þetta erfiða tímabil þegar vinirnir fara að skipta meira máli en fjölskyldan, börn eru að verða að fullorðnum einstaklingum, prófa sig áfram með ýmsa hluti, prófa að vera til á eigin forsendum með öllum þeim feilsporum og rugli sem því stundum fylgir. Þá reynir á foreldra að sýna aðhald og ást en líka traust og ákveðið æðruleysi og vona að allt fari á besta veg, börnin finni sína leið í gegnum hlutina, þetta sé tímabil sem gengur yfir,“ segir Ólafur.

Systir mín hefur alltaf verið sjálfstæð og fylgin sér og var á þessu tímabili flutt að heiman og komin með kærasta sem var töluvert eldri, hún var svona að finna út úr því hvaða stefnu hún vildi taka í tilverunni en það bar ekki á öðru en að hún hefði góða stjórn á sínu lífi.

Uppgötvun fjölskyldunnar á því að komið væri í óefni var því bylmingshögg. „Það kom símtal um miðja nótt frá lögreglu og sjúkraliði. Þá var hún búin að missa algjörlega fótanna, búin að vera vakandi ➡

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Skref inn í nýjan heim

## Haustráðstefna Advania 2016

**Fjölbreyttir fyrirlestrar fyrir tæknileiðtoga og stjórnendur**

Google • Cisco • Mark Minasi • Facebook • Trend Micro • Samsung • Breakroom • RVX • DELL • Knowledge Factory • Veracode • RSA • Rafnar – og margir fleiri.




Forsöluverð til 31. ágúst

**36.900 kr.**

**Harpa** – föstudaginn 9. september
Dagskrá og skráning á **advania.is**

advania
Welcome to IT

um langa hríð eftir mikið djamm og vissi eiginlega hvorki í þennan heim né annan en hafði þó rænu á því að kalla á hjálp.“

**Fórnarlamb í eigin lífi**

Ólafur fann til mikillar ábyrgðarkenndar gagnvart litlu systur sinni. „Eins og öll fjölskyldan auðvitað, hvert með sínum hætti. Ég ætlaði að einhenda mér í það verkefni að „bjarga“ henni með öllum tiltækum ráðum. Skamma hana, hvetja hana, höfða til samvisku hennar, hóta henni og eiginlega djöflast í henni á allan hátt. Ég fór að koma í heimsóknir til hennar á ólíklegustu tímum, leita hana uppi þegar hún lét ekki ná í sig, allt sem fólk sem hefur verið í þessari aðstöðu þekkir svo vel. Ég sá fyrir mér það plan að ef ég næði að troða mér einhvern veginn inn í líf hennar þá gæti hún ekki haldið áfram á sömu braut. Auðvitað bar þetta engan árangur.

Á sama tíma upplifði ég mig sem gríðarlegt fórnarlamb. Það komst ekkert annað að en þetta mál. Það yfirskyggði allt og alla.“

**Lá andvaka**

Eina nóttina lá Ólafur andvaka og eins og oft á þessum tíma glímdi hann við erfiðar hugsanir um hlutskipti systur sinnar. „Hausinn gengur eins og þvottavél. Sömu hugsanirnar aftur og aftur. Þráhyggjuhugsanir um hvað hefði orðið ef ég hefði bara sagt þetta, eða gert hitt, hverju væri um að kenna. Og svo inn á milli hugsanir um sjálfan mig. Aumingja ég að vera í þessari aðstöðu.

Svo fæ ég það í hausinn, að þetta sé allt þessum kærasta hennar að kenna. Ef ég gæti með einhverjum ráðum komið í veg fyrir að þau væru saman myndi hún örugglega ná áttum. Sú hugsun leitaði á mig að ég þyrfti að stía þeim í sundur. En það var ekki á mínu valdi, hann hafði tekið alla stjórn á lífi hennar og var ekkert að fara að sleppa takinu. Á þessum tímapunkti var ég farinn að sjá það sem einu lausnina að kærastinn hyrfi úr lífi hennar og hreinlega farinn að fabúlera um það í huganum hvernig það gæti gerst. Hvernig ég gæti losnað við hann. Svo var eins og rynni af mér,“ segir Ólafur. „Ég var orðinn sjúkur. Sjúkur af meðvirkni, ýktri ábyrgðartilfinningu og stjórnsemi.“

Í kvikmyndinni er sá stjórnsami faðir stúlku í vanda, með hlutverkið fer leikstjórinn sjálfur, Baltasar Kormákur. „Höfuðpersóna myndarinnar fær þessa sömu hugmynd og ég fékk, að grípa inn í, sama hvað það kostar, sem hefur svo afdrifaríkar afleiðingar.“

**Að sleppa tökunum**

Ólafur kynntist starfsemi Al-Anon samtakanna í gegnum góðan vin og fljótt varð honum ljóst hvert ástand hans var og hvað hann þyrfti að gera til að breyta því.

„Ég mætti á fyrsta fund og hélt ég fengi þar leiðbeiningar um það hvernig ég gæti náð betri stjórn á systur minni. En það er auðvitað ekki það sem gerðist. Smám saman áttaði ég mig á því að ég fengi bara hjálp við að stjórna því eina sem ég gæti stjórnað, sjálfum mér. Ég tók eiginlega u-beygju. Ég varð að sætta mig við það að ég gat ekki bjargað henni, ekki með þeim meðulum sem ég hafði verið að beita. Það eina sem ég hefði upp úr því væri að ég myndi rústa sjálfum mér og geta þá ekki verið til staðar þegar og ef hún, eða aðrir í kringum mig, þyrftu á mér að halda.

Augu mín opnuðust fyrir því að ég yrði að einbeita mér að sjálfum mér, mínum brestum og yfirgangi, hætta að bera ábyrgð á því sem var ekki mitt og taka ábyrgð á því sem sannarlega var mitt og ég hafði vanrækt. Ég fór að sleppa tökunum,“ segir Ólafur.

**Tók ekki eftir deginum í dag**

„Maður finnur það nokkuð fljótlega ef maður slysast til að fylgja þeim ráðleggingum sem bjóðast í Al-Anon að það fer strax af stað



„Ég var gjörsamlega stjórnlaus í eigin lífi og á sama tíma að reyna að stjórna öllum í kringum mig,“ segir Ólafur Egill. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

**ÞAÐ KOM SÍMTAL UM MIÐJA NÓTT FRÁ LÖGREGLU OG SJÚKRALIÐI. ÞÁ VAR HÚN BÚIN AÐ MISSA ALGJÖRLEGA FÓTANNA, BÚIN AÐ VERA VAKANDI UM LANGA HRÍÐ EFTIR MIKIÐ DJAMM.**

**SÚ HUGSUN LEITAÐI Á MIG AÐ ÉG ÞYRFTI AÐ STÍA ÞEIM Í SUNDUR. EN ÞAÐ VAR EKKI Á MÍNU VALDI, HANN HAFÐI TEKIÐ ALLA STJÓRN Á LÍFI HENNAR OG VAR EKKERT AÐ FARA AÐ SLEPPA TAKINU.**

ákveðinn bati. Óttinn og kvíðinn ráða ekki lengur för og maður fær frið fyrir þessu endalausa „hvað ef… hvað ef…?“.

Í meðvirkni er maður svo upptekinn af gærdeginum og morgundeginum að maður tekur ekkert eftir deginum í dag, núinu sem maður er staddur í og missir þar af leiðandi allar forsendur fyrir því að taka réttar ákvarðanir, bregðast af skynsemi og yfirvegun við þeim aðstæðum sem koma upp hverju sinni.“

**Togstreita**

Álagið var mikið á alla stórfjölskylduna á þessum tíma. Fjölskyldumeðlimir höfðu allir sínar hugmyndir um hvernig væri best að taka á vandanum.

„Það hriktir í öllum stoðum þegar svona stendur á. Oft eru foreldrar ekki sammála um það hvernig eigi að taka á hlutunum, ég var stundum ekki sammála því hvernig foreldrar mínir tóku á þessu, þeir ekki mér og svo þegar yngri bróðir minn sem býr erlendis kom heim var hann með sínar skoðanir á þessu. Þetta er togstreita og fjölskyldan var undir miklu álagi á meðan á þessu stóð.“

**Að draga mörkin**

Ólafur segist mikilvægan lærdóm hafa dregið af reynslu sinni og fjölskyldunnar: að hafa kærleikann í fyrirrúmi. Það sé ekki hægt að þvinga aðra manneskju til betra lífs með offorsi, þó manni gangi gott eitt til.

„Ég var gjörsamlega stjórnlaus í eigin lífi og á sama tíma að reyna að stjórna öllum í kringum mig, fannst ég hafa fullan rétt til þess og mega segja og gera hvað sem er, ég væri alltaf í rétti, ég væri þegar öllu væri á botninn hvolft að „gera eitthvað í málunum“.

Auðvitað má maður láta skoðanir sínar í ljós, en það verður að gerast í kærleika og virðingu, burtséð frá því hversu slæmt við upplifum ástandið. Það skilar engu að grípa inn í með reiði og skömmum, ásökunum, þvingunum eða hótunum. Ekkert af þessu virkar, því miður. Það er engin skyndilausn til, eins og maður er til í að trúa á þær. „Ef viðkomandi myndi bara gera þetta eða hitt, ef ég gæti bara tekið nógu brjálæðislegt reiðikast…“

Það þarf hugrekki til þess að rjúfa þennan vítahring og koma sér út úr meðvirkninni. Það er auðvitað skelfilegt að vita ekki hvar ástvinur manns er niðurkominn eða í hvaða ástandi viðkomandi er og þurfa að stilla sig um að rjúka af stað, sætta sig við að það muni engu breyta og jafnvel gera illt verra. Það þarf að draga mörk sem ganga oft þvert á fjölskylduböndin og tengsl, ganga þvert á þá eðlishvöt okkar að vilja hjálpa þeim sem standa okkur næst af öllum kröftum. Það er þessi togstreita sem mér fannst mikilvægt að fjalla um í Eiðnum.“

**Jafnaði sig á eigin forsendum**

Hann segir stjórnsama framkomu sína við systur sína ekki hafa bætt ástandið. Samskipti þeirra versnuðu bara. „Systir mín þoldi mig ekki á þessum tíma og ég skil það bara mjög vel. Framkoma mín gagnvart henni var ekki til að bæta ástandið að neinu leyti. Svo sem betur fer þá náði hún sér á eigin spýtur og án minna afskipta. Á sínum hraða og sínum forsendum náði hún að vinna sig upp úr þessu. Hún lifir sínu lífi í dag, á litla stelpu, er í góðri sambúð og alls ekki á neinni heljarþröm.“

**Ekki ævisaga systur minnar**

Hann minnir á að kvikmyndin Eiðurinn sé ekki ævisaga systur sinnar. „Handritið byggir á minni upplifun af þessu tímabili og þessu ástandi, ástandi sem því miður alltof margir aðstandendur og ástvinir þekkja. Svo er þetta auðvitað skáldverk og spennumynd sem lýtur eigin lögmálum. Þetta er ekki ævisaga systur minnar.

Það er skilningur á þessu okkar á milli,“ segir Ólafur og segir að í raun hafi stærsti ávinningurinn við það að skrifa handrit myndarinnar verið heiðarleg samtöl við systur sína. „Ég þurfti að ræða þessa kvikmynd við hana og það opnaði á samtal sem við höfðum ekki átt áður. Ég fékk tækifæri til þess að biðja hana afsökunar á minni framkomu. Það var góður fylgifiskur þessa verkefnis. Okkar samtal, en líka sú opinberun sem ég upplifði gagnvart brestum mínum, sem kristallast í meginpersónu kvikmyndarinnar sem er haldin mikilli stjórnsemi. Oftar en ekki er viðkomandi persóna að segja hluti sem ég sagði á sínum tíma. Að sjá mín eigin orð á blaði opnaði augu mín fyrir því hvað ég var á vonlausri vegferð.“

**Það er hægt að fá hjálp**

Ólafur vonast til þess að í sögu sinni komi hann reynslu sinni og lærdómi til skila að einhverju leyti. „Þú bjargar engum sem vill ekki láta bjarga sér, það eru kannski skilaboðin með þessari dæmisögu, en auðvitað er engin ein konkret og absolút niðurstaða. Það er líka þarna ákveðið „en samt…“ sem hver og einn verður svo að taka afstöðu til.

Í öllu falli vonast ég kannski helst til þess að þeir sem sjái myndina og eru í sömu aðstöðu hugsi sinn gang og leiti sér einhvers konar hjálpar. Það er svo auðvelt að ímynda sér að maður sé alveg einn í þessu, það geti enginn hjálpað, líf manns og vandamál séu svo sérstök og einstök að enginn geti ráðið manni heilt. Sem er kolrangt. Maður er ekkert sérstakur, einhver annar hefur alltaf gengið í gegnum það sama og getur miðlað af reynslu sinni og hjálpað,“ segir Ólafur.


JOSS
STONE
30. OKTÓBER Í HÖRPU
MIÐASALA
HAFIN!
Kristall
MIÐASALA FER FRAM Á HARPA.IS OG Í SÍMA 528-5050.
ALLAR UPPLÝSINGAR Á WWW.SENA.IS/JOSS
sena
LIVE!



## UPPRUNAVOTTUÐ FRAMLEIÐSLA

Engin orka er vistvænni en kraftur góðrar hugmyndar. Nýja BMW i rafbílalínan er skínandi dæmi um það hvernig hönnuðir BMW leita sífellt nýrra leiða til að uppfylla nýjar þarfir og væntingar. Við framleiðslu BMW i3 er eingöngu notuð 100% hrein orka. Ný samsetningarverksmiðja BMW í Leipzig notast eingöngu við 100% hreina orku frá vindorkuverum og við koltrefjaframleiðsluna er eingöngu notast við orku frá vatnsorkuverum.

**BMW** EFFICIENT**DYNAMICS.**

| i3 | 0 g $CO_2$/km | 125 kW (170 hp) |
|---|---|---|

# VISTVÆN FRUMSÝ

Nýr BMW i3 er enginn venjulegur bíll. BMW i3 setur ný viðmið í hönnun og drægni og er fyrsti fjöldaframleiddi bíllinn í heiminum sem hannaður er með yfirbyggingu úr hástyrktum koltrefjum (carbon fiber). Koltrefjar hafa þann eiginleika að vera 50% léttari en stál og eru auk þess sterkari. Þessi nýja framúrstefnulega tækni við framleiðslu yfirbyggingarinnar veitir því fullkomið öryggi fyrir ökumann og farþega og er að auki ein helsta ástæða þess að eiginþyngd BMW i3 er ekki nema 1.245 kg sem tryggir honum mestu drægnina í sínum stærðarflokki.

**300**KM* MEÐ 94Ah RAFHLÖÐU **390**KM* MEÐ 94Ah RAFHLÖÐU OG HLEÐSLUVÉL (Range Extender)

BMW i3 er fáanlegur í tvenns konar útfærslu; sem 100% rafbíll dregur hann allt að 300 km* á hleðslunni en 390 km* með auka hleðsluvél (2ja strokka, 647cc bensínvél) sem tekur sjálfkrafa við og framleiðir rafmagn þegar rafhlaðan tæmist.

## BMW i3 VERÐ FRÁ: 5.190.000 KR.

*Drægni hverrar hleðslu miðast við uppgefnar drægnitölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður. Raundrægni hverrar hleðslu fer eftir aksturslagi, hitastigi úti, leiðarvali og öðrum þáttum

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG UPPLIFÐU ÞAÐ NÝJASTA
OG FULLKOMNASTA Í RAFBÍLATÆKNI.




**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL



Júlía Magnúsdóttir heilsumarkþjálfi segir marga ekki átta sig á að sykur er ekki eingöngu að finna í hvítum sykri. Hann sé falinn í matvælum og sé jafnvel að finna í kjúklingabringum og tómatsósu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Var sykurfíkill

**Júlía Magnúsdóttir** ánetjaðist sykri og varð fyrir heilsutjóni en aðstoðar nú fólk við að losa sig við sykurinn. Hún segir sykur falinn í mörgum fæðutegundum og að mikilvægt sé að byrja hægt og rólega á hreinna mataræði.

Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is



Sykurneysla er ein helsta orsök þeirra sjúkdóma sem við stöndum frammi fyrir í dag. Sykurinn er að aukast í matvælunum og flóran af sykruðum skyndibita fer sífellt vaxandi," segir Júlía Magnúsdóttir, stofnandi Lifðu til fulls heilsumarkþjálfunar, sem undanfarin þrjú ár hefur helgað sig því verkefni að hjálpa Íslendingum að losna úr klóm sykurpúkans. Alls hafa um 24 þúsund manns leitað á náðir Júlíu og tekið þátt í fjórtán daga áskorun hennar og nú gefur hún út bókina Lifðu til fulls, sem inniheldur uppskriftir að sykurlausum lífsstíl.

„Ég held að sykurleysi gæti orðið að þeirri nauðsynlegu byltingu sem við þurfum þegar kemur að heilsufarsvandamálum Íslendinga. Það er fjölmargt sem má fyrirbyggja með því að tileinka sér sykurlaust og hreint mataræði," útskýrir Júlía.

### Ávanabindandi

„Sykurinn er svo ávanabindandi. Ég þekki þetta vel sjálf, ég var algjör sykurfíkill. Borðaði mikið af Ben&Jerrys ís, snúða og kókómjólk í hádeginu og alls konar skyndibitum. Ég var rosalega ung komin með liðverki, latan skjaldkirtil og hormónavandamál svo dæmi séu tekin, auk þess að glíma við aukakíló sem vildu ekki fara. Ég taldi mig samt borða hreint," segir hún og bendir á að áhrif sykursins séu þannig að þau einskorðist alls ekki við hvítan sykur og að hann sé aðeins að finna í sælgæti. Þvert á móti. „Það eru margir sem fara flatt á því og það er svo svekkjandi fyrir fólk sem tekur sig á og reynir að hætta í sykrinum, að sykurinn er falinn hér og þar. Fólk borðar sykur í matvælum sem það áttar sig ekki á að innihaldi hann, svo sem kjúklingabringum, möndlumjólk, tómatsósu, sumu hrökkbrauði og fleiru. Það tekur líkaman um fjórtán daga að losa sig við sykurinn úr líkamanum.



**FRÚKTÓSAMAGN Í AGAVESÍRÓPI ER 90% EN Í HVÍTUM SYKRI 50%.**

Hugmyndin um að agavesíróp sé betri valkostur en venjulegur sykur er til dæmis ekki alveg rétt ef við horfum til frúktkósamagnsins, sem breytist að miklu leyti í fitu þegar lifrin vinnur úr honum. Við viljum því forðast frúktósann, en í venjulegum hvítum sykri er hann 50 prósent á meðan í agave er hlutfallið 90 prósent."

### Best að byrja hægt

Júlía ráðleggur fólki að byrja hægt í áskorun um að losa sig við sykur. „Við byrjum á því að fólk borðar eina sykurlausa máltíð á dag, eftir uppskrift sem ég gef. Það sem miklu máli skiptir er að þessi máltíð er þá sérstaklega næringarrík, en það sem veldur því að fólk sækist í sykur er oftar en ekki skortur á steinefnum, magnesíum eða góðri fitu. Á þeim fjórtán dögum sem fara í áskorunina ná bragðlaukarnir að endurnýja sig, sem þýðir að allt verður mikið sætara. Ég hef ekki áhuga á að vera með einhvers konar megrunarkúr heldur horfi ég í hefðirnar," segir hún.

„Margir borða eitthvað sætt ef þeir eru leiðir eða þreyttir frekar en að hlusta á það sem líkaminn er að kalla eftir."

### Mörg nöfn sykurs

Líklega er hægt að tala fyrir hönd ansi margra þegar spurt er hvort þessi sykurlausi lífsstíll taki ekki óbærilega mikinn tíma og þýði stanslaust vesen?

Öll þau fjölmörgu nöfn sem sykur fær á sig í þeim tilgangi að fela hann, er nóg til að æra óstöðugan. Hún gengst við því að vissulega séu nöfnin mörg en hún hafi eiginlega tekið vesenið á sig við skrif á bókinni. Tilgangur hennar sé einmitt að auðvelda fólki að átta sig á hvar sykur sé að finna og hvar ekki, án þess að bugast af verkkvíða. „Þannig þarf þetta ekki að vera flóknara en við viljum. Hugarfarið kemur okkur ansi langt og þeir sem fara inn í svona umbreytingu með neikvæðni eru líklega ekki að fara að losna við sykurpúkann. Á meðan hinir sem eru jákvæðir og byrja smátt geta það."



## Sykurlaus en ljúffeng kaka

**Botn**

- **2 bollar döðlur (eða 1½ bolli mjúkar döðlur)**
- **2 bollar möndlur (lagðar í bleyti í 2 klst. eða yfir nótt)**
- **1 tsk. kakó**
- **Sjávarsalt á hnífsoddi**
- **1-2 bananar**

**Fylling**

- **2 bollar kasjúhnetur (lagðar í bleyti í 8 klst. eða yfir nótt)**
- **2 bollar jarðarber (leyfið þeim að þiðna fyrst ef þið notið frosin)**
- **½ bolli hunang eða hlynsíróp***
- **½ bolli sítróna**
- **½ tsk. vanilludropar eða duft**
- **¼ bolli kókosolía í fljótandi formi**
- **1 bolli fersk brómber skorin í tvennt eða heil bláber.**

*eða notið ¼ bolli hunang/síróp og 6-8 dropa stevia

Setjið öll innihaldsefni fyrir botninn í matvinnsluvél og hrærið vel.

Þrýstið niður í pæform eða 23 cm smelluform. Sneiðið niður banana og raðið á botninn.

Setjið öll hráefni í fyllinguna fyrir utan kókosolíu í blandara eða matvinnsluvél og hrærið þar til silkimjúkt. Endið á að blanda kókosolíunni saman við. Hellið helmingi af fyllingunni yfir botninn og dreifið þá brómberjum yfir. Leyfið fyllingunni að stífna í frysti í 5 klst. eða yfir nótt. Ef kakan er fryst látið hana standa við stofuhita í 1-2 klst. áður en hún er borin er fram. Njótið á meðan kakan er ennþá köld.




**40+**
### FEMARELLE REJUVENATE
- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári

**50+**
### FEMARELLE RECHARGE
- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi

**60+**
### FEMARELLE UNSTOPPABLE
- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein að innan
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að sálfræðilegu jafnvægi

# BETRI STJÓRN – BETRA JAFNVÆGI

**Icecare kynnir** Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Hormónalaus lausn fyrir mismunandi stig tíðahvarfa. Tvær nýjar Femarelle vörur eru nú komnar á markað. Þær Selma, Valgerður og Eva mæla með Femarelle.


Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle.


Femarelle skiptir Valgerði miklu máli.


Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle.

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum árum. Nú hefur Femarelle verið gert enn betra og bætt í það B6-vítamíni. Þrjár vörur eru nú í Femarelle línunni, Femarelle Rejuvenate sem hentar konum fyrir tíðahvörf, Femarelle Recharge sem veitir stjórn yfir tíðahvörfunum á öruggan og áhrifaríkan hátt og Femarelle Unstoppable sem hjálpar konum eftir tíðahvörf að viðhalda eðlilegum lífsstíl og lífsþrótti eftir því sem árin færast yfir.

#### VERTU ÞÚ SJÁLF Á NÝ

Samsetning Femarelle Rejuvenate hentar best til að mæta þörfum kvenna 40 ára og eldri til að vinna á einkennum forstigs tíðahvarfa. Það inniheldur hörfræ extrakt sem stuðlar að eðlilegri líðan þegar kemur að tíðahvörfum og bíótín sem hjálpar konum að haldast í eðlilegu andlegu jafnvægi. B2-vítamín og bíótín (B7) stuðla að viðhaldi eðlilegs hárs og húðar og eðlilegum efnaskiptum ásamt eðlilegri sálfræðilegri starfsemi og minni þreytu og sleni.

#### TAKTU STJÓRN Á LÍKAMANUM

Femarelle Recharge hefur áhrif á þau einkenni sem konur þjást af á meðan á tíðahvörfum stendur. Femarelle Recharge er sama vara og upprunalega Femarelle að viðbættu B6-vítamíni en það magnar þau áhrif sem Femarelle hefur. Femarelle Recharge inniheldur hörfræ extrakt sem hjálpar konum á aldrinum fimmtíu ára og eldri til að taka stjórnina á einkennum tíðahvarfa á öruggan og áhrifaríkan hátt.

#### SIGRAÐU FRAMTÍÐINA

Femarelle Unstoppable hjálpar konum að halda aftur af einkennum í kjölfar tíðahvarfa. Það inniheldur kalk og D-vítamín fyrir eðlilega starfsemi beina og vöðva ásamt B2 og B7 fyrir jafnvægi slímhúðar sem og að minnka þreytu og slen. Femarelle Unstoppable hjálpar konum á aldrinum sextíu ára og eldri við að halda kraftmiklum lífsstíl þegar árin færast yfir.

> Ég hef notað Femarelle um nokkurt skeið og finn það núna hve miklu máli það skipti fyrir mig að byrja á þessari snilldarvöru.
>
> Valgerður

#### GÓÐ REYNSLA AF FEMARELLE

Þær Eva Ólöf Hjaltadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir og Valgerður Kummer Erlingsdóttir hafa allar góða reynslu af Femarelle. „Ég hef notað Femarelle um nokkurt skeið og finn það núna hve miklu máli það skipti fyrir mig að byrja á þessari snilldarvöru,“ segir Valgerður. Eva Ólöf tekur í sama streng og segir: „Ég er svo ánægð með Femarelle, ég er hressari af þeim og ég mæli með þeim við allar vinkonur mínar.“ Selmu Björk líður líka betur eftir að hún fór að nota Femarelle. „Ég er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle, ég er í betra jafnvægi og er öruggari með sjálfa mig.“



Greta Salome á skemmtilega helgi í vændum en hún syngur með fleiri Mosfellingum á tónleikunum í kvöld. Á morgun verður hún svo í Hlégarði. MYND/HANNA

# NOTALEG SVEIT Í BORG

Mosfellingarnir **Greta Salóme Stefánsdóttir** og **Jógvan Hansen** ætla að taka þátt í bæjarhátíðinni Í túninu heima um helgina. Þau segja Mosfellsbæ vera notalegt og samheldið samfélag.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Bæjarhátíðin Í túninu heima verður haldin í Mosfellsbæ um helgina. Dagskráin er full af viðburðum stórum og smáum og er von á að Mosfellingar og aðrir gestir fjölmenni á hátíðina. Tónlistarfólkið Greta Salóme Stefánsdóttir og Jógvan Hansen búa bæði í Mosó og eru ánægð með bæinn sinn. Þau ætla bæði að mæta á Í túninu heima.

Greta Salóme hefur alltaf mætt á bæjarhátíðina þegar hún hefur verið á landinu. Hún hefur bæði spilað á henni og sótt alls konar viðburði. Skemmtilegast við hátíðina finnst Gretu að sjá hverfin þegar er búið að skreyta þau. Hún býst við annasamri og skemmtilegri helgi. „Ég ætla á uppistand á Hvíta riddaranum og svo verð ég að syngja með fleiri Mosfellingum á tónleikunum á laugardagskvöldið. Svo á morgun þá fer ég í Hlégarð þannig að þetta verður skemmtileg helgi.“

Jógvan hefur oft komið sjálfur fram á hátíðinni og hefur því ekki haft mikinn tíma til að kíkja á stemninguna en í ár verður hann ekki að spila. „Það hefur verið þannig hjá okkur að allir í götunni hittast í partíi og grilla saman áður en farið er út á torgið. Ég hef oft verið að spila þannig að ég hef ekki verið mikill þátttakandi sjálfur í hátíðinni en hef þó alltaf náð að fara eitthvað aðeins með krökkunum. Í dag langar mig að kíkja á kjúklingahátíðina, það verður örugglega skemmtilegt. Og svo langar mig að hlusta á Matta Matt á Miðbæjartorginu í kvöld,“ segir hann fullur eftirvæntingar.

Í dag verða árlegir viðburðir eins og stórsýning í umsjón Flugklúbbs Mosfellsbæjar á flugvélum og fornbílum á Tungubökkum. Mosfellingar bjóða í garðinum heima upp á tónlist og uppákomur fyrir gesti. Auk þess verður barnadagskrá, skottmarkaður og vinsælu útimarkaðirnir í Mosfellsdal og í Álafosskvos á sínum stað.

Í kvöld verða haldnir útitónleikar á Miðbæjartorgi og lýkur dagskránni þar með glæsilegri flugeldasýningu í umsjón Björgunarsveitarinnar Kyndils.

## GRETA SALÓME UM MOSÓ

*Hvað er skemmtilegast að gera í Mosó?* Þar sem öll mín fjölskylda býr í Mosó þá held ég að ég verði að segja að það sé skemmtilegast að rölta á milli og eyða góðum tíma saman.

*Áttu þér einhvern uppáhaldsstað í bænum?* Já, leirurnar fyrir neðan Holtin og Tangana og svo auðvitað Tröllateiginn þar sem ég bý.

*Leyndar perlur?* Ég myndi segja að kaffihúsið í Álafosskvosinni sé algjör perla.

*Hvernig eru Mosfellingar?* Mosfellingar eru frábærir. Það er einhver smábæjarbragur á Mosó enn þá þótt bærinn hafi stækkað mjög mikið. Ég fer nánast aldrei út í búð án þess að hitta fólk sem ég þekki eða hef alist upp með þannig að ég myndi segja að þetta sé mjög samheldið samfélag.

*Hvað er best við bæinn?* Þetta er sveit í borg sem ég algjörlega elska.

*Hefur þú búið lengi í bænum?* Ég ólst hér upp en flutti í Grafarholtið 2012 sem entist nú ekki það lengi þar sem ég keypti aftur íbúð í Mosó núna í febrúar þar sem við búum núna.

> Það hefur verið þannig hjá okkur að allir í götunni hittast í partíi og grilla saman áður en farið er út á torgið.
>
> Jógvan Hansen

## JÓGVAN UM MOSÓ

*Hvað hefur þú búið lengi í bænum?* Frá 2010.

*Hvað er best við bæinn?* Konan mín! Og líka hvað hann er sveitalegur en samt alls ekki. Hér er allt til alls og ekki of langt í það, góð sundlaug, góðir skólar og leikskólar, Krónan og Bónus og allt í kring.

*Áttu þér einhvern uppáhaldsstað í bænum?* Það er einfaldlega heimilið mitt. Ég bý neðst í bænum, horfi beint út á sjó og upp á Esjuna. Hér er grænt og fallegt og næturnar eru hvergi fegurri.

*Leyndar perlur?* Álafosskvosin. Allt þetta svæði er gullfallegt og dásamlegt að koma þangað. Líka hesthúsahverfið og niður úr því.

*Hvernig eru Mosfellingar?* Ég elska nágrannana, allir hér eru svo indælir og öllum þykir vænt hverjum um annan og passa upp á náungann.



Jógvan er spenntur fyrir bæjarhátíðinni í Mosó í dag. MYND/STEFÁN




ÍSLENSKA SVEITIN OG SS
Fögur er hlíðin sagði Gunnar forðum. Teigur er stórbýli í Fljótshlíð. Þar býr Arna Dögg í félagsbúi með sauðfé og kýr. SS sækir úrvals afurðir til Örnu Daggar í íslenska sveit og skilar þeim tilbúnum alla leið til neytenda.
Arna Dögg er einn 900 bænda sem eiga SS.
ARNASYNIR
SS


kronotex
FLOORS FOR LIVING


ÚTSALA
Á HÖRKU PLANKA
HARÐPARKETI
VERÐ FRÁ 1.490 kr. m²
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is


Reykt eik er einnig vinsælt gólfefni.


Eik heldur vinsældum sínum á íslenskum heimilum.


„Það loðir reyndar við okkur Íslendinga að þora ekki að gera eitthvað annað en nágranninn er að gera. Fólk mætti auðvitað vera hugrakkara í að láta vaða.“

# MÆTTUM VERA MIKLU DJARFARI

**Halli Friðgeirs** innanhússarkitekt segir Íslendinga hafa tilhneigingu til að fara „öruggu leiðina“ við val á gólfefnum. Úrvalið hafi þó stóraukist á síðustu árum og allir ættu að geta fundið það sem þá langar virkilega í á gólfin.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



Í dag má segja að allt sé leyfilegt í gólfefnum,“ segir innanhússarkitektinn Halli Friðgeirs hjá Stúdíói Halla Friðgeirs & Co, inntur eftir því hvað hafa beri í huga þegar velja eigi gólfefni í mismunandi rými.

„Efnin í dag eru orðin svo sterk og góð og þróunin í gólfefnaframleiðslu hröð. Fólk hefur því úr gífurlega miklu og fjölbreyttu úrvali að velja í dag og þar komum við innanhússarkitektar inn til ráðgjafar. Við þekkjum þessi efni vel. Það er ekkert verkefni of lítið og ekkert verkefni of stórt. Það er einmitt oft mjög gaman að eiga við minnstu rýmin.“

### ÍSLENDINGAR HRIFNIR AF EIK

„Tískan í gólfefnum fer í hringi eins í öðru en eikin er alltaf sígild og afar vinsæl hér á landi. Það loðir reyndar við okkur Íslendinga að þora ekki að gera eitthvað annað en nágranninn er að gera,“ segir Halli sposkur. „Fólk mætti auðvitað vera hugrakkara í að láta vaða. Það er svo mikið úrval af alls konar flottum efnum og í raun bara spurning um að finna út hvað fólk virkilega langar í og leita það uppi. Efnin í dag eru heldur ekki það dýr að fólk ætti að láta það stoppa sig í að velja það sem það langar til að hafa á gólfinu.“


Halli Friðgeirs innanhússarkitekt segir Íslendinga hafa tilhneigingu til að fara „öruggu leiðina“ við val á gólfefnum. MYND/ERNIR

> Það er ekkert verkefni of lítið.
> Halli Friðgeirs

### REYKT EIK OG GRÁAR FLÍSAR

„Ef ég á að nefna það sem er mest „inn“ í dag væri það eikin í parketinu, normal eik og reykt eik, jafnvel burstuð og í breiðum borðum. Í flísum eru jarðtónar alltaf vinsælir, gráir tónar, beis og brúnt. Í veggflísum eru svokallaðar New York-loft flísar, ílangar og upphleyptar afar vinsælar í dag.

„Harðparketið er að koma mjög sterkt inn þó persónulega sé ég reyndar enginn aðdáandi þess. Vínilparket er aftur á móti níðsterkt efni og mýkra undir fæti en harðparketið og hægt að fá það með viðaráferð eða flísaáferð. Sjálfur er ég hrifinn af teppum á gólfin en fólk virðist ragara við að teppaleggja heimilið. Yfirleitt hræðist fólk þrif í því sambandi en þróunin í efnunum í gólfteppum hefur verið slík, til dæmis varðandi loftgæði, að í dag má segja að það séu innbyggð þrifkerfi í teppum. Teppin eru mörg forlituð og upplitast því ekki ef eitthvað hellist niður sem þrífa þarf upp. Steinteppi eiga hins vegar ekki upp á pallborðið hjá mér og ég vil helst ekki nota þau.“


Náttúrutónar í flísum eru sívinsælir.




Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Lögfræðingur

Fjármála- og efnahagsráðuneytið auglýsir eftir lögfræðingi á skrifstofu efnahagsmála og fjármálamarkaðar. Störf lögfræðingsins varða einkum undirbúning nýrrar löggjafar á fjármálamarkaði, meðal annars vátryggingarmála.
Í boði er áhugavert starf á krefjandi og skemmtilegum vinnustað.
Á skrifstofu efnahagsmála og fjármálamarkaðar starfa 12 starfsmenn en í ráðuneytinu eru alls um 85 starfsmenn.

Umsóknarfrestur
**12. september**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/3558**

**Helstu verkefni**

- Vinna við undirbúning nýrrar löggjafar á fjármálamarkaði, m.a. innleiðing á Evrópulöggjöf.
- Ritun lagafrumvarpa og reglugerða.
- Samskipti við Alþingi vegna þingmála, bæði lagafrumvarpa og fyrirspurna.
- Ýmis nefndarstörf og þátttaka í starfshópum á verkefnasviði skrifstofunnar.
- Samskipti við helstu stofnanir á fjármálamarkaði og hagsmunaaðila.
- Samskipti við þær stofnanir sem hafa hlutverki að gegna vegna innleiðingar á Evrópulöggjöf m.a. EFTA, ESA og framkvæmdarstjórn ESB.
- Samskipti við alþjóðastofnanir, einkum AGS og OECD.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Embættis- eða meistarapróf í lögum.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu.
- Reynsla á sviði fjármálamarkaða er æskileg og þekking á sviði hagfræði eða viðskiptafræði er kostur.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er skilyrði.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg og vald á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Góð samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum auk hæfileika til að taka virkan þátt í teymisvinnu.

Ráðuneytið hefur frumkvæði, fagmennsku og árangur að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

Áhugasamir einstaklingar eru hvattir til að sækja um.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Reykjavíkurborg
Skrifstofa þjónustu og reksturs

# Stjórnandi rafrænnar þjónustumiðstöðvar
## Spennandi brautryðjendastarf

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að setja á stofn rafræna þjónustumiðstöð sem hefur þann megintilgang að þróa og breyta framlínuþjónustu borgarinnar þannig að rafræn sjálfsafgreiðsla verði fyrsti kostur hvar sem því verður við komið. Einingunni er þannig ætlað að bæta þjónustu Reykjavíkur og gera hana aðgengilegri. Horft verði til þjónustuhönnunar og hvers kyns tæknilausna til þess að veita framúrskarandi þjónustu.

Skrifstofa þjónustu og reksturs leitar eftir **deildarstjóra rafrænnar þjónustumiðstöðvar**. Um er að ræða spennandi og krefjandi brautryðjendastarf en deildarstjóra er ætlað að leiða uppbyggingu einingarinnar, þróun hennar og daglegan rekstur. Starfið gerir m.a. kröfur um frjóa hugsun, ríka samskiptahæfileika, framsýni og þekkingu á þjónustu, ferlum og tækni.

Skrifstofa þjónustu og reksturs hefur yfirumsjón með og annast samræmingu á þjónustu borgarinnar, sérstaklega rafrænni þjónustu og þjónustu í framlínu borgarinnar. Skrifstofan ber ábyrgð á rekstri þjónustuvers, undir hana heyra skjalasafn Ráðhúss og Skjalaver á Höfðatorgi sem og upplýsingatæknimál borgarinnar með tilheyrandi rekstri tölvubúnaðar, tæknilegu þróunarstarfi og hugbúnaðarþróun. Skrifstofan ber ennfremur ábyrgð á rekstri Ráðhúss, Höfðatorgs, Höfða sem og mötuneyta Ráðhúss og Höfðatorgs.

### Helstu verkefni eru:

- Undirbúningur og uppbygging rafrænnar þjónustumiðstöðvar með tilheyrandi verkefnum
- Daglegur rekstur og utanumhald starfseiningarinnar
- Þróun rafrænna þjónustuferla og innleiðing nýrra ferla
- Hönnun rafrænnar þjónustu og hvers kyns framþróun hennar
- Samskipti við birgja og samstarfsaðila er koma að tæknirekstri, þróun og hönnun
- Önnur dagleg verkefni sem tilheyra starfseminni

Starfshlutfallið er 100%.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Reykjavíkurborg.

Nánari upplýsingar veitir Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri Skrifstofu þjónustu og reksturs í netfangi oskar.j.sandholt@reykjavik.is

### Hæfniskröfur:

- Leiðtogahæfileikar og stjórnunarreynsla
- Framsýni, frumkvæði og metnaður í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af þjónustuveitingu eða þjónustuhönnun
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi eða víðtæk reynsla á starfssviði
- Þekking og áhugi á tæknilausnum og samskiptatækni
- Reynsla eða innsýn í hönnun eða þjónustuhönnun æskileg
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 12. september.**
Umsækjendur skulu sækja um á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.

# VERKEFNASTJÓRI

trix

**Trix leitar að verkefnastjóra í fullt starf til að sinna fjölbreyttum verkefnum á sviði vöruframleiðslu.**

Við leitum að jákvæðum, metnaðarfullum og úrræðagóðum eintaklingi, sem hefur gott auga fyrir fallegri hönnun og áhuga á að vinna við krefjandi og skapandi verkefni í vaxandi fyrirtæki. Nauðsynlegt er að viðkomandi sé nákvæmur, með frábæra skipulagshæfileika, sé góður í mannlegum samskiptum og njóti þess að starfa sjálfstætt.

Trix vöruþróun ehf. sérhæfir sig í hönnun og framleiðslu á vönduðum auglýsinga- og gjafavörum fyrir íslensk fyrirtæki og hönnuði. Trix vöruþróun ehf. var stofnað árið 2015 og er í eigu hönnunarfyrirtækisins Tulipop.

**Starfssvið:**

- Þjónusta við viðskiptavini
- Markaðssetning á þjónustu fyrirtækisins
- Umsjón með framleiðslu hönnunar- og markaðsvara
- Hugmyndavinna og samskipti við hönnuði
- Samskipti við alþjóðlega framleiðendur
- Umsjón með flutningi og afhendingu vara

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði viðskiptafræði eða verkfræði
- Reynsla af sölumálum og þjónustu við viðskiptavini er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Kunnátta á Excel er nauðsynleg
- Reynsla í notkun bókhaldskerfa er kostur
- Mjög góð enskukunnátta nauðsynleg

Umsóknir skal senda á **atvinna@trix.is** fyrir 3. september nk.

**Trix vöruþróun ehf. | Fiskislóð 31 | 101 Reykjavík | Sími 519 6990**

# NETTÓ HAFNARFIRÐI ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI

**NÝ VERSLUN**

Ný og glæsileg Nettó verslun opnar í Hafnarfirði og því óskum við eftir starfsfólki. Í boði er bæði fullt starf og vinna eftir hádegi. Reynsla af verslunarstörfum kostur.

**Umsóknir sendist á:**
**hafnarfjordur@urval.is**
**Umsóknarfrestur er til 4. sept.**

**Nánari upplýsingar veitir:**
**Jónatan Eggertsson, verslunarstjóri í síma 861 7771.**

nettó

STUÐLAR
MEÐFERÐARSTÖÐ FYRIR UNGLINGA

Fossaleynir 17 (Grafarvogi), 112 Reykjavík
www.studlar.is mru@studlar.is

## Starfsmaður á lokaða deild Stuðla

Vilt þú taka þátt í krefjandi og spennandi starfi með unglingum? Um er að ræða 100% starf í vaktavinnu, aðallega á lokaðri deild en einnig á meðferðardeild Stuðla.

**Starfsvið**
***Á lokaðri deild felst starfið m.a. í:***

- Umönnun og gæslu ungmenna
- Einstaklingsbundnum stuðningi við unglinga á deildinni
- Fylgja eftir því verklagi sem á deildinni er ásamt skráningu upplýsinga

*og á meðferðardeild, eftir því sem við á:*

- meðferðarvinnu og daglegum samskiptum, við unglinga
- samskiptum við foreldra
- vinnu að tómstundastarfi með unglingum
- einstaklingsbundnum stuðningi við unglingana í meðferð í samvinnu við deildarstjóra, og sálfræðinga.

**Persónulegir eiginleikar**
Lögð er áhersla á persónulega eiginleika, svo sem góða samskiptahæfni, sveigjanleika, jákvætt viðhorf til skjólstæðinga, stundvísi, áhuga á meðferðarstörfum og skipulögð vinnubrögð.

**Hæfnikröfur**

- Reynsla og/eða menntun sem að mati forstöðumanns nýtist í starfi, t.d. í meðferðar-, tómstunda- eða íþróttastarfi.
- Áhugi á að vinna með unglingum
- Umsækjendur þurfa að geta tileinkað sér þá meðferðarnálgun og verklagsreglur sem unnið er eftir á Stuðlum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir deildarstjóri Neyðarvistunar, Böðvar Björnsson. Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá Funa Sigurðssyni, forstöðumanni Stuðla, í síma 530 8800

Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat forstöðumanns Stuðla á hæfni og eiginleikum umsækjanda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi SFR og ríkisins.

**Umsóknarfrestur er til 11. sept nk.** og þarf umsækjandi helst að geta hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.

**Umsóknir berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eigi síðar en 11. september 2016.**
**Auglýsingin gildir í 6 mánuði**

Langar þig til að verða

# Sviðsstjóri áhættustýringar

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda óskar eftir að ráða í starf sviðsstjóra áhættustýringar.

Umsóknarfrestur
**6. september**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/3561**

**Helstu verkefni**

- Mótun og ábyrgð á áhættustefnu í samráði við framkvæmdastjóra.
- Eftirlit með áhættu sjóðsins.
- Áhættumat og greiningar.
- Umsjón með innra eftirliti.
- Viðhald og þróun á áhættustýringakerfum sem og gerð verkferla.
- Greining og áhættumat fjárfestinga.
- Samskipti, skýrslugerð og miðlun upplýsinga til stjórnenda og eftirlitsaðila.
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, til dæmis á sviði verk-, viðskipta-, hag-, eðlis- eða jarðeðlisfræði.
- Próf í verðbréfaviðskiptum er kostur.
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur en ekki skilyrði.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er nauðsynleg.
- Góð kunnátta í upplýsingatækni og hagnýtingu hennar.
- Leiðtogahæfileikar og góð samskiptafærni.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun.
- Frumkvæði og geta til að starfa undir álagi.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda er lífeyrissjóður ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum sem eiga ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Hann getur því verið góður kostur fyrir ýmsa aðila sem þurfa að velja sér lífeyrissjóð. Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign. Hann er sjálfstæður lífeyrissjóður sem ekki starfar í tengslum við stéttarfélag.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent




# Við bjóðum upp á rafmagnaða framtíð

## Sérfræðingur í stjórnstöð

Við leitum að ábyrgum sérfræðingi í stjórnstöð á kerfisstjórnunarsviði. Stjórnstöð Landsnets er miðstöð fyrir stýringu og samhæfingu raforkukerfisins alls. Þar fer fram rauntímastýring ásamt samhæfingu viðhaldsaðgerða og viðbragða í truflanarekstri. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem felur í sér kerfisstjórnun auk annarra verkefna sem tengjast rauntímastýringu og áætlanagerð. Starfið er unnið á dag- og næturvöktum.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Stýring og vöktun raforkukerfisins
- Aðgerðastjórnun og áætlanagerð um rekstur flutningskerfisins
- Hönnun og endurbætur á verkferlum
- Kerfisgreiningar, úrvinnsla gagna og skýrslugerð
- Eftirlit með öryggiskröfum Landsnets
- Þátttaka í rekstri reglunaraflsmarkaðar

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun á sviði rafmagnsverkfræði eða tæknifræði, sérhæfing á raforkusviði er æskileg
- Hæfni til að vinna undir álagi
- Hæfni í samskiptum og samvinnu
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Hæfni til að taka ákvarðanir óhindrað
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og staðfesta við úrvinnslu verkefna

## Rafiðnaðarmaður á Egilsstöðum

Við leitum að rafiðnaðarmanni til starfa hjá Netþjónustu á framkvæmda- og rekstrarsviði Landsnets við rekstur og viðhald á flutningskerfinu. Um er að ræða fjölbreytt starf hjá starfsstöð fyrirtækisins á Egilsstöðum við að tryggja örugga afhendingu rafmagns á Íslandi. Starfsvettvangur er um allt land. Starfið krefst frumkvæðis og áhuga á raforkumálum. Rík áhersla er lögð á öryggis-, heilsu- og umhverfismál.

**Starfssvið- og ábyrgðarsvið**

- Rekstur og viðhald á tengivirkjum (há- og lágspennubúnaði), háspennulínum og háspennustrengjum
- Þátttaka í vinnu við endurnýjun og nýbyggingar flutningsvirkja
- Þátttaka í gerð viðbragðsáætlana og bakvöktum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun í rafiðnfræði, sveinspróf í rafvirkjun eða rafvirkjanemi
- Sjálfstæði og skipulag í vinnubrögðum
- Reynsla af miðlun upplýsinga í töluðu og rituðu máli og hæfileiki til að setja fram efni á skýran hátt
- Meirapróf og vinnuvélaréttindi eru kostir

## Sérfræðingur í innkaupum

Vilt þú starfa í áhugaverðu umhverfi og sinna starfi sem snertir alla þætti aðfangakeðju Landsnets? Um er að ræða nýtt starf á fjármálasviði sem gefur áhugasömum einstaklingi tækifæri til þess að vaxa í starfi og auka hagkvæmni í rekstri Landsnets. Starfið heyrir undir innkaupastjóra.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Umsjón með verðfyrirspurnum, útboðum, samskiptum við birgja og eftirfylgni með þessum verkefnum
- Skipulagning aðfangakeðju
- Umsjón með rafrænu útboðskerfi Landsnets
- Gerð samninga, samningsstjórnun og verðeftirlit
- Þátttaka í undirbúningi framkvæmdaútboða
- Innkaupagreiningar
- Umsjón með innkaupakerfi Landsnets

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á lagaumhverfi opinberra innkaupa er kostur
- Þekking og reynsla af innkaupum og flutningamálum er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í samskiptum og samvinnu
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð almenn tölvuþekking

**Umsóknarfrestur starfa er til og með 11. september 2016.**
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tinni Kári Jóhannesson (tinni.johannesson@capacent.is) hjá Capacent.

**Um Landsnet.** Við flytjum raforku á Íslandi og stýrum uppbyggingu flutningskerfisins. Við sjáum fyrir okkur rafvædda framtíð sem er í takt við samfélagið og höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga afhendingu á raforku til framtíðar og að ná sátt um þær leiðir sem farnar verða. Við viljum taka tillit til þarfa samfélagsins á hverjum tíma og sýnum ábyrgð í umgengni við náttúruna. Við berum umhyggju hvert fyrir öðru og viljum skapa góðan vinnustað með spennandi verkefnum. Við höfum að leiðarljósi gildin okkar: samvinnu, ábyrgð og virðingu.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

**Mímir – símenntun** er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands og starfar á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar. Meginmarkmið Mímis er að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Annað meginmarkmið er að bjóða upp á fjölbreytt námskeið í íslensku sem öðru máli, tungumálanámskeið og námskeið fyrir fatlað fólk. Áhersla er lögð á samstarf við atvinnulífið og þróun fjölbreyttra námstilboða.

Mímir – símenntun starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til þess að annast framhaldsfræðslu. Mímir – símenntun er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

# Verkefnastjóri

Mímir – símenntun auglýsir eftir öflugum einstaklingi til að stýra námskeiðum, þróa ný verkefni og vera ábyrgur þátttakandi í að efla faglegt starf. Verkefnastjóri tekur þátt í samvinnu innan fyrirtækisins í samræmi við heildarstarfsemi og stefnu þess. Hann ber ábyrgð á að verkefni þau er hann annast séu unnin samkvæmt áætlun og markmiðum fyrirtækisins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Skipulagning og framkvæmd námskeiða
- Að annast samskipti við samstarfsaðila
- Kennsla eftir samkomulagi
- Þátttaka í þróunarverkefnum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Áhugi á að vinna með fólki með ólíka reynslu
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Kunnátta í öðrum tungumálum æskileg
- Mjög góð samskiptahæfni og þjónustulipurð
- Sjálfstæði, frumkvæði og hæfni til að vinna í hópi
- Góð tölvukunnátta

**Upplýsingar veita:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir**
geirlaug@hagvangur.is
**Leifur Geir Hafsteinsson**
leifurgeir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 10. sept.**

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni í starfið og ástæðu umsóknar.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

SA
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslenskra atvinnulífs með sex aðildarsamtökum sem starfa á grunni atvinnugreina. Yfir 2.000 fjölbreytt fyrirtæki eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins, allt frá sjálfstætt starfandi frumkvöðlum til stærstu fyrirtækja landsins. Hjá aðildarfyrirtækjum SA starfa um 70% launafólks á almennum vinnumarkaði.



# Framkvæmdastjóri SA

Samtök atvinnulífsins óska eftir að ráða framkvæmdastjóra. Leitað er að öflugum einstaklingi til krefjandi stjórnunar- og leiðtogastarfa þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði, forystuhæfileika og skipulögð vinnubrögð.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Dagleg stjórnun skrifstofu
- Ábyrgð á starfsemi SA gagnvart stjórn
- Að fylgja eftir stefnu og ákvörðunum stjórnar og samþykktum aðalfundar
- Að stuðla að öflugum tengslum við aðildarfélög um allt land, styðja og samhæfa starf þeirra
- Samningagerð
- Erlend samskipti

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Sterk tengsl í atvinnulífinu
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Miklir forystuhæfileikar
- Góð færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tungumálakunnátta, a.m.k. enska og eitt Norðurlandamál

**Upplýsingar veitir:**
**Katrín S. Óladóttir**
katrin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 7. september nk.**

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni í starfið og ástæðu umsóknar.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Mannvirkja stofnun

Mannvirkjastofnun starfar skv. lögum nr. 160/2010. Stofnunin skal tryggja samræmingu á byggingar- og eldvarnaeftirliti og starfsemi slökkviliða í samráði við viðkomandi stjórnvöld og hafa yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum.

# MANNVIRKJASTOFNUN AUGLÝSIR

Mannvirkjastofnun leitar að kröftugu starfsfólki til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu stofnunarinnar. Í boði eru krefjandi störf hjá stofnun sem veitir starfsmönnum tækifæri til að sinna faglegri uppbyggingu í starfi með virkri endurmenntun og þjálfun. Góð vinnuaðstaða er í boði.

Við sækjumst sérstaklega eftir að ráða til okkar jákvætt fólk sem er lipurt í samskiptum, tekur frumkvæði að umbótum, sýnir sjálfstæði í starfi, drífur áfram verkefni og hefur yfir að ráða mikilli greiningarhæfni.

## Markaðseftirlit byggingarvöru

Um er að ræða krefjandi starf á byggingasviði sem felur í sér ráðgjöf, fræðslu, skipulag og úrvinnslu með ýmsum þáttum er varða markaðskannanir og markaðseftirlit. Auk þess felur starfið í sér samskipti við innlenda og erlenda aðila sem tengjast sviðinu, auk gerðar og miðlunar fræðsluefnis. Nánari lýsingu á starfinu er að finna á www.mvs.is.

**Menntun, reynsla og hæfni:**

- Byggingarverkfræðingur eða byggingartæknifræðingur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku og enskukunnátta og færni í einu Norðurlandamáli er kostur
- Almenn þekking á gagnagrunnum og vefsíðugerð er kostur

## Visthönnun vöru og orkumerkingar

Um er að ræða nýtt verkefni á byggingasviði sem Mannvirkjastofnun hefur verið falið að sinna. Tilgangur starfsins er að stuðla að visthönnun vöru sem notar orku með það að markmiði að efla hönnun, framleiðslu, markaðssetningu og notkun á vörum sem eru umhverfisvænar, með minni orkunotkun og umhverfisálag að leiðarljósi. Nánari lýsingu á starfinu er að finna á www.mvs.is.

**Menntun, reynsla og hæfni:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Þekking á gagnagrunnum, rafrænni þjónustu og vefsíðugerð er kostur
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Færni í Norðurlandamáli er kostur

## Gæðastjórnunarkerfi

Um er að ræða krefjandi starf á byggingasviði sem felur í sér umsjón og eftirlit með ýmsum þáttum er varða gæðastjórnunarkerfi hönnuða, iðnmeistara og byggingarstjóra og upplýsingagjöf vegna þeirra. Auk þess felur starið í sér samskipti við skoðunarstofur, umsjón með vátryggingamálum, auk ráðgjafar og fræðslu um reglur er varða gæðastjórnunarkerfi. Nánari lýsingu á starfinu er að finna á www.mvs.is.

**Menntun, reynsla og hæfni:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla í gæðastjórnun og gæðastjórnunarkerfum er kostur
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta
- Almenn þekking á vefsíðugerð er kostur
- Góð þekking á gagnagrunnum er kostur

## Sérfræðingur – rafmagnstæknifræðingur

Um er að ræða faglegt og krefjandi starf á rafmagnsöryggissviði sem felur í sér tæknilega ráðgjöf um reglur er varða rafmagnsöryggismál, framkvæmd eftirlits með rafverktökum og neysluveitum og fræðslu og kynningu um rafmagnsöryggi. Nánari lýsingu á starfinu er að finna á www.mvs.is.

**Menntun, reynsla og hæfni:**

- Próf í tæknifræði á rafmagnssviði (sterkstraums) er skilyrði
- Góð tölvukunnátta
- Þekking á gagnagrunnum og rafrænni þjónustu er kostur
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Þekking á gæðastjórnun og gæðastjórnunarkerfum er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Færni í Norðurlandamáli er æskileg
- Þátttaka í stöðlunarvinnu á sviði rafmagns og góð þekking á rafmagnsstöðlum er kostur

## Sérfræðingur – rafmagnsverkfræðingur / rafmagnstæknifræðingur

Um er að ræða faglegt og krefjandi starf á rafmagnsöryggissviði sem felur í sér tæknilega ráðgjöf um reglur er varða rafmagnsöryggismál, framkvæmd eftirlits með innri öryggisstjórnunarkerfum raforkufyrirtækja og fræðslu og kynningu um rafmagnsöryggi. Nánari lýsingu á starfinu er að finna á www.mvs.is.

**Menntun, reynsla og hæfni:**

- Próf í verk- eða tæknifræði á rafmagnssviði (sterkstraums) er skilyrði
- Góð tölvukunnátta
- Þekking á gagnagrunnum og rafrænni þjónustu er kostur
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Þekking á gæðastjórnun og gæðastjórnunarkerfum er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Færni í einu Norðurlandamáli er æskileg

i

Sækja skal um störfin rafrænt í gegnum tengil sem má finna á heimasíðu Mannvirkjastofnunar: www.mvs.is og í auglýsingu stofnunarinnar á www.starfatorg.is. Þar er einnig að finna nánari lýsingar á störfunum.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störfin.

Umsóknarfrestur er til og með 12. september nk.
Umsókn um starf þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veitir:
Leifur Geir Hafsteinsson, leifurgeir@hagvangur.is, s. 520 4700

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Tækniteiknari – Góð laun í boði

**Meðalstór verkfræðistofa í góðum rekstri óskar eftir að ráða reyndan tækniteiknara til starfa. Í boði er faglegt vinnuumhverfi og fjölbreytt verkefni. Lögð er áhersla á góðan starfsanda í öflugum hópi sérfræðinga.**

**Samskeppnishæf laun og starfsmenn eru metnir að verðleikum.**

Verkefnin eru við teiknun burðarvirkja og lagna fyrir allar gerðir mannvirkja.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Góð kunnátta á Revit skilyrði
- Góð kunnátta í AutoCad
- Góð kunnátta í Word og Excel
- Vandvirkni og fagleg vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð samskiptahæfni


lind@talent.is


bryndis@talent.is

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is

Umsjón með starfinu hefur Lind, lind@talent.is, s: 552-1600

Umsóknarfrestur er til og með 3. september nk. Sótt er um starfið á www.talent.is.

MOSFELLSBÆR Lágafellsskóli

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ

**Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi.**

Má bjóða þér að vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum. Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda Uppbyggingarstefnunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útibúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum.

- **Laus er staða náms- og starfsráðgjafa, 70% starfshlutfall**
- **Kennari óskast í sérkennslu á yngsta stigi, 50 – 60% starfshlutfall**
- **Frístundaleiðbeinendur óskast til starfa við Frístundsel Lágafellsskóla**

Nánari upplýsingar um störfin má finna á vefsíðu Mosfellsbæjar www.mos.is

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga. Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 5259200/8968230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

**Umsóknarfrestur er til 9. september 2016.**

*Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.*

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA


lind@talent.is


bryndis@talent.is

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is

**Sjóvá** 440 2000 **sjova.is**

# Útibússtjóri á Akureyri

Við leitum að **kraftmiklum stjórnanda** til að leiða svæðisútibú okkar á Akureyri. Viðkomandi þarf að búa yfir leiðtogahæfileikum og ríkri þjónustulund.

**VIÐ LEITUM AÐ EINSTAKLINGI**

- með reynslu og hæfileika á sviði stjórnunar
- sem þekkir og hefur reynslu af þjónustu á svæðinu
- með háskólamenntun sem nýtist í starfi
- sem sýnir frumkvæði, framsýni og skipulögð vinnubrögð

**STARFIÐ FELUR Í SÉR**

- ábyrgð á stjórnun, rekstri og þjónustu svæðisútibúsins
- ábyrgð á samskiptum við umboðs- og þjónustuaðila á Norðurlandi
- ráðgjöf og þjónustu vegna sölu trygginga og umsýslu tjóna
- viðhald og uppbyggingu viðskiptatengsla á svæðinu

Sjóvá starfrækir öflugt þjónustunet með 11 útibúum og 22 umboðs- og þjónustuaðilum um allt land. Útibúið á Akureyri er hjarta starfseminnar á Norðurlandi og undir það heyra allir umboðs- og þjónustuaðilar Sjóvár á svæðinu.

Umsóknarfrestur er til og með **5. september 2016.** Sótt er um á vef Capacent.

Nánari upplýsingar veitir Þóra Pétursdóttir, **thora.petursdottir@capacent.is**.

SJÓVÁ

Alþýðusamband Íslands er heildarsamtök launafólks. Félagsmenn í ASÍ eru um hundrað þúsund í fimm landssamböndum og 50 aðildarfélögum um land allt. Þar af eru ríflega 98.000 virkir á vinnumarkaði. Félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ eru starfandi á flestum sviðum samfélagsins, á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum. Alþýðusambandið berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um hagsmuni þeirra og réttindi.

# Eldhugi í hagdeild

Alþýðusamband Íslands leitar að metnaðarfullum einstaklingi með góðan skilning á umhverfi verkalýðshreyfingarinnar og brennandi áhuga á hagsmunum launafólks.
Hagdeild ASÍ fæst m.a. við rannsóknir og ráðgjöf á sviði efnahags- og kjaramála auk úttekta og tillögugerðar vegna vinnu samtakanna að velferðar-, skatta-, atvinnu- og verðlagsmálum.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Rannsóknir á sviði efnahags- og kjaramála
- Úrvinnsla tölulegra gagna
- Mótun stefnumála samtakanna og eftirfylgni
- Samskipti við skrifstofur aðildarfélaga og landssambanda
- Þátttaka í málefnanefndum ASÍ
- Þátttaka í samstarfi ASÍ við erlend systursamtök og alþjóðasamtök stéttarfélaga
- Vinnsla umsagna fyrir hönd ASÍ í tilteknum málaflokkum
- Frétta-, greina- og skýrsluskrif, kynningarmál og fræðsla

**Æskileg menntun og hæfni**

- Góður skilningur á málefnum vinnumarkaðarins og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar
- Faglegur metnaður og frumkvæði
- Mikil greiningarhæfni og hæfni í útreikningum og úrvinnslu tölulegra gagna
- Geta til að heimfæra tölulegar niðurstöður upp á samfélagsleg málefni
- Háskólamenntun tengd starfinu, svo sem hagfræði, viðskiptafræði, félagsfræði, stjórnmálafræði, vinnumarkaðsfræði eða annað sambærilegt
- Rík áhersla á tölfræði og aðferðafræði í námi er skilyrði
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

**Upplýsingar veita:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir**
geirlaug@hagvangur.is
**Leifur Geir Hafsteinsson**
leifurgeir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk.**
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni í starfið og ástæðu umsóknar.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Listasafn ASÍ er eign Alþýðusambands Íslands, stofnað samkvæmt ósk og að frumkvæði Ragnars Jónssonar til minningar um Erlend Guðmundsson í Unuhúsi. Meginhlutverk safnsins er að stuðla að því að íslensk myndlist nái til almennings með því að koma safneign safnsins sem víðast á framfæri.

# Forstöðumaður Listasafns ASÍ

Listasafn ASÍ óskar eftir að ráða forstöðumann í 50% starfshlutfall. Leitað er að einstaklingi sem getur unnið mjög sjálfstætt, tekið frumkvæði og sýnt hugmyndaauðgi við að finna leiðir til að uppfylla hlutverk og tilgang Listasafns ASÍ sem best.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Að móta starfsemi Listasafns ASÍ út frá nýjum forsendum, þar sem viðfangsefnið verður að halda utan um og koma á framfæri safneign safnsins.
- Að annast og bera ábyrgð á rekstri og starfsemi safnsins í samræmi við ákvarðanir rekstrarstjórnar og miðstjórnar ASÍ.
- Umsjón, varðveisla og endurnýjun safneignar og skráning hennar í Sarp.
- Gerð 2-3 sýninga úr safneigninni árlega í samstarfi við söfn og sýningarstaði um allt land. Einnig að leita eftir samstarfsaðilum og gera samninga við þá.
- Umsjón með vinnustaðasýningum – eftirlit og gerð nýrra sýninga.
- Að bæta vef safnsins og nota hann til að kynna safneignina betur.
- Að hafa frumkvæði að nýjungum í starfi safnsins og þróun þess.
- Að annast og bera ábyrgð á kynningum og auglýsingum og gerð fjárhagsáætlana.

**Æskileg menntun og hæfni**

- Menntun tengd safnastarfi og/eða myndlist er kostur
- Haldbær reynsla af safnastarfi er kostur
- Reynsla af rekstri er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er mjög æskileg
- Sjálfstæði, frumkvæði og drifkraftur
- Hugmyndaauðgi og víðsýni
- Skipulagshæfni og samskiptahæfni

**Upplýsingar veita:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir**
geirlaug@hagvangur.is
**Leifur Geir Hafsteinsson**
leifurgeir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk.**
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni í starfið og ástæðu umsóknar.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

## Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Sjúkraliði eða sjúkraliðanemi – Heimahjúkrun Reykjavíkur

Langar þig að verða hluti af frábærum starfsmannahóp sem starfar við heimahjúkrun að Sléttuvegi 3, 7 og 9 í Reykjavík. Starfsemin tilheyrir Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis og er samþætt þjónusta heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu. Markmið þjónustunnar er að auka sjálfstæði fatlaðs fólks.

Óskað er eftir sjúkraliðum eða sjúkraliðanemum í 35-90% starfshlutfall. Unnið er dag-, kvöld- og næturvaktir. Unnið er eina til tvær helgar í mánuði og ýmsir möguleikar eru á vakta- og vinnufyrirkomulagi. Stöðurnar eru lausar frá byrjun október eða eftir nánara samkomulagi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Einstaklingsmiðuð aðstoð við athafnir daglegs lífs inn á heimili fatlaðs fólks.
- Umönnun og hjúkrun samkvæmt einstaklingsáætlun
- Teymisvinna.

**Hæfnikröfur**
- Sjúkraliðamenntun eða sjúkraliðanemar búnir með þrjá hjúkrunaráfanga.
- Starfsreynsla af umönnunarastörfum æskileg.
- Frumkvæði, sveigjanleiki og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Stundvísi.
- Góð íslensku kunnátta skilyrði.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkur og Sjúkraliðafélags Íslands.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bára Denný Ívarsdóttir forstöðumaður í síma 665 5873 eða með því að senda fyrirspurnir á bara.denny.ivarsdottir@reykjavik.is

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is**
**Umsóknarfrestur er til 12. september n.k**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.**

# Verslunarstjóri

## Verslunarstjóri óskast í Kjarval Þorlákshöfn

### Starfslýsing:
- Innkaup og sala
- Stjórnun starfsfólks í versluninni
- Ábyrgð á ráðningum og tímaskráningum
- Ábyrgð og umsjón með fjármunum
- Ábyrgð og eftirlit með birgðum og rýrnun
- Ábyrgð á útliti verslunar
- Umsjón og framkvæmd vikutilboða
- Samskipti við birgja
- Samþykkt reikninga
- Þátttaka í áætlanagerð og framkvæmd áætlana
- Áfyllingar í verslun ásamt almennum verslunarstörfum

### Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun í viðskiptafræði eða verslunarstjórnun er kostur
- Reynsla af matvörumarkaði er kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni í Outlook, Excel og Navision
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Hreint sakarvottorð

Umsóknarfrestur er til og með 4. sept. 2016
Umsóknir og nánari upplýsingar gefur Guðjón Gestsson svæðisstjóri Kjarvals í gudjong@festi.is

Kjarval

## SILKIPRENTARI ÓSKAST
## GÓÐ LAUN Í BOÐI

Viðkomandi þarf að vera 20 ára eða eldri, reyklaus og hafa reynslu af silkiprentun.

Áhugasamir sendi umsókn með mynd á sala@bolasmidjan.is.

BOLASMIÐJAN
SMIÐJUVEGUR 28 // 553 5010



ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

## LIÐSAUKI ÓSKAST

**Vegna aukinna umsvifa vantar okkur vana menn til starfa á verkstæði okkar.**

### VANUR BIFVÉLAVIRKI Á ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
Okkur vantar vanan bifvélavirkja til að sinna fjölbreyttum verkefnum á þjónustuverkstæði okkar. Menntun í bifvélavirkjun er skilyrði og mikil reynsla æskileg.

### STARFSMAÐUR Á BREYTINGAVERKSTÆÐI
Við leitum að starfsmanni með góða þekkingu en ekki síst brennandi áhuga á jeppum og jeppabreytingum. Reynsla af breytingavinnu er æskileg og iðnmenntun er kostur.

Arctic Trucks er þjónustufyrirtæki sem vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. Umsóknir sendist á netfangið umsokn@arctictrucks.is. Upplýsingar veitir Hallveig Andrésdóttir, sími 540 4911. **Umsóknarfrestur er til 12. september.**

Klettháls 3 | 110 Reykjavík | 540 4900 | www.arctictrucks.is

## YFIRNÁTTÚRULEG ÞJÓNUSTA & ELDHÚSSTÖRF

Við leitum að framúrskarandi fólki í fullt starf á veitingastöðum okkar. Ef þú hefur áhuga á að þjónusta viðskiptavini okkar eða taka þátt í að framreiða ferskan og heilnæman mat í skemmtilegum og jákvæðum hópi fólks, sendu okkur þá umsókn á netfangið:

**umsoknir@glo.is**

**Kröfur um hæfni og þekkingu:**
*Góð þjónustulund og snyrtimennska*
*Gott vald á íslensku og talaðri ensku*
*Hafa náð 18 ára aldri*

glō

Laugavegur 20b · Engjateigur 17-19 · Fákafen 11
Hæðasmári 6 · Sími 553 1111 · www.glo.is
#GloMeUp · @gloiceland

# Sérhæft starf í vöruhúsi

Traust þjónustufyrirtæki í Hafnarfirði leitar að áreiðanlegum starfsmanni í vöruhús auk annarra tilfallandi verkefna.

Leitað er að einstaklingi sem hefur náð 20 ára aldri, er samviskusamur, þjónustulundaður og hefur metnað fyrir að ná árangri í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið finnur þú á www.intellecta.is.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

---

**We´re looking for car builders**
**or skilled men in car bodywork.**

Please send your applications to
bjarni@bilastjarnan.is or call 778 6380

Bílastjarnan
Bílamálun og Réttingar

---



## *Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn*

Slökkvilið Fjarðabyggðar óskar eftir að ráða slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn til starfa á slökkvistöðinni að Hrauni á Reyðarfirði. Um er að ræða 100% starf í vaktavinnu við sjúkraflutninga og slökkvistörf.

**Helstu verkefni:**
Slökkvistörf, sjúkraflutningar, reykköfun, æfingar, þjálfun, umhirða tækja og búnaðar.

**Menntunar- og/eða hæfniskröfur:**
Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 8. gr. reglugerðar nr. 792/2001, sem gerir m.a. kröfu um eftirfarandi:

- Góðir líkamsburðir, andlegt og líkamlegt heilbrigði, reglusemi og háttvísi, góð sjón og heyrn, rétt litaskynjun. Þá verða umsækjendur að vera lausir við lofthræðslu og innilokunarkennd.
- Aukin ökuréttindi til að stjórna vörubifreið og leigubifreið.
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærileg menntun (stúdentspróf) og reynsla.
- Umsækjendur þurfa að standast læknisskoðun og þrekpróf auk annarra inntökuprófa.
- Jákvætt hugarfar og færni í mannlegum samskiptum.
- Vammleysi, s.s. að hafa á sér gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.
- Menntun og/eða reynsla af starfi slökkviliðs- og/eða sjúkraflutningamanna er kostur.

**Fylgigögn:**
Prófskírteini, læknisvottorð, sakavottorð, ljósrit af ökuskírteini og ferilsskrá.

Kröfur um viðbragð setja skorður á búsetu innan ákveðinnar fjarlægðar frá slökkvistöð. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.
Sótt er um störfin á vef Fjarðabyggðar, fjardabyggd.is.
**Umsóknarfrestur er til og með 11. sept. 2016.**

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Helgi Sigfússon slökkviliðsstjóri, mummi@fjardabyggd.is eða í síma 470 9081.

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

---

# Ertu fljúgandi fær?



## SÉRFRÆÐINGUR Í FLUGREKSTRAR- OG SKÍRTEINADEILD

**Samgöngustofa óskar eftir að ráða sérfræðing í þjálfunar- og skírteinamálum er tengjast flugi.** Í starfinu felst m.a. að leiðbeina, tryggja og hafa eftirlit með að umsækjendur um flugstarfaskírteini og þjálfunar- og kennsluleyfi uppfylli gildandi reglugerðarkröfur. Stór hluti samskipta við umsækjendur fer fram á ensku. Starfshlutfall er 100% og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í alþjóðlegu umhverfi, þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Mjög góð ensku- og íslenskukunnátta, bæði í ræðu og riti
- Háskólapróf sem nýtist í starfi eða sambærileg menntun æskileg
- Flugtengd menntun eða reynsla æskileg
- Áhugi á flugmálum nauðsynlegur
- Hæfileiki til að túlka, útskýra og setja fram með skýrum hætti reglugerðarkröfur
- Góð tölvuþekking
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, skipulögð og nákvæm vinnubrögð og fagmennska í starfi
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum

### Umsóknarfrestur er til 12. september 2016

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á **www.samgongustofa.is/storf**

Nánari upplýsingar veitir **Arna Ómarsdóttir**, hópstjóri í flugrekstrar- og skírteinadeild, í síma **480 6000**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Samgöngustofa áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Samgöngustofa hvetur jafnt konur sem karla til að sækja um þessa stöðu.

**Hjá Samgöngustofu starfa um 140 öflugir starfsmenn sem hlakka til þess að þú bætist í hópinn. Lagt er upp með jákvæðan og skemmtilegan starfsanda, frumkvæði og þátttöku, auk þess sem mötuneytið er frægt fyrir frábæran mat. Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála sem annast eftirlit með flugi, siglingum og umferð. Á hverjum degi erum við að læra hvert af öðru og sinna viðskiptavinum af kostgæfni með það að markmiði að verða betri og betri.**

**Frekari upplýsingar** um Samgöngustofu er að finna á vef stofnunarinnar **www.samgongustofa.is**

Samgöngustofa

samgongustofa.is | Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 16-2462

HEILSUGÆSLAN



## Yfirlæknir á Göngudeild sóttvarna og hælisleitenda

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf yfirlæknis Göngudeildar sóttvarna og hælisleitenda. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfni og samskiptahæfileika. Starfshlutfall er 50% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. október nk. eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. september 2016.**

Yfirlæknirinn verður tengiliður Íslands gagnvart Alþjóða heilbrigðismálastofnun (WHO), Evrópsku sóttvarnastofnun (ECDC) og Alþjóðlegu berkla- og lungnasamtökunum (IUATLD) í umboði sóttvarnalæknis um berklasjúkdóm hér á landi, sem felur í sér ábyrgð á beitingu og samræmingu greiningar, skráningar og meðferð berklatilfella. Meginsvið starfsemi Göngudeildar sóttvarna og hælisleitenda eru auk berklavarna, ferðamannaheilsuvernd, heilbrigðisskoðun innflytjenda og heilbrigðisþjónusta við hælisleitendur.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Greining og meðhöndlun tilfella þar sem berklagrunur hefur komið upp
- Framkvæmd nándarleitar (contact tracing) í umhverfi smitbera og beiting varnandi meðferðar þar sem við á
- Samræming og ráðgjöf við greiningu og meðferð berklaveiki á landsvísu
- Alþjóðleg samskipti í samvinnu við sóttvarnalækni og alþjóðlegar stofnanir á sviði berkla
- Varsla gagnagrunna berkla samkvæmt umboði sóttvarnalæknis
- Heilbrigðisskoðun innflytjenda
- Heilbrigðisþjónusta hælisleitenda
- Ráðgjöf og framkvæmd ferðamannabólusetninga
- Ráðgjöf til starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar um (ferðamanna)bólusetningar og berkla
- Kennsla heilbrigðisstétta á fyrrgreindum sviðum
- Þátttaka í vísindarannsóknum, gæðaeftirliti og umbótaverkefnum

### Hæfnikröfur

- Krafist er sérfræðimenntunar í lungnalækningum, barnalækningum eða smitsjúkdómum og reynslu í meðferð berkla
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af og vilji til þverfaglegrar teymisvinnu
- Áreiðanleiki, faglegur metnaður, jákvæðni og sveigjanleiki
- Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af kerfisskráningu og tilkynningakerfi berkla innan- og utanlands

### Nánari upplýsingar

Þorsteinn Blöndal, yfirlæknir – 585-1390
thorsteinn.blondal@heilsugaeslan.is,
og Óskar Reykdalsson, settur framkvæmdastjóri lækninga, 585-1300/585-7800
oskar.reykdalsson@heilsugaeslan.is.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Allar umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjá Landlæknisembættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Jafnframt skal fylla út eyðublaðið „Umsókn um læknisstöðu" og setja það í viðhengi. Umsóknareyðublaðið má nálgast á vef Embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) undir útgefið efni.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (*www.heilsugaeslan.is*) undir laus störf eða á Starfatorgi (*www.starfatorg.is*).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

## Sjúkraþjálfari óskast

Sjúkraþjálfunarstöðin ehf. Þverholti 18,105 Reykjavík óskar eftir að ráða sjúkraþjálfara til starfa sem fyrst.

**Upplýsingar í síma 551 4646**

*Sæktu um í dag!*

Ford · Volvo · mazda · CITROËN · PEUGEOT

## STARFSMAÐUR Í BÍLAÞRIF

HJÁ BRIMBORG Í REYKJAVÍK

Brimborg leitar að röskum og jákvæðum starfsmanni í bílaþrif í Reykjavík.

**Stutt lýsing á starfi:**

- Vinna við bílaþrif fyrir Brimborg í Reykjavík

**Hæfniskröfur:**

- Laghentur og hörkuduglegur verkmaður
- Gilt bílpróf skilyrði og vera jafnvígur á beinskiptan og sjálfskiptan bíl
- Stundvísi
- Framúrskarandi þjónustulund
- Heiðarleg, áreiðanleg og vönduð vinnubrögð

Unnið er frá 08:00-17:00 alla virka daga og 3ja hver helgi bæði laugardag og sunnudag.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið má finna undir Laus störf á brimborg.is

**Umsóknarfrestur er til 1. september 2016**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

## ALZHEIMER SAMTÖKIN

### FRÍÐUHÚS ÓSKAR EFTIR STARFSMANNI Í 50% STARF VIÐ ALMENN HEIMILISSTÖRF.

Fríðuhús er sérhæfð dagdvöl fyrir 18 einstaklinga með heilabilun. Umönnun og þjálfun skjólstæðinga Fríðuhúss er byggð á hugmyndafræði Tom Kitwoods þar sem einstaklingurinn er ávallt í öndvegi. Með opnum samskiptum og þverfaglegri samvinnu leggjum við áherslu á vellíðan og gleði í öllum okkar störfum.

Starfið sem um ræðir felst m.a. í almennum eldhússtörfum, þjónustu við skjólstæðinga hússins og öðru sem til fellur. Mikilvægt er að skjólstæðingar okkar fái möguleika á að taka virkan þátt í heimilisstörfum og þarf viðkomandi starfsmaður því að hafa persónulega færni og ríkan vilja til samvinnu og umhyggju. Starfsmaðurinn sem við leitum að verður hluti af teymi hússins sem saman vinnur að endanlegulegu markmiði Fríðuhúss, sem er að auka vellíðan skjólstæðinga okkar.

Vinnutími er frá 8:00 til 12:00 alla virka daga.
Staðan er laus frá 1. október n.k. eða eftir nánara samkomulagi
Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Lóa Rúnarsdóttir, forstöðumaður í síma 533 1084 og á netfanginu loa@alzheimer.is

Umsóknir sendist til Sigríðar Lóu Rúnarsdóttur, forstöðumanns Fríðuhúss, Austurbrún 31, 104 Reykjavík fyrir **5. september 2015**

## Stálnaust

Stálnaust sérhæfir sig í smíðum á færiböndum og ýmsum lausnum fyrir matvælaiðnaðinn, ásamt því að annast alla aðra smíði úr ryðfríu stáli og áli.

Einnig bjóðum við uppá vatnsskurð á flestum efnum.

Óskum eftir að ráða

**Járnsmiði, vönum ryðfrírri smíði**

Einnig óskum við eftir aðstoðarmönnum á verkstæði.

Upplýsingar gefur Svanþór í síma 849-5846
eða svanthor@stalnaust.is

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

## HEFURÐU ÁHUGA Á AÐ VINNA Í LEIKHÚSI?

Ljósadeild Borgarleikhússins leitar að starfskrafti í deildina við almenna leikhúslýsingu.

Áhugi á leikhúsi og viðburðum nauðsynlegur. Rafvirkja/rafeindavirkjamenntun æskileg, ekki nauðsynleg.

Áhugasamir sendi tölvupóst á borgarleikhus@borgarleikhus.is, merkt Starf í ljósadeild.

## Viltu ganga í lið með okkur?

Leikskólarnir Fossakot og Korpukot Í Grafarvogi óska eftir skemmtilegu og drífandi starfsfólki sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði.

Við leitum að:

- **Leikskólakennurum**
- **Leiðbeinendum**
- **Öðru uppeldismenntuðu fólki**

**Áhugasamir sendi ferilskrá á umsoknir@lfa.is**

Fossakot Korpukot

Fossakot og Korpukot · Fossaleyni · 112 Reykjavík

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK · REYKJAVIK UNIVERSITY



## Akademísk staða í stærðfræði

Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík auglýsir eftir akademískum starfsmanni í stærðfræði. Ráðið verður í stöðu lektors, dósents eða prófessors og verður starfsheitið ákvarðað út frá hæfismati.

### Starfssvið

- Kennsla stærðfræðigreina í grunn- og meistaranámi í verkfræði og tæknifræði.
- Mótun stærðfræðikennslu og námskrár í stærðfræði við tækni- og verkfræðideild.
- Rannsóknir, gjarnan á sviði hagnýtrar stærðfræði eða tölfræði.
- Þátttaka í stjórnsýslu deildar og kynningarstarfi.

### Hæfniskröfur

- Doktorsgráða í stærðfræði.
- Frekari reynsla af rannsóknarstörfum er kostur.
- Kennslureynsla og metnaður í kennslu.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðrún Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar, **gudrunsa@ru.is**, og Sigrún Þorgeirsdóttir, skrifstofustjóri deildarinnar, **sigrunth@ru.is**. Umsóknum ásamt starfsferilskrá, afriti af viðeigandi prófskírteinum, yfirliti yfir fræðastörf og reynslu af kennslu, afritum af helsta birta efni og meðmælum, skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík: **radningar.hr.is/storf**, fyrir 15. september 2016.

Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir háskólans eru fjórar: lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3800 í fjórum deildum og starfa um 250 fastir starfsmenn við háskólann auk fjölda stundakennara.

**Háskólinn í Reykjavík | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | www.hr.is**

Þú getur tekið þátt í

# Umbótum í upplýsingatæknimálum ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið auglýsir starf sérfræðings á sviði umbóta í upplýsingatæknimálum ríkisins. Markmið starfsins er að stuðla að auknum árangri í ríkisrekstri og hagkvæmni með betri nýtingu upplýsingatækni. Sérfræðingurinn starfar á skrifstofu stjórnunar og umbóta og verður hluti af umbótateymi ráðuneytisins.

Umsóknarfrestur
**12. september**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/3559**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, til dæmis tölvunarfræði, verkfræði eða tæknifræði.
- Menntun eða mikil reynsla af stjórnun upplýsingatæknimála er kostur.
- Þekking og reynsla af högun, uppbyggingu og innleiðingu upplýsingakerfa.
- Reynsla af stjórnun þróunar- og hagræðingarverkefna er kostur.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er skilyrði.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg og vald á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Góð samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum auk hæfileika til að taka virkan þátt í teymisvinnu.

Sérfræðingnum er ætlað að kanna kosti og gera tillögur um notkun upplýsingatækni til hagræðingar, samhæfingar, samvinnu, bættrar þjónustu og annarra almennra umbóta í ríkisrekstri. Jafnframt að aðstoða við innleiðingu bættrar högunar og starfshátta upplýsingatæknimála ríkisins og að tryggja að fjármunum sem varið er í upplýsingatækni nýtist á sem hagkvæmastan hátt.
Í undirbúningi eru margvísleg verkefni til að auka árangur ríkisins á sviði upplýsingatækni, m.a. með auknum samrekstri og samvirkni kerfa, hagkvæmari innkaupum og nýtingu tölvuskýja. Sérfræðingurinn þarf að vera vel að sér í straumum og stefnum í upplýsingatæknimálum og geta lagt mat á hvaða lausnir henta ríkisrekstrii. Í starfinu felst þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.
Sérfræðingurinn verður leiðandi í framkvæmd þessara og hliðstæðra verkefna.
Starfið krefst lausnamiðaðrar og skapandi hugsunar í umhverfi sem gerir ríka kröfu um aga og skipulag.
Auk faglegrar þekkingar þarf viðkomandi að hafa framúrskarandi samskiptahæfni og getu til að ávinna sér traust samstarfsaðila.

Meginhlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytis er meðal annars að bæta stjórnunarhætti ríkisins og áætlanagerð, ásamt því að vera virkur aðili á sviði umbóta og hagræðingar í rekstri ríkisins. Ráðuneytið hefur frumkvæði, fagmennsku og árangur að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

Áhugasamir einstaklingar eru hvattir til að sækja um.

# Markaðsfulltrúi

Tækniskólinn leitar að jákvæðum einstaklingi til starfa í markaðs- og kynningardeild. Viðkomandi verður að hafa brennandi áhuga á markaðsmálum, samfélagsmiðlum og auglýsingagerð. Starfið felst m.a. í teymisvinnu þegar kemur að viðburðum og kynningum sem skólinn tekur þátt í og tengslum við atvinnulífið.

**Starfssvið**
- Umsjón með auglýsingagerð
- Auglýsingar á samfélagsmiðlum
- Vefumsjón
- Bæklingagerð
- Samskipti við samstarfsaðila
- Hugmyndavinna og stefnumótun
- Önnur tilfallandi störf við deildina

**Hæfniskröfur**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Sköpunargleði, frumkvæði og jákvæðni
- Þekking og reynsla af grafískri hönnun
- Þekking og reynsla af markaðssetningu með samfélagsmiðlum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking á InDesign, Photoshop og Illustrator er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar veitir Ólafur Sveinn Jóhannesson í síma 665-1155.**

Umsóknarfrestur er til og með 4. sept. Umsóknir og ferilskrá sendist á *osj@tskoli.is*. Fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

# Viltu komast í skólaliðið?

## Tæknimaður

Tölvu- og tæknideild annast daglega umsjón á tölvu- og tæknibúnaði skólans auk þjónustu við nemendur og starfsfólk. Leitað er að ungum og hressum tækninördum sem hafa brennandi áhuga á upplýsingatæknifræði. Góðir samskiptahæfileikar og grunnþekking á tölvum og tækjum er mikilvæg.

Áhugasamir sendi inn umsókn ásamt ferilskrá á *oat@tskoli.is* merkt „Tæknimaður" fyrir 3. sept. 2016.

## Skólaliðar

Starfssvið skólaliða er dagleg umsjón með húsnæði skólans auk þjónustu við nemendur og starfsfólk. Fjölbreytt starf sem hentar báðum kynjum þar sem margþætt reynsla nýtist vel. Góðir samskiptahæfileikar, jákvæðni og rík þjónustulund mikilvæg. Óskað er eftir skólaliðum í fullt starf eða hlutastarf. Um er að ræða bæði dagvinnu og kvöld- og helgarvinnu.

Áhugasamir sendi inn umsókn ásamt ferilskrá á *gsi@tskoli.is* merkt „Skólaliði" fyrir 3. sept. 2016.

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins er líflegur vinnustaður með um 280 starfsmenn. Helstu starfsstöðvar skólans eru á Skólavörðuholti, Háteigsvegi og við Flatahraun. Glæsilegt mötuneyti er rekið á hverjum stað og skemmtilegir nemendur og uppátækjasamt starfsfólk einkennir vinnustaðinn.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

# Ísloft- Blikk & Stálsmiðja ehf

**Óskar eftir eftirfarandi starfsmönnum til starfa:**

- **Blikksmiðum til starfa á verkstæði**
- **Málmiðnarmönnum til starfa á verkstæði**
- **Blikksmiðum og/eða öðrum iðnaðarmönnum til starfa við verkefni utan verkstæðis**
- **Vönum aðstoðarmönnum**

Um er að ræða fjölbreytt störf við blikk- og málmsmiði bæði innan og utan verkstæðis. Mjög góð verkefnastaða er framundan.
**Umsóknir sendist í tölvupósti á isloft@isloft.is.**
Einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu Íslofts www.isloft.is með því að smella á link efst á síðunni.

**Nánari upplýsingar í síma 5876666**

ÍSLOFT
BLIKK OG STÁLSMIÐJA EHF.
Bíldshöfða 12, 112 Reykjavík - Sími 587 6666 - Fax 567 3624
isloft@isloft.is - www.isloft.is

**Knattspyrnufélagið Valur is looking for employee to work in the evenings (from 16:00 o'clock) and/or every other weekend from September 2016.**

**Main tasks and responsibilities :**
- Supervision of the Gymnasium at Hlíðarendi
- Cleaning of corridors, lobbies, locker rooms, sports halls and more
- Assist practitioners of Valur, parents and guardians

**Qualifications:**
- Flexibility and human relations skills
- Initiative , positive attitude and independency
- Icelandic and/or english speaking

Our goals is to serve all practitioners and members in the best way

Please send your CV with a photo to valur@valur.is
It is expected that the applicant provides a clean criminal record.

# Starfsmenn í íþróttahús

**Íþróttafélagið Grótta óskar eftir starfsmönnum í íþróttmannvirki Gróttu.**

Grótta er staðsett á Seltjarnarnesi og innan vébanda þess eru fjórar deildir; fimleikadeild, handknattleiksdeild, knattspyrnudeild og kraftlyftingadeild. Íþróttamannvirki Gróttu samanstanda af tveimur íþróttasölum, gervigrasvelli, fimleikasal auk búnings- og fundarherbergja, skrifstofuaðstöðu og veislusals.

Meginmarkmið Íþróttafélagsins Gróttu er að þjónusta alla félagsmenn á sem bestan hátt. Áhersla er lögð á árangursríkt samstarf við þá fjölmörgu sem nýta sér þjónustu Gróttu dag hvern.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Starfsmaður aðstoðar nemendur grunn- og leikskóla og iðkendur Íþróttafélagsins Gróttu í leik og starfi. Dagleg þrif á íþróttahúsinu, t.d. íþróttasölum, göngum, anddyri og búningsklefum.

**Hæfniskröfur**
- Áhugi á að vinna með börnum
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna í hóp

Vinnutími er breytilegur eða eftir samkomulagi, óskað er er eftir starfsólki í fullt starf og hlutastörf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kári Garðarsson í síma 561-1133 og tölvupósti kari@grottasport.is.
**Umsóknarfrestur er til 3. september 2016.**

Nánari upplýsingar um Íþróttafélagið Gróttu er að finna á **www.grottasport.is**.

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

# STOFNUN FÉLAGS
## UM ALMENNAR ÍBÚÐIR

Reykjanesbær auglýsir eftir aðilum sem hafa áhuga á að standa að stofnun húsnæðissjálfseignarstofnunar um byggingu, kaup og rekstur almennra leiguíbúa í Reykjanesbæ, á grundvelli nýrra laga um almennar íbúðir.

Markmiðið er að bæta húsnæðisöryggi efnaminni fjölskyldna og einstaklinga með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi íbúðarhúsnæði til leigu. Lögð verður áhersla á, verði af stofnun slíks félags, að það verði rekið með langtímamarkmið að leiðarljósi og án hagnaðarsjónarmiða.

**Nánari upplýsingar um lögin og fyrirkomulag má finna á vef Íbúðarlánasjóðs, www.ils.is. Þeir sem hafa áhuga á að standa að stofnun húsnæðissjálfseignarstofnunar eru beðnir að hafa samband við bæjarstjóra fyrir 15. september 2016.**

*Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri*
*Kjartan.M.Kjartansson@Reykjanesbaer.is*

---

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Réttindagæslumaður fatlaðs fólks í Kópavogi, Garðabæ, Mosfellsbæ og Kjós

Velferðarráðuneytið auglýsir lausa til umsóknar stöðu réttindagæslumanns fatlaðs fólks í Kópavogi, Garðabæ, Mosfellsbæ og Kjós skv. 4. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 og reglugerð nr. 973/2012. **Um hálft starf er að ræða**.

Helsta verkefni réttindagæslumanna er að fylgjast með högum fatlaðs fólks, veita því nauðsynlegan stuðning við að leita réttar síns og koma með ábendingar til þjónustuaðila. Nánari upplýsingar um réttindagæsluna er að finna á www.vel.is/rettindagaesla

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og áhugi á réttindum fatlaðs fólks
- Reynsla af starfi með fötluðu fólki
- Þekking á mismunandi tjáskiptaleiðum fatlaðs fólks
- Færni í að vinna sjálfstætt og skipulega
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur

Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í nóvember nk. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldór Gunnarsson, halldor.gunnarsson@vel.is Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en **12. september nk.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.

*Velferðarráðuneytinu, 24. ágúst 2016*

---



# KOMDU Í LIÐ MEÐ OKKUR!

## BÍLSTJÓRAR Í DREIFINGU

### Okkur vantar hrausta og jákvæða bílstjóra í dreifingu

VILTU VINNU OG FRÍTT MEIRAPRÓF?

Ölgerðin mun fjármagna og greiða meirapróf til þeirra umsækjenda sem ráðnir verða og hafa ekki meirapróf, gegn skuldbindingu um að starfa sem bílstjóri hjá Ölgerðinni í a.m.k. tvö ár að loknu námi.

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ**
- Dreifing og afhending pantana
- Samskipti við viðskiptavini
- Tilfallandi störf sem tilheyra dreifingu

**HÆFNISKRÖFUR**
- Aldur 25+
- Hreint sakavottorð
- Meirapróf + trailer-réttindi eru kostur
- Íslenskukunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og stundvísi
- Líkamleg hreysti, snyrtimennska og geta til að vinna undir álagi
- Þjónustulund, jákvæðni og samviskusemi

## STARFSFÓLK Í VÖRUHÚS

### Við leitum að jákvæðu og öflugu fólki í vöruhús

Í vöruhúsinu okkar starfa um 100 starfsmenn í góðu starfsumhverfi og sjá um móttöku og afgreiðslu pantana til viðskiptavina.

Unnið er á dag-, kvöld og næturvöktum. Um framtíðarstarf er að ræða. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ**
- Tiltekt og afgreiðsla pantana
- Móttaka á vörum
- Tilfallandi störf sem tilheyra í stóru vöruhúsi

**HÆFNISKRÖFUR**
- Aldur 20+
- Hreint sakavottorð
- Þjónustulund, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni, samviskusemi og jákvæðni
- Bílpróf er skilyrði, lyftarapróf er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk.** Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar: umsokn.olgerdin.is

Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union. ESA is independent of the States and safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States. The Authority is based in Brussels and operates independently of the EFTA States. It currently employs 70 staff members of 15 nationalities.

# Director Internal Market Affairs

The Authority is recruiting a Director to lead its Internal Market Affairs Directorate (IMA). IMA is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law. In addition to the fundamental freedoms, this includes compliance with secondary legislation in the field of food safety, transport, the environment and financial services.

We are looking for an EEA law specialist who also has the ability to lead a large multi-disciplinary team of staff and provide legal and strategic advice to the College on all Internal Market law matters. The successful candidate will manage and co-ordinate the work of the directorate, ensure effective inter-departmental co-operation and represent ESA as required.

IMA consists of three units dealing with EEA law in their respective areas: Food Safety, Transport and General Internal Market. The Director is supported by three Deputy Directors and has overall responsibility for the management and leadership of 30 staff members. IMA is a multi-disciplinary team, comprised of legal case handlers, veterinary and transport inspectors and administrative staff.

JOB REFERENCE 08/2016

**Deadline for applications:**
18 September 2016
**Start date:** May 2017

For full details of this position, information on our generous conditions and to apply visit: **https://jobs.eftasurv.int.**

## Starfsmaður í mötuneyti ofl.

BM Vallá ehf. leitar að áreiðanlegum einstaklingi með drifkraft og sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Starfið felst í:**

- **aðstoð í mötuneyti**
- **umsjón með þvottahúsi**
- **þvottur á vinnufatnaði og minniháttar lagfæringar**
- **ræsting á starfsmannaaðstöðu**

Við óskum eftir stundvísum og samviskusömum starfsmanni og æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja reynslu af sambærilegum störfum.

Um 100% starf er að ræða, vinnutími frá 08:00 til 16:00. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur til og með 4. september.**
Umsóknir sendist á Sigrúnu Þorgeirsdóttir, sigrun@hornsteinn.is

BM·VALLÁ

**BM Vallá ehf.**
**Bíldshöfða 7**



# DEILDARSTJÓRI HEILSUVÖRUDEILDAR

**Nettó Mjódd óskar eftir deildarstjóra með þekkingu á heilsuvörum.**

**NÁNAR:**

Samkaup óskar eftir deildarstjóra í heilsuvörudeild Nettó Mjódd. Um er að ræða framtíðarstarf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Reynsla af verslunarstörfum nauðsynleg.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Reynsla af heilsu- og sérvörum.
- Reynsla af verslunarstörfum.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi fyrir heilsusamlegum lífsstíl.
- Góðir skipulagshæfileikar.

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á mjodd@netto.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 4. sept. nk.**
**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Nánari upplýsingar veitir:**
**Elín Ragnarsdóttir, verslunarstjóri í síma 775 6020.**

nettó

# VANTAR ÞIG VINNU?

NETTÓ MJÓDD ÓSKAR EFTIR HRESSU STARFSFÓLKI Í HLUTASTÖRF OG HELGARVINNU.

Starfið hentar einkar vel nemendum og fólki í hlutastarfi. Umsækjendur þurfa að hafa náð að lágmarki 16 ára aldri.

Umsóknir sendist á:
**mjodd@netto.is**
fyrir 4. sept. n.k.

Nánari upplýsingar veitir:
Elín Ragnardóttir, verslunarstjóri
Nettó Mjódd í síma 775 6020

nettó

**365 óskar eftir góðu fólki**

# MÖTUNEYTI 365 ÓSKAR EFTIR STARFSKRAFTI

**365 óskar eftir starfsmanni í mötuneyti fyrirtækisins**

Við leitum eftir :
- Brosmildi
- Jákvæðni
- Góðri þjónustulund

- Reynsla af veitingastörfum er kostur.
- Vinnutími 2-2-3 vaktir, dagvinna.

**Upplýsingar sendist á oley@365.is merkt „mötuneyti"**

**Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

LANDSPÍTALI

# LANDSPÍTALI ... UMHYGGJAN ER HÉR!

**Félagsráðgjöf**

## FÉLAGSRÁÐGJAFI

*Starf félagsráðgjafa við sérhæfða endurhæfingargeðdeild er laust til umsóknar. Deildin er lokuð geðdeild sem sinnir endurhæfingu einstaklinga með geðrofssjúkdóma og oft fíknivanda samhliða. Deildin hentar vel þeim sem þurfa mikinn stuðning og er meirihluti þeirra sem leggjast inn á deildina sjálfræðissviptir, á aldrinum 18-30 ára.*

*Félagsráðgjafar veita ráðgjöf og stuðning í persónulegum málum og gefa upplýsingar um félagsleg réttindi. Félagsráðgjafar starfa innan starfseininga og taka þátt í almennu deildarstarfi.*

**Öldrunarlækningar**

## NÁMSSTÖÐUR DEILDARLÆKNA

*Lausar eru til umsóknar námsstöður deildarlækna í öldrunarlækningum við Landspítala. Um fullt starf og nám er að ræða til eins árs en möguleiki er á skemmri eða lengri ráðningu. Starfsnámið er samkvæmt marklýsingu og tekur til allra þátta öldrunarlækninga.*

*Starfsnámið er gott innlegg til sérnáms í öldrunarlækningum, heimilislækningum, lyflækningum og fleiri greinum. Einnig getur staðan verið góð endurmenntunarstaða fyrir starfandi heimilislækna.*

**Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild**

## KERFISFRÆÐINGUR Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

*Við viljum ráða tvo jákvæða og lausnamiðaða kerfisfræðinga til starfa á þjónustumiðstöð heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar Landspítala. Annað starfið er með áherslu á aðgangsþjónustu og hitt með áherslu á notendaþjónustu. Þekking á heilbrigðisstarfsemi eða sjúkraskrárkerfum er mikill kostur.*

*Á þjónustumiðstöð HUT starfa rúmlega 30 manns sem sinna þjónustu við tölvunotendur á einum fjölmennasta og fjölbreyttasta vinnustað landsins. Þjónustan er veitt í gegnum síma en stór hluti starfsins er unninn með notendum á vettvangi. Mjög góður starfsandi ríkir á einingunni.*

**Heila-, tauga- og bæklunarskurðdeild**

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Starf hjúkrunarfræðings er laust til umsóknar á heila-, tauga- og bæklunarskurðdeild. Á deildinni starfa um 55 manns í þverfaglegu teymi og sinna sjúklingum eftir aðgerð á heila, mænu og taugum auk þjónustu við sjúklinga með stoðkerfisvandamál og eftir liðskiptaaðgerðir.*

*Á deildinni ríkir góður starfsandi og metnaður og þar eru mikil tækifæri til að vaxa í starfi og dýpka þekkingu sína. Boðið verður upp á sérstakt starfsþróunarár fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga í vetur í formi fyrirlestra, umræðufunda, handleiðslu og ráðgjafar.*

**Rannsóknakjarni**

## SJÚKRALIÐAR

*Viltu takast á við krefjandi verkefni? Í boði eru áhugaverð hlutastörf í dagvinnu á rannsóknakjarna Landspítala. Þar starfar öflugt þverfaglegt teymi í góðri samvinnu við heilbrigðisstarfsfólk innan og utan Landspítala.*

*Við sækjumst eftir 4 sjúkraliðum til viðbótar við frábæran starfshóp okkar. Æskilegt að viðkomandi hafi bíl til umráða.*

**Rjóður**

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Við leitum eftir hjúkrunarfræðingi til starfa í Rjóðri sem staðsett er á lóð LSH í Kópavogi.*

*Rjóður er hvíldar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik börn. Þar starfa tæplega 30 manns. Starfsemi Rjóðurs gefur börnum með ólæknandi sjúkdóma möguleika á að dvelja reglulega í öruggu umhverfi þar sem þau njóta umönnunar hjúkrunarmenntaðs fagfólks.*

**Sjúkrahúsapótek**

## LYFJATÆKNIR

*Sjúkrahúsapótek Landspítala á flæðisviði telur tæplega 50 lyfjafræðinga og lyfjatækna sem starfa við fjölbreytt verkefni og í nánu samstarfi við aðra starfsmenn spítalans.*

*Við viljum ráða tvo lyfjatækna í fullt starf, annars vegar við grunnstarfsemi og hins vegar við blöndunareiningu. Vinnutími er frá 8-16, virka daga auk vakta á rauðum dögum eftir að þjálfun lýkur.*

**Bráðadeild**

## HJÚKRUNARFRÆÐINGAR SPENNANDI STÖRF

*Hefur þú áhuga á bráðahjúkrun? Við viljum ráða 3 hjúkrunarfræðinga til starfa á bráðadeild Landspítala í Fossvogi. Þar fer fram móttaka og hjúkrun sjúklinga sem leita þangað bæði vegna sjúkdóma og slysa. Störfin eru umfangsmikið, fjölbreytt og lærdómsrík.*

*Á bráðadeild ríkir góður starfsandi og tækifæri eru til að vaxa í starfi. Við tökum vel á móti nýjum starfsmönnum og veitum góða aðlögun.*

**Dagdeild skurðlækninga**

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Viltu vinna í dagvinnu?*

*Við viljum ráða framsækinn hjúkrunarfræðing til starfa við innköllun sjúklinga í skurðaðgerðir við Landspítala við Hringbraut.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA; WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS**

*Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.*

# VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

VIÐ EIGUM VON Á YFIR **6 MILLJÓNUM** FARÞEGA UM FLUGVELLI OKKAR Í ÁR OG ÆTLUM OKKUR AÐ TAKA VEL Á MÓTI ÞEIM

## FLUGVALLARSTARFSMAÐUR
Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI

Helstu verkefni eru snjóruðningur, hálkuvarnir og hreinsun aðskotahluta á flugvallarsvæðinu, björgunar- og slökkviþjónusta og viðhald flugvallar og umhverfis hans. Um vaktavinnu er að ræða.

**Hæfniskröfur:**
- Aukin ökuréttindi eru skilyrði
- Reynsla af slökkvistörfum, snjóruðningi og hálkuvörnum er kostur
- Iðnmenntun (bifvélavirkjun/vélvirkjun eða svipað) sem nýtist í starfi sem og vinnuvélapróf eru einnig kostir

## VAKTSTJÓRI FLUGVALLARÞJÓNUSTU
Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI

Helstu verkefni eru eftirlit með flugvallarmannvirkjum og flugbrautum, eftirlit og viðhald á vélbúnaði og tækjum, flugverndargæsla ,björgunar- og slökkviþjónusta og dagleg verkstjórn.

**Hæfniskröfur:**
- Meirapróf og vinnuvélapróf eru skilyrði
- Reynsla af slökkvistörfum, snjóruðningi og hálkuvörnum er kostur
- Iðnmenntun (bifvélavirkjun/vélvirkjun) sem nýtist í starfi er einnig kostur

## VERKSTÆÐISFORMAÐUR VÉLAVERKSTÆÐIS
Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI

Helstu verkefni eru umsjón með starfsemi vélaverkstæðis, dagleg verkstjórn, snjóruðningur og hálkuvarnir.

**Hæfniskröfur:**
- Meirapróf og vinnuvélapróf eru skilyrði
- Iðnmenntun (bifvélavirkjun/vélvirkjun) sem nýtist í starfi er skilyrði
- Reynsla af slökkvistörfum, snjóruðningi og hálkuvörnum er kostur
- Reynsla af starfsmannastjórnun

## INNHEIMTUFULLTRÚI
Í REYKJAVÍK

Helstu verkefni eru innheimta, reikningagerð, bókanir og önnur innheimtutengd störf í fjárreiðudeild Isavia í Reykjavík.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af innheimtu eða sambærilegum störfum er æskileg
- Reynsla af bókhaldsstörfum og góð bókhaldskunnátta er æskileg
- Mjög góð Excel-kunnátta
- Þekking á Navision bókhaldskerfinu er kostur
- Hæfni í að skilja og lesa samninga vegna reikningagerðar

Almennt er þess krafist að allir umsækjendur búi yfir færni til að tjá sig á íslensku og ensku, auk almennrar tölvuþekkingar. Umsækjendur þurfa að vera heilsuhraustir og standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.

STARFSSTÖÐ:
**REYKJAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR:
**12. SEPTEMBER 2016**

UMSÓKNUM SKAL SKILAÐ INN Á RAFRÆNU FORMI
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

## SÉRFRÆÐINGUR Í VIÐSKIPTAGREIND
Í REYKJAVÍK

Helstu verkefni eru uppsetning, þróun og rekstur gagnavöruhúss og þátttaka í þróun ferla tengdum áætlanagerð og árangursmælikvörðum, þarfagreiningar og skýrslugerð.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í tölvunarfræði, upplýsingastjórnun eða sambærileg menntun/reynsla
- Reynsla/þekking á gagnagrunnsfræðum er æskileg
- Reynsla af SSAS og þróun/uppsetningu OLAP teninga er æskileg
- Reynsla af úrvinnslu gagna er æskileg
- Þekking á Dynamics NAV er kostur

## SÉRFRÆÐINGUR Í ÁHÆTTUSTÝRINGU
Í REYKJAVÍK

Við leitum að reyndum sérfræðingi í áhættustýringu til að vinna með fjármála- og rekstrartengdar áhættur með sérstaka áherslu á rekstrartengdar áhættur.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði viðskiptafræða, hagfræði, verkfræði eða sambærilegt
- Starfsreynsla á sviði áhættustýringar er nauðsynleg
- Æskilegt er að viðkomandi hafi unnið a.m.k. fimm ár við slík störf



**Gunnlaugur** er flugvallarstarfsmaður og það er meðal annars í hans verkahring að sjá um að öll ljós á Akureyrarflugvelli séu í góðu lagi. Þannig er Gunnlaugur hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um Akureyrarflugvöll.

| Sérfr. í upplýsingatæknimálum | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Reykjavík | 201608/1139 |
| Heilsugæsluritari | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201608/1138 |
| Móttökuritari | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201608/1137 |
| Félagsráðgjafi | Landspítali, geðsvið | Reykjavík | 201608/1136 |
| Lyfjatæknir | Landspítali, sjúkrahúsapótek | Reykjavík | 201608/1135 |
| Skrifstofustarf | Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra | Blönduós | 201608/1134 |
| Sérfræðingur | Umhverfisstofnun | Vesturland | 201608/1133 |
| Sérfræðingur | Samgöngustofa | Reykjavík | 201608/1132 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201608/1131 |
| Sjúkraliðar | Landspítali, rannsóknakjarni | Reykjavík | 201608/1130 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, dagdeild skurðlækninga | Reykjavík | 201608/1129 |
| Starfsmaður í mötuneyti | Alþingi | Reykjavík | 201608/1128 |
| Verkfræðingur | Vegagerðin | Reykjavík | 201608/1127 |
| Verkefnastjóri fasteigna | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201608/1126 |
| Yfirlæknir | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201608/1125 |
| Réttindagæslum. fatlaðs fólks | Velferðarráðuneytið | Höfuðborgarsv. | 201608/1124 |
| Læknaritari | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201608/1123 |
| Rafvirki/rafiðnfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201608/1122 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, bráðadeild Fossvogi | Reykjavík | 201608/1121 |
| Starfsmaður í aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201608/1120 |
| Starfsmaður í býtibúr | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201608/1119 |
| Námsstöður deildarlækna | Landspítali, öldrunarlækningar | Reykjavík | 201608/1118 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, Rjóðrið | Kópavogur | 201608/1117 |
| Kerfisfræðingur | Landspítali, heilbr./ uppl.tæknid. | Reykjavík | 201608/1116 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, heila/tauga/bækl.skurðd. | Reykjavík | 201608/1115 |
| Starfsm. í ræstingar og býtibúr | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201608/1114 |




# Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn

Slökkvilið Fjarðabyggðar óskar eftir að ráða slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn til starfa á slökkvistöðinni að Hrauni á Reyðarfirði. Um er að ræða 100% starf í vaktavinnu við sjúkraflutninga og slökkvistörf.

**Helstu verkefni:**
Slökkvistörf, sjúkraflutningar, reykköfun, æfingar, þjálfun, umhirða tækja og búnaðar.

**Menntunar- og/eða hæfniskröfur:**
Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 8. gr. reglugerðar nr. 792/2001, sem gerir m.a. kröfu um eftirfarandi:

- Góðir líkamsburðir, andlegt og líkamlegt heilbrigði, reglusemi og háttvísi, góð sjón og heyrn, rétt litaskynjun. Þá verða umsækjendur að vera lausir við lofthræðslu og innilokunarkennd.
- Aukin ökuréttindi til að stjórna vörubifreið og leigubifreið.
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærileg menntun (stúdentspróf) og reynsla.
- Umsækjendur þurfa að standast læknisskoðun og þrekpróf auk annarra inntökuprófa.
- Jákvætt hugarfar og færni í mannlegum samskiptum.
- Vammleysi, s.s. að hafa á sér gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.
- Menntun og/eða reynsla af starfi slökkviliðs- og/eða sjúkraflutningamanna er kostur.

**Fylgigögn:**
Prófskírteini, læknisvottorð, sakavottorð, ljósrit af ökuskírteini og ferilsskrá.

Kröfur um viðbragð setja skorður á búsetu innan ákveðinnar fjarlægðar frá slökkvistöð. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.
Sótt er um störfin á vef Fjarðabyggðar, fjardabyggd.is.
**Umsóknarfrestur er til og með 11. sept. 2016.**

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Helgi Sigfússon slökkviliðsstjóri, mummi@fjardabyggd.is eða í síma 470 9081.

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

## Jöfnunarstyrkur til náms

LÍN

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá LÍN geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili og fjarri skóla).

Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN (www.lin.is).

**Umsóknarfrestur á haustönn 2016 er frá 1. september til 15. október n.k.**

**Lánasjóður íslenskra námsmanna - Námsstyrkjanefnd**



## ÚTBOÐ

VETRARÞJÓNUSTA GÖNGU- OG HJÓLALEIÐA Í GARÐABÆ 2016-2019

Garðabær óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu göngu- og hjólaleiða í Garðabæ 2016-2019.

Í verkinu felst snjóruðningur og hálkuvörn á helstu göngu- og hjólaleiðum í Garðabæ.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Stígar í fyrsta forgangi: | 26 km |
| Stígar í öðrum forgangi: | 27 km |

Útboðsgögn verða afhent frá og með þriðjudeginum 30. ágúst nk. í afgreiðslu Mannvits, Urðarhvarfi 6, 203 Kópavogi.

**Opnun tilboða:** Þriðjudaginn 13. ágúst 2016 kl. 11:00, hjá Mannviti í Urðarhvarfi 6, 203 Kópavogi.

GARÐABÆR 40

GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS



## ÚTBOÐ

RARIK óskar eftir tilboðum í:

**RARIK 16001
Aðveitustöð
Vík í Mýrdal
Nýbygging aðveitustöðvarhúss**

Um er að ræða byggingu úr steinsteypu og stáli, ein hæð og lagnakjallari. Húsið er að stærri hluta einangrað og klætt að utan með álklæðningu.

**Helstu magntölur:**

| | |
|---|---|
| Steinsteypa | 170 $m^3$ |
| Mót | 950 $m^2$ |
| Steypustyrktarstál | 11.100 kg |
| Byggingastál | 3.170 kg |

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. apríl 2017.

Útboðsgögn er hægt að sækja, án greiðslu, á vefsíðu RARIK, www.rarik.is/utbod-i-gangi frá og með þriðjudeginum 30. ágúst 2016.

Skila þarf tilboðum á skrifstofu RARIK, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 13. september 2016. Tilboðin verða þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda, sem óska að vera viðstaddir.

RARIK



## ÚTBOÐ

RARIK óskar eftir tilboðum í:

**RARIK 16007
Aðveitustöð
Vatnshamrar Borgarbyggð
Stækkun aðveitustöðvarhúss**

Um er að ræða viðbyggingu úr steinsteypu, ein hæð og lagnakjallari. Húsið er að stærri hluta einangrað og klætt að utan með álklæðningu.

**Helstu magntölur:**

| | |
|---|---|
| Steinsteypa | 280 $m^3$ |
| Mót | 650 $m^2$ |
| Steypustyrktarstál | 6.060 kg |

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. mars 2017.

Útboðsgögn er hægt að sækja, án greiðslu, á vefsíðu RARIK, www.rarik.is/utbod-i-gangi frá og með þriðjudeginum 30. ágúst 2016.

Skila þarf tilboðum á skrifstofu RARIK, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík fyrir kl. 14:00, miðvikudaginn 14. september 2016. Tilboðin verða þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda, sem óska að vera viðstaddir.

RARIK

Sími 528 9000 • www.rarik.is



# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Þórunn Gísladóttir – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
Sveinn Gíslason hdl. – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
Hannes Steindórsson – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
Bjarni Blöndal – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
Ólafur Gísli Sveinbjörnsson – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
Kristján Þórir Hauksson – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
Stefán Jarl Martin – LÖGGILTUR LEIGUMIÐLARI
Lára Þyri Eggertsdóttir – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
Kristín Skjaldardóttir – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
Vernharð Þorleifsson – AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA
Gunnar Þór Valsson – AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA
Harpa Mjöll Grétarsdóttir – AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA
Magnús Már Lúðvíksson – AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA
Arna Rut Þorleifsdóttir – AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA

**OPIÐ HÚS › 28. ágúst 16:00 – 16:30**





## Stuðlaberg 82
220 HAFNARFJÖRÐUR

STÆRÐ: 160,2 fm | RAÐHÚS | HERB: 4-5

Fallegt raðhús á 2. hæðum með sérstæðum bílskúr. 3 góð svefnh., stórt bað. og gestasalerni, stofa og sólstofa, skjólgóður pallaklæddur garður. Virkilega góð eign. Laus fljótlega

*Heyrumst*
**Ólafur › 822 8283** **51.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 28. ágúst 18:00 – 18:30**





## Klettahraun 23
220 HAFNARFJÖRÐUR

STÆRÐ: 198,8 fm | EINBÝLI | HERB: 5-6

Einstaklega fallegt einbýli á frábærum stað í Hafnarfirði. 3-4 svefnh., 2 baðh., glæsilegt eldhús, falleg stofa með arni. Stór bílskúr. Endalóð með gæsilegu útsýni. Falleg aðkoma að húsi.

*Heyrumst*
**Ólafur › 822 8283** **Tilboð óskast KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 28. ágúst 17:00 – 17:30**



## Kelduhvammur 9
220 HAFNARFJÖRÐUR

STÆRÐ: 155,5 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

Virkilega góð sérhæð með rúmgóðum bílskúr. Sér inngangur, 2-3 svefnherb., stór stofa með suðursvölum, endurnýjað eldhús og bað. Stór bílskúr. Virkilega góð sérhæð í grónu hverfi.

*Heyrumst*
**Ólafur › 822 8283** **40.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 28. ágúst 15:00 – 15:30**



## Dalsel 8
109 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 109,2 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

LÆKKAÐ VERÐ - Góð 4ra herbergja íbúð með stæði í lokaðri bílageymslu. 3 góð svefnherbergi, rúmgóð stofa, yfirbyggðar svalir. Þvottahús innan íbúðar. Hús klætt að utan.

*Heyrumst*
**Ólafur › 822 8283** **30.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 29. ágúst 19:15 – 19:45**



## Snorrabraut 73
105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 93,9 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

Virkilega góð sérhæð, miðsvæðis í Rvk. Tvö svefnherbergi og tvær stofur, auðvelt að breyta í 3 svefnherbergi. Íbúðin öll hin snyrtilegasta. Hús í góðu ástandi. Laus við kaupsamning.

*Heyrumst*
**Ólafur › 822 8283** **39.300.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 28. ágúst 16:30 – 18:30**



## Hjallasel 37
109 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 69,1 fm | RAÐHÚS | HERB: 2

Snyrtilegt og fallegt parhús við Hjallasel 37 á lóð hjúkrunarheimilis Seljahlíðar. Eigninni fylgir aðgengi að þjónustu og félagsstarfi. Falleg aðkoma og sér bílastæði við húsið.

*Heyrumst*
**Stefán › 892 9966** **33.700.000 KR**
Sölufulltrúi/Löggiltur leigumiðlari

**TIL LEIGU**





## Holtsvegur 37
210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 87,4 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3

Laus til leigu í ár í senn. Ný og glæsileg þriggja herbergja íbúð á fallegum útsýnisstað í lyftuhúsi við Holtsveg 37. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu. Vandaðar innréttingar.

*Heyrumst*
**Hannes › 699 5008** **250.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 29. ágúst 17:30 – 18:00**





## Brekkuás 11
221 HAFNARFJÖRÐUR

STÆRÐ: 96,1 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3

Falleg þriggja herb. Íbúð með sérinngangi í nýlegu lyftuhúsi. Háglans innréttingar, eyja í eldhúsi og fallegt útsýni. Frábær eign.

*Heyrumst*
**Kristján › 696 1122** **38.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 29. ágúst 17:00 – 17:30**





## Engihjalli 1
200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 97,4 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 4.herbergja íbúð á efstu hæð (7.hæð) við Engihjalla 1 í Kópavogi.

*Heyrumst*
**Gunnar › 699 3702** **31.900.000 KR**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS › 29. ágúst 17:30 – 18:00**





## Ólafsgeisli 59
113 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 204,5 fm | EINBÝLI | HERB: 4

Mjög fallegt og vel staðsett einbýlishús með stórbrotnu útsýni og 250 fm timburverönd. Fallegt umhverfi, heitur pottur, úti sturta, 250 fm timburverönd með fallegri lýsingu.

*Heyrumst*
**Gunnar › 699 3702** **78.700.000 KR**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg. fasteignasala

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Frostaskjól. Glæsilegt endaraðhús




Virkilega fallegt og vandað 285,1 fm. endaraðhús á þremur hæðum að meðtöldum bílskúr á þessum eftirsótta stað við Frostaskjól. Húsið er teiknað að innan af Finni Fróðasyni, arkitekt og Stanislah Bohic hannaði lóð hússins. Stórar og bjartar stofur með mikilli lofthæð. Borðstofa með útgengi á skjólsæla verönd. Fjögur herbergi. Hús að utan nýlega málað. **Verð 89,5 millj.**

**Eignin er vel staðsett með Grandaskóla, íþróttaaðstöðu KR, tónlistarskóla o.fl í góðri göngufjarlægð.**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Laugavegur
### verslunarpláss til leigu

**Til leigu 150,0 fermetra verslunarpláss á götuhæð í góðu verslunarhúsi við Laugaveg.**

**Langtímaleigusamingur.**

**Laust til afhendingar fljótlega.**

---

## Bæjarflöt
### skrifstofu- og þjónustuhúsnæði til leigu

**Til leigu 370 fermetra skrifstofu- og þjónustuhúsnæði við Bæjarflöt.**

**Getur leigst í tvennu lagi, þ.e. 185 fermetra hvort rými.**

**Laust til afhendingar fljótlega.**

## PERLA Í BORGARFIRÐI





Vorum að fá í einkasölu glæsilegt samtals 160,9 fm sumarbústað (heilsárshús) í Borgarfirði í landi Munaðarness (Jötnagarðsás). Bústaðurinn stendur á 10.000 fm eignarlandi. Bústaðurinn skiptist m.a. í tvær stofur, eldhús, þrjú herbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, geymslu og hol. Steyptur kjallari er undir hluta hússins (um 42 fm). Sér útihús tilheyrir (um 12 fm). Stór verönd með skjólveggjum, heitum potti og útisturtu. Glæsilegt útsýni og fjallasýn. Á landinu er trjágróður, kjarr og berjalyng. Heitt og kalt vatn frá orkuveitu. Frábær staðsetning miðsvæðis í Borgarfirði þar sem er örstutt í golfvöll, þjónustu, gönguleiðir og náttúruperlur Borgarfjarðar. Sumarbústaðalandið er með læstu hliði og einnig er lóðin afgirt og með hliði.

**Nánari upplýsingar veitir**
**Magnea S. Sverrisdóttir**
**löggiltur fasteignasali**
**í síma 861 8511,**
**magnea@eignamidlun.is**

**EIGNAMIÐLUN**
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

## AÐEINS 4 HÚS AF 10 EFTIR!




**LAXATUNGA 126-144** **270 Mosfellsbær**

**Stærð:** 126,5 fm

Húsin eru vönduð einingarhús byggð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin afhendast rúmlega fokheld.

**32.900.000**

**Uppl:** Gísli 6985222 / Sigurður 8975930 / Úlfar lgf 5195500

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Digranesheiði – Kópavogi
### Einbýlishús á einstökum útsýnisstað




Glæsilegt 303,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með 5 svefnherbergjum og tvöföldum bílskúr á frábærum útsýnisstað á móti suðri. Húsið er allt innréttað á afar vandaðan og smekklegan hátt með innréttingum, innihurðum og gólfefnum úr ljósum viði. Rúmgóðar samliggjandi stofur með arni og verulega aukinni lofthæð. Lóðin er 750 fm. að stærð með tyrfðri lóð og fallegum gróðri til suðurs. Innkeyrsla og stéttir á framlóð eru hellulagðar og með hitalögnum undir. **Verð 89,5 millj.**

# LANDMARK

FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900**
**landmark.is**



| Magnús Einarsson | Sigurður Samúelsson | Sveinn Eyland | Kristján Ólafsson | Þórarinn Thorarensen | Eggert Maríuson | Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir | Benedikt Ólafsson | Nadia Katrín | Helga Snorradóttir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Löggiltur fasteignasali Sími 897 8266 | Löggiltur fasteignasali Sími 896 2312 | Löggiltur fasteignasali Sími 690 0820 | Hrl. Löggiltur fasteignasali | Sölustjóri Sími 770 0309 | Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 690 1472 | skjalagerð | Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 661 7788 | Sölufulltrúi Sími 692 5002 | Skjalavinnsla |

# Landmark leiðir þig heim!




## EFSTALAND 4

**PANTIÐ TÍMA FYRIR SKOÐUN „AÐEINS EIN EIGN EFTIR"**

- Mjög glæsilegt og vel skipulagt 199,6 fm. 5 herbergja raðhús, þar af góður 34,3 fm. innbyggður bílskúr með hita í innkeyrslu að Efstalandi 4 í nýlegu hverfi Mosfellsbæjar.
- Mjög björt stofa / borðstofa, glæsilegt eldhús, tvö rúmgóð herbergi. Sér afgirt útisvæði ofan á bílskúr, stórbrotið útsýni. Skilalýsing hjá fasteignasölunni.
- Fullkláraðar að utan, sem innan.
- Göngufæri er í alla helstu þjónustu.
- **V. 67,9 millj.**

Hafðu samband
**BENEDIKT ÓLAFSSON**
Aðstoðarmaður fasteignasala. Sími 661 7788






## HVALEYRARBRAUT 22

Til sölu sirka 160 fm. Iðnaðarbil á tveimur hæðum að Hvaleyrarbraut 22 Hafnarfirði.
- Búið að endurnýja frá fokheldu, eign með miklum möguleikum.
- Búið er að endurnýja bilið frá fokheldu. Nýtt salerni, hurð. Milliloft er úr strengjasteypu og búið er að flota alla efri hæðina, auðvelt að taka niður hluta af efri lofti til að auka lofthæð.
- Hér erum við að ræða um mjög gott bil á rólegum og góðum stað að Hvaleyrarbraut 22.

**-Verð 24,9 milljónir.**

Hafðu samband
**BENEDIKT ÓLAFSSON**
Aðstoðarmaður fasteignasala. Sími 661 7788








## GRÆNLANDSLEIÐ 13 JARÐHÆÐ – 113 REYKJAVÍK.

**VERIÐ VELKOMIN Í OPIÐ HÚS MÁNUD. 29 ÁGÚST FRÁ KL 17:00 TIL 17:30.**

- Um er að ræða mjög fallega og vandaða 154,5 fm. 3ja herb. þar af flísalagður 32.2 fm bílskúr. Ásamt sirka óskráðir 15 -20 fm. sem hægt er að stækka út frá sjónvarpsherbergi.
- Mjög björt stofa / borðstofa, glæsilegt eldhús, tvö rúmgóð herbergi. Sér afgirt verönd.
- Góður flíslagður bílskúr með óskráðu rými fyrir innan. Eign sem stoppar stutt við.
- Göngufæri er í alla helstu þjónustu.
- **V. 46,9 millj.**

Hafðu samband
**BENEDIKT ÓLAFSSON**
Aðstoðarmaður fasteignasala. Sími 661 7788






## ÁLFKONUHVARF 65 - 203 KÓP.

**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN. 29. ÁGÚST KL. 17:00 - 17:30**

Einstaklega fallega og vel skipulagða 120,9 fm. 4-5 herbergja íbúð á 2. hæð ásamt stæði bílageymslu. 3 rúmgóð svefnherbergi og sjónvarpshol.
Vandaðar innréttingar og gólfefni. Stórar suðursvalir.
Þvottahús innan íbúðar. Laus fljótlega.
**V. 40,9 millj.**

Hafðu samband
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309






## BREIÐAVÍK 11, 112 RVK.

**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 29. ÁGÚST KL. 18:00 - 18:30**

Einstaklega fallega 122,7 fm. 4-5 herbergja endaíbúð ásamt 21,3 fm. bílskúr samtals 144 fm.
3 rúmgóð svefnherbergi. Þvottahús innan íbúðar.
Stutt í skóla og alla þjónustu. Stórar suðursvalir.
Laus fljótlega.
**V. 41,9 millj.**

Hafðu samband
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309






## DRANGAKÓR 2 – 203 KÓP

**OPIÐ HÚS SUNNUD. 28. ÁGÚST KL. 15:00 – 15:30**

- Glæsilegt 275 fm einbýlishús með aukaíbúð og rúmgóðum bílskúr.
- Fjögur svefnherbergi og tvö baðherbergi í aðalíbúð. Einfalt að hafa innangengt úr aukaíbúð.
- Lýsing frá Lúmex. Gólfefni og innréttingar frá Parka. Granítborðplötur. Aukin lofthæð. Halógenlýsing.
- Frábært fjölskylduhverfi. Skóla, leikskólar og íþróttaaðstaða í göngufæri. **V. 97,9 millj**

Hafðu samband
**SIGURÐUR R. SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312






## MÁNAGATA 22 – 105 RVK

- Mjög góð 2ja herbergja, 56 fm íbúð á 1.hæð.
- Frábær staðsetning í rólegri götu, miðsvæðis í Reykjavík.
- Rúmgott svefnherbergi.
  Aðeins tvær íbúðir á hæð. Lítið fjölbýli.

**V. 27,9 millj**

Hafðu samband
**SIGURÐUR R. SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312



# Glæsilegar fasteignir til sölu

## Við tökum vel á móti ykkur í opin hús




## Skólavörðustígur 40
101 Reykjavík

**Opið hús** sunnudaginn
28. ágúst kl. 14:00 - 14:30

**Stærð:** 119 fm
**Fjöldi herbergja:** 3
**Byggingarár:** 1998

RE/MAX Senter

Opið Hús







**RE/MAX SENTER KYNNIR:**

Einstök þakíbúð í hjarta Miðbæjarins við Skólavörðustíg. Íbúðin er í 4ja hæða lyftuhús. Íbúðin skiptist í forstofuhol, stofu, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi og sérgeymslu. Fallegt útsýni er úr íbúðinni og fjórar svalir.

**Verð:** 95.000.000

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 414 4700 - www.remax.is

## Lækjarberg 1
221 Hafnarfirði

**Opið hús** sunnudaginn
28. ágúst kl. 17:00 - 17:30

**Stærð:** 228,7 fm
**Fjöldi herbergja:** 5
**Byggingarár:** 1998

RE/MAX Senter

Opið Hús







**RE/MAX SENTER KYNNIR:**

Glæsilegt einbýlishús á vinsælum stað í Setberginu í Hafnarfirði.

Fimm herbergi - tvær stofur og þrjú svefnherbergi

Húsið er virkilega vandað og vel viðhaldið.

**Verð:** 78.900.000

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 414 4700 - www.remax.is

## Malarás 4
110 Reykjavík

**Opið hús** sunnudaginn
28. ágúst kl. 16:00 - 16.30

**Stærð:** 345 fm
**Fjöldi herbergja:** 10
**Byggingarár:** 1980

RE/MAX Senter

Opið Hús




**RE/MAX SENTER KYNNIR:**

Glæsilegt einbýlishús tveimur hæðum á vinsælum stað fyrir ofan Elliðaárdalinn í Árbæ.

Húsið er vandað og sérlega vel viðhaldið.






Einstök eign á eftirsóttum stað fyrir ofan Elliðaárdalinn

**Verð:** Tilboð óskast

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 414 4700 - www.remax.is







**Fylltu á rafbílinn með Orku náttúrunnar**

Orka náttúrunnar hefur opnað tvær hraðhleðslustöðvar á Akureyri. Stöðvarnar eru orðnar **13 talsins** og er meðal annars að finna á höfuðborgarsvæðinu, í Borgarnesi, á Akranesi, Selfossi og í Reykjanesbæ. Straumurinn liggur svo sannarlega í vistvænni ferðamáta og ON er stolt af því að leggja sitt af mörkum í þessu hljóðláta samgönguátaki.

ON selur hreina og endurnýjanlega íslenska orku til heimila og fyrirtækja um allt land og nú ganga sífellt fleiri rafbílar fyrir orku náttúrunnar.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn um allt land og sér höfuðborgarbúum fyrir heitu vatni. Við nýtum auðlindir af ábyrgð til að bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR** · Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

ORKA NÁTTÚRUNNAR



Það er alltaf gott að eiga skinkuhorn við höndina.

# GOTT OG YLJANDI NESTI Í ÚTILEGUNA

Nú eru síðustu forvöð að fara í útilegu. Fyllt horn og heit súpa eru kjörið nesti í útileguna. Skinkuhorn fara vel í hendi og getur verið gott að grípa til þeirra í bílnum. Þegar húmar að geta íslensku sumarkvöldin verið köld og gott að eiga heita súpu á brúsa.

## SKINKUHORN

Uppskrift að skinkuhornum, úr bókinni Ostalyst, handbók fyrir sælkera, sem Osta- og smjörsalan gaf út árið 1988. Hornin eru fyllt með skinkusmurosti en inn í þau mætti einnig nota niðurskorna skinku eða steikta sveppi, papriku eða eitthvað annað eftir smekk.

**100 g smjör**
**½ l mjólk**
**1 pakki þurrger**
**60 g sykur**
**½ tsk. salt**
**900 g hveiti**
**Smurostur með skinku**
**1 egg til að pensla**
**Sesamfræ**

Hitið mjólk og smjör við vægan hita og hellið í skál. Bætið þurrgeri, sykri og salti út í skálina og hrærið. Bætið hveitinu saman við og hrærið saman. Látið hefast í 30 mínútur á hlýjum stað.

Hnoðið deigið og skiptið í fimm hluta. Fletjið hvern þeirra út í kringlótta köku og skerið í sex hluta.

Setjið skinkumyrju á breiða endann á hverjum geira og rúllið upp frá breiðari endanum. Látið hornin lyfta sér undir klút í 30 mínútur.

Sláið eggið saman og penslið hornin. Stráið sesamfræjum yfir.

Bakið í 200 gráður í 15-20 mínútur.



Þessi gefur yl í kroppinn.

## BAUNA- OG ASPARGUSSÚPA

**1½ tsk. ósalt smjör**
**2 púrrulaukar skornir smátt**
**4 bollar kjúklingasoð**
**1 tsk. ferskt timjan saxað**
**Klípa af salti**
**¼ tsk. svartur pipar**
**2 bollar frosnar grænar baunir**
**450 g ferskur aspargus skorinn**
**¼ bolli söxuð steinselja**
**1 msk. edik**
**4 stór egg**
**2 tsk. ólífuolía**

Bræðið smjör í stórum potti yfir vægum hita. Bætið púrrulauk út í og mýkið í 4 mínútur. Bætið soðinu, timjan, salti og pipar í pottinn og látið suðuna koma upp. Bætið þá baunum og aspargus út í, lokið á pottinn og látið malla í 3 mínútur. Hellið öllu í blandara og blandið þar til allt er orðið flauelsmjúkt. Ath. að taka tappann af lokinu svo gufan komist út en leggja stykki yfir svo ekki slettist út um allt. Hellið í hitabrúsa.

www.myrecipes.com

# NÁTTHRAFN SEM VAKNAR SNEMMA

Leikkonan **Sólveig Guðmundsdóttir** ver helginni með stórfjölskyldunni í bústað en ekki duga færri en þrjú hús undir mannskapinn. Draumahelgin væri ef einhver kippti henni í óvissuferð til útlanda.

**Stendur eitthvað sérstakt til um þessa helgi?** Ef við teljum föstudaginn með þá hófst hún á rennsli á leikritinu Sóley Rós ræstitæknir sem ég er að æfa um þessar mundir. Þetta var fyrsta rennsli þannig að ég var svolítið eins og nýfætt folald sem er að reyna að standa í fæturna. Í dag er svo ferðinni heitið með stórfjölskyldunni í sumarbústað. Við förum fjórar systur, makar, börn og mamma. Við erum búin að leigja þrjú hús og ég býst fastlega við að þetta verði eitthvað brjálæði. Það er búið að plana ratleiki, grill og alls kyns læti.

**Hvernig er draumahelgin?** Draumahelgin mín væri að einhver myndi bjóða mér í óvænta óvissuferð út á land, tja eða bara til útlanda. Það væri algjör draumur að vera kippt bara eitthvert og vita ekkert af því.

**Gerir þú þér dagamun um helgar? Hvernig þá?** Ég er oft að vinna í leikhúsinu um helgar en reyni að nýta þann tíma sem fer ekki í sýningar í að gera eitthvað skemmtilegt með fjölskyldunni. Oft er gott bara að hanga saman heima, fara í sund eða göngutúr. Dagamunurinn felst þá bara í rólegheitum og hversdagleikanum. Að þurfa ekki að fara neitt eða gera neitt.

**Hver er uppáhaldshelgarmaturinn?** Heimagerð pitsa. Ebbu-pitsan með speltbotninum er í uppáhaldi þessa dagana. Létt, góð og auðveld.

**Hvað færðu þér í morgunmat um helgar?** Stundum egg og beikon. Stundum er farið í bakaríið og stundum er það bara hafragrautur poppaður upp með berjum eða rjóma. En alltaf kaffi og nóg af því.

**Þegar þú ferð út að skemmta þér, hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Mér finnst skemmtilegast að vera með vinkonum mínum. Við erum farnar að vera duglegri að hittast og það er eiginlega alltaf gaman þegar við hittumst.

**Vakir þú frameftir?** Ég hef alltaf verið mikill nátthrafn og vinn oft best á kvöldin en ég er að reyna að venja mig af því.




Sólveig æfir verkið Sóley Rós ræstitæknir sem verður frumsýnt í Tjarnarbíói 10. september. Það segir frá sorgum og sigrum konu að norðan. MYND/ERNIR

**Sefur þú út um helgar?** Nei. Ég á tvær litlar stelpur sem vakna eldhressar alla daga. Ég reyni stundum að nota sjónvarpsdagskrána sem barnapíu til að lúra lengur en það gengur svona upp og ofan.

**Hvar er best að eyða laugardagseftirmiðdegi?** Nýjasta áhugamálið mitt er að reyta arfa og skoða trén í garðinum heima, en mér er annt um að þau séu örugglega að vaxa og dafna. Svo er Nauthólsvíkin algjör perla, sérstaklega ef það er pínu skýjað því þá er þar nær enginn. Norræna húsið er líka mjög skemmtilegur staður. Þar er gott kaffi, góður matur, frábært bókasafn og fallegt umhverfi.

**Með hverjum er skemmtilegast að verja helginni?** Fjölskyldunni minni. Og reyndar vinnufélögunum líka – ég vinn alltaf með svo skemmtilegu fólki að það er gaman hvort sem ég er í vinnunni eða í fríi.

**Hvað verður með sunnudagskaffinu?** Þessa helgi verður einhver rosalega flottur bröns í Brekkuskógi. Annars fann ég mjög góða rabarbarauppskrift á netinu sem heitir besta rabarbarapæ punktur og basta og hún hefur verið að slá í gegn á heimilinu.

**Hvað er annars að frétta – eitthvað spennandi fram undan?** Ég er að æfa leikritið Sóley Rós ræstitæknir, sem verður frumsýnt í Tjarnarbíói 10. september næstkomandi. Við María Reyndal leikstjóri skrifuðum handritið út frá viðtali við konu sem býr fyrir norðan. Þetta er ofsalega spennandi og fallegt verk um lygilegt lífshlaup konu, og segir frá sigrum hennar og sorgum. Verkið er í senn mjög fyndið og gífurlega sorglegt. Síðustu metrarnir á svona æfingaferli eru alltaf strembnir en þá gerist jafnframt alveg ótrúlega margt og ég hlakka mikið til að sýna verkið í vetur enda held ég að sagan eigi eftir að hreyfa við mörgum.

**Með fenix 3 sameinast glæsileg hönnun og fjölnota GPS snjallúr.**

Íþrótta- og útivistarfólk þarf ekki lengur að velja á milli – fenix 3 er bæði fullkomið íþróttaúr, útivistarúr, snjallúr og úr sem þú notar daglega í vinnu og leik. Þú getur einnig sérsniðið úrið að þínum þörfum með mismunandi upplýsingagluggum, forritum eða úraskífu með Connect IQ appinu frá Garmin.



GARMINBÚÐIN
ÖGURHVARFI 2, 203 KÓPAVOGI 577-6000 WWW.GARMIN.IS
GARMIN. fēnix 3

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

SAMSUNG




SAMSUNG

# Galaxy Note7

Forsala er hafin

## Lyftarar




## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

# ÞJÓNUSTA

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Bókhald

**Bókhald - Bókhald**
**Laun - skattframtöl.**
Stjornun.is - Ármúla 38
Sími 566-5555 & 868-5555

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**ALHLIÐA MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkum inni sem úti. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 659 7587 & 847 7034

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**MARKMIÐ VERKTAKAR**
**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
Smíðavinna · Pípulagnir · Raflagnir
Málningavinna · Múrvinna · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna · Lóðavinna
**Tilboð þér að kostnaðarlausu**
Uppl. í síma: 820 8888 eða markmid@markmid-ehf.is




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is




## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Hljóðfæri



Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikur í umboðssölu. Harmonikur frá 40 þús. Harmonikukennsla. Pokar og ólar. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur




Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## Dýrahald



Sharpei HVOLPUR til sölu. Einstakt got og einungis EINN RAKKI eftir af 6 hvolpum. Hvolparnir eru undan margsýndum meisturum. Ættbók frá HRFÍ. Kortalán. Uppl. í s. 821-9262

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**HERBERGI TIL LEIGU**
Tilvalið fyrir skólafólk, frítt ótakmarkað internet. Sameiginlegt bað og eldhús. Verð 55þús per mán. Uppl. í s. 846 5237.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir lítill íbúð til 15. nóv. Reglusemi. Er með lítinn hund. S. 6113868

## Geymsluhúsnæði

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 899 9339 & solbakki311@gmail.com Sólbakki.

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**GINGER**

**GINGER ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI Á HÁDEGISVAKTIR**
alla virka daga. Unnið er frá kl. 11:00-15:00. Hentar vel fyrir þann sem vill stuttan vinnudag eða er t.d. í fjarnámi. Ef þú ert orðinn 18 ára og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is eða hafðu samband í síma 780-1980

**HELGARVINNA**
Starfskraftur óskast í bakarí í Breiðholti aðra hvora helgi. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**BAKARÍ / AÐSTOÐAMAÐUR**
Óskum eftir vönum og duglegum aðstoðarmanni eða bakara. Krefjandi vinna.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**STARFSMENN Í VÖRUHÚS**
Samskip leita eftir öflugu starfsfólki í almenn störf í vöruhúsi. Umsækjendur verða að vera með bílpróf, hafa ríka þjónustulund og sterka öryggisvitund. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreina sakaskrá.

Tekið er á móti umsóknum í gegnum vefsíðu okkar www.samskip.is




**VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA**
óskar eftir að ráða þjóna í fullt starf, 11-11 vaktir. Ath. lágmarksaldur 18 ár og íslenskukunnátta er skilyrði. Upplýsingar aðeins veittar á staðnum í dag og næstu daga.

## til sölu




# Þjónustuauglýsingar

**Sími 512 5407**

**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is




**PA bygg ehf**
**SMÍÐAÞJÓNUSTA**
**MÚRVERK**
**FLÍSALAGNIR**
s.844 5469 pa.bygg.ehf@gmail.com

**Iveco**
**Viðgerðar- og varahlutaþjónusta**
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8




**BLIKK**
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
**Heildsala • Smásala**
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Atvinna í boði

**ÍÞRÓTTAHÚS FRAM SAFAMÝRI**
óskar eftir starfsfólki við afgreiðslu,húsvörslu,dagleg þrif og umsjón úti og inni.
Viðkomandi þarf að vera með frumkvæði,heiðarlegur,ríka þjónustulund,sjálfstæð vinnubrögð og með hreint sakavottorð.
Um er að ræða 100% starfshlutfall og er íslenska skilyrði.
Vinnutími er breytilegur eða eftir samkomulagi.
**Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna Halldórsdóttir í síma 5335600 eða tölvupóstfang johanna@fram.is**

MOSFELLS BAKARÍ

**VILT ÞÚ VINNA MEÐ OKKUR.**
Óskum eftir hressu, þjónustulunduðu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í bakaríinu okkar í Mosfellsbæ. Vinnutíminn er frá 13:00 - 18:30 alla virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Hægt er að fylla út umsókn á staðnum eða á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**EURO MARKET**
Poszukujemy osob na stanowisko kasjer-sprzedawca. Wiecej informacji pod nr.tel. 5873914 lub w sklepie w Kopavogur.

Óska eftir vönum smið. Uppl. í s. 899 4819

**KORNIÐ/FJARÐARBAKARÍ**
Starfsfólk vantar í hlutastarf í Hafnarfirði á virkum dögum í vetur. 18 ára og eldri. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

Leitum eftir dugmiklum starfskröftum á hjólbarðastöðvar Dekkjahallarinnar. 18 ára aldurstakmark. Fyllið út umsókn á dekkjahollin.is

Óska eftir reglusömum starfskrafti í hestaleigu, þarf að vera vanur hestum og einnig vanur húsaviðhaldi. Uppl. í síma 616 1569.

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**
Starfsfólk óskast í fullt starf (dagvinna) og hlutastarf. Sendið uppl. á milano@simnet.is

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

Tvítugur strákur óskar eftir mikilli vinnu, er með bíl. Skoða allt. Uppl. í s. 696 2381 og 848 6904

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn ega rétt að leita sér

## til sölu

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS
Síðumúla 29, Rvík S. 773-4700



**2 LOFTHÚS til sölu, 1156 fm.**
Bjóðum tvö slík hús til íþróttaiðkunar eða sem reiðskemmur, sýningar og viðburðahús og fl.
Seljandi útvegar sérfræðinga til uppsetningar.
Fljótleg og ódýr lausn á góðu verði.
Uppl. oskar@atv.is sími 773-4700

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali

Endalaust sumar
ENDALAUS GSM
2.990 KR.
ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN*
EKKI HAFA ÁHYGGJUR AF SÍMNOTKUNINNI Í SUMAR!
Settu þig í samband og fáðu Endalausan GSM 1817 365.is

Yfir 13.000 eignir á skrá



fasteignir.is á vísir.is

## skemmtanir




# Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

## Leikir helgarinnar:

**Laugardaginn 27. ágúst**
11:15 Tottenham - Liverpool
13:50 Watford - Arsenal
16:20 Hull City - Man. United

**Sunnudaginn 28. ágúst**
14:50 Man.City - W.Ham United

## Hljómsveitin AMIGOS






Arnar Freyr,
Birgir Jóhann,
Jón Kjartan og
Jón Borgar
spila um helgina.

Allir velkomnir

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn




## Skeifan 17
218 m² á 3. hæð

Nýlega uppgert skrifstofurými sem skiptist í þrjú herbergi og opið vinnurými. Snyrtileg kaffiaðstaða og sameiginleg salernisaðstaða á hæðinni. Tilbúið til afhendingar við undirritun leigusamnings. 360° myndir á www.reitir.is.







## Hátún 2b
365 m² á 2. hæð

Vandað endurnýjað skrifstofuhúsnæði með parketi og gólfsíðum gluggum. Rúmgóð rými í kjallara bjóða upp á ýmsa nýtingarmöguleika.

## Faxafen 5
230 m² á 2. hæð

Skrifstofuhúsnæði á 2. hæð í lyftuhúsi. Tilbúið til afhendingar eða lagað að þörfum leigutaka.

## Höfðabakki 9
416 m² á 5. hæð

Skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í þessari glæsilegu byggingu. Möguleiki á að innrétta og endurnýja miðað við þarfir leigutaka.

# TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á **www.reitir.is** og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 | 103 Reykjavík | www.reitir.is | 575 9000

REITIR
*Velkomin til starfa*



**Grillaður rófukubbur** Forrétturinn hentar í hvaða veislu sem er.



**Grillaðir rófubitar á viðarteinungi** Grænt fyrir hjartað og gult fyrir tilfinningarnar og sköpunarstöðina. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



**Grilluð rófusnitta með makríl** Rófan er sæt og makríllinn reyktur, því smella þau vel saman.



**Rófusteik með súmaki og kornhænueggjum** Súmak er arabískt krydd, svo þessi réttur er með arabísku ívafi.

# Rófan nefnd appelsína norðursins

Gulrófan hefur verið ræktuð í íslenskri mold í rúm 200 ár og snædd í kotum og á hefðarheimilum. Ómissandi í kjötsúpuna og afbragð með saltfisknum. En hún er líka góð af grillinu og í gratínið og hentar vel sem snakk og millimál.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Áslaug Snorradóttir ljósmyndari

Gulrófan er vanmetið hráefni á Íslandi. Við ættum að borða hana í hvert mál. Hún er góð bæði hrá og elduð. Gult er líka nauðsynlegt fyrir tilfinningarnar og sköpunarstöðina," segir Áslaug Snorradóttir, ljósmyndari og matargúrú, sem töfrar fram smárétti með bragð, útlit og hollustu í huga. Hún segir rófuna stundum nefnda appelsínu norðursins vegna þess hversu C-vítamínrík hún er. Smjörsoðnar rófur eru í uppáhaldi, þá er 100 grömmum af smjöri bætt í soðvatnið.

Þemað hjá Áslaugu í dag er hádegislautarferð með fjögurra rétta rófumáltíð. Hún breiðir úr hvítum dúk og raðar réttunum á diska eftir Bjarna Viðar Sigurðsson keramiker. Hún hefur forsoðið rófurnar og grillað þær á grillpönnu með miklu smjöri, til að fá fram grilleffekt og góða sætu. Líka búið til pestó til að hafa með forréttinum.

## Pestó

- Góð ólífuolía, helst með extra mikilli sól frá Sikiley
- Kasjúhnetur
- Basilíka

Mixað með töfrasprota.

Forrétturinn

## Grillaður rófukubbur

- Aflangur kubbur af rófu sem búið er að forsjóða og grilla á öllum hliðum
- Pestó
- Grænkálsspírur
- Tómatur, grillaður

Raðað upp í þeirri röð sem að ofan greinir.

## Grillaðir rófubitar á viðarteinungi

- Rófubitar, grillaðir á alla kanta þræddir upp á viðarteinung
- Nokkur grænkálsblöð, grilluð í smjöri á pönnu
- 1/2 sítróna, grilluð

Eco-baunaspírur settar í bunka á disk og greinin með rófunum lögð ofan á. Grænkálinu dreift um diskinn og sítrónan lögð hjá.

„Spírurnar eru próteinbomba, grænkálið þrungið af bætiefnum og sítrónan gerbreytist grillunina," segir Áslaug.



## Grilluð rófusnitta með reyktum makríl

- 1 sneið af rófu, forsoðin og grilluð
- 1 flak reyktur makríll
- Lítill biti af rauðlauk
- 1 grein flöt steinselja
- Nokkur skjaldfléttublóm
- Nokkur krækiber

Makríllinn er skafinn af roðinu og settur ofan á hálfa rófusneiðina, rauðlaukurinn er saxaður og settur ofan á, steinseljan sett þar ofan á.

Skjaldfléttublómin eru bæði til skrauts, hollustu og bragðbætis og krækiberin líka.

## Rófusteik með súmaki og kornhænueggjum

- 1 grilluð rófusneið
- Skvetta af ólífuolíunni góðu
- Mínítómatar, gulir og grænir, (ræktaðir í Sólheimum, keyptir í Frú Laugu)
- Súmak-krydd
- Kornhænuegg (Keypt í Frú Laugu)
- Graslaukur

Grillaða rófusneiðin er lögð á disk. Ólífuolíunni hellt yfir hana og út fyrir og gulum og grænum smátómötum dreift yfir diskinn, ýmist heilum eða hálfum. Kryddi og graslauk stráð yfir. Eggin höfð á kantinum.

# PIZZUVEISLA!

*Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4.*
*Gildir um allar pizzur*




**5 Fyrir 4**
*af öllum pizzum*

**399** kr. stk.
THIN & CRISPY OG DEEP PAN PIZZUR

**899** kr. stk.
CHICAGO TOWN TAKEAWAY PIZZUR

**599** kr. stk.
ICELAND STONE BAKED

Verð frá **399** kr. Pk.
CHICAGO TOWN PIZZUR 2 Í PAKKA

**799** kr. stk.
ICELAND STUFFED CRUST

**599** kr. stk.
ICELAND WOOD FIRED

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

**Iceland**

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um eyju með óvænt hlutverk.




**NORSKIR SELFANGARAR VORU FENGNIR TIL AÐ HANDSAMA NOKKRA SELI Á BREIÐAFIRÐI ...**

# Apar í Örfirisey

Einhver stærsta landfylling höfuðborgarsvæðisins er Örfirisey. Þegar farið er um stórt og vaxandi atvinnusvæðið, með öllum sínum fyrirtækjum og í seinni tíð einnig sælkeraveitingastöðum og kaffihúsum, er fátt sem minnir á eyju. Örfirisey sem svæðið er kennt við er líka löngu horfin undir götur og mannvirki. Meginhluti hennar var á þeim slóðum þar sem vestustu olíutankarnir standa á svæðinu norðanverðu, en löng tunga teygði sig niður að þeim slóðum þar sem frystihús Ísbjarnarins, síðar Granda, er í dag.

Þó má ætla að Örfirisey hafi verið allnokkru stærri á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Landið hefur sigið í gegnum tíðina og öldurnar tekið sinn toll, þannig fór eyjan illa út úr Básendaflóðinu árið 1799. Flóðið olli því að ábúð lauk í Örfirisey og síðustu bæirnir fóru í eyði.

Þar með lauk mörg hundruð ára byggðasögu í eynni. Líkt og aðrar Kollafjarðareyjar hafði hún þótt grösug, þótt smæðin hafi komið í veg fyrir stórfelldan landbúnað. Þess í stað hafa íbúarnir fremur séð sér farborða með fuglatekju, fisk- og selveiðum. Í Örfirisey var líka verslunarstaður Reykvíkinga um langt skeið, áður en danskir kaupmenn fluttu bækistöðvar sínar í Kvosina.

Sumir telja þó að upprunalegi verslunarstaðurinn frá fyrri hluta sextándu aldar hafi ekki verið í Örfirisey sjálfri heldur í Grandahólma vestan eyjarinnar. Grandahólmi er í dag lítið annað en lágreist sker skammt úti fyrir landfyllingunni.

**Náttúruperla í röltfæri**

Unnt var að ganga þurrum fótum út í bæði Örfirisey og Grandahólma á fjöru eftir mjóum granda. Gerðu Reykvíkingar sér það því stundum til gamans á nítjándu öldinni að bregða sér út í eyna til skemmtiferða og þótti plöntu- og skordýralíf þar fallegt og fjölskrúðugt. Það var þó fyrst með gerð Reykjavíkurhafnar sem hófst árið 1913 að Örfirisey varð íbúum höfuðstaðarins vel aðgengileg. Með hafnargerðinni var hlaðinn traustur grjótgarður frá landi og út í eyjuna, sem þýddi að almenningur gat komist út í hana þurrum fótum án þess að hafa áhyggjur af því að verða strandaglópar þegar félli að.

Sundgarpar voru fljótir að uppgötva hið nýja útivistarsvæði, en sjósund naut talsverðra vinsælda meðal Reykvíkinga á fyrri hluta tuttugustu aldar. Árið 1925 var reistur skáli fyrir sundmenn og nokkru áður höfðu skotíþróttamenn fengið þar aðstöðu fyrir æfingar sínar. Komu í kjölfarið fram fyrstu hugmyndir um að breyta eyjunni í unaðsreit fyrir hvers kyns útivist, íþróttir og lautarferðir með kaffihúsarekstri og tónlistarflutningi á tyllidögum.



Á stríðsárunum lagði hernámslið Breta undir sig eyna og reisti þar ýmis mannvirki. Var á meðan lokað fyrir aðgengi Reykvíkinga að Örfirisey, sem kom lítið að sök enda snardró úr sjósundsiðkun bæjarbúa eftir að Sundhöllin við Barónsstíg var tekin í notkun árið 1937.

Að stríðinu loknu endurheimtu Reykvíkingar Örfirisey. Engin ákvörðun hafði verið tekin um framtíðarhlutverk hennar, þótt hafnartengd starfsemi færi fljótlega að leita þangað. Þannig hóf Slysavarnafélag Íslands að byggja upp björgunarmiðstöð sína í eynni á árinu 1945 og árið eftir var úthlutað lóðum fyrir olíugeyma og skemmur fyrir kol og salt auk svipaðrar starfsemi á norðurodda hennar. Sumarið 1947 fékk Örfirisey hins vegar nýtt og óvenjulegt hlutverk og varð um nokkurra vikna skeið einn fjölfarnasti staður landsins. Kveikjan að því var frumleg fjáröflun.

Sjómannadagsráð var stofnað síðla árs 1937 og hefur frá 1938 skipulagt hátíðarhöldin á sjómannadaginn í Reykjavík og síðar víðar um landið. Eftir fyrsta starfsár ráðsins ákvað það að beita sér fyrir byggingu dvalarheimilis fyrir aldraða sjómenn, DAS. Aðalfjáröflunarsalan fyrstu misserin var merkjasala, en fljótlega varð ráðsliðum ljóst að ekki væri nóg að safna bara einn dag á ári. Aðrar og fjölbreytilegri fjáröflunarleiðir yrðu að koma til.

**Asnar og ísbirnir?**

Sjómannadagsráð fór þess á leit við bæjarstjórn Reykjavíkur að fá Örfirisey til umráða sumarið 1947 til að setja upp dýrasýningu. Reyndist það auðsótt mál. Var eyjan girt fyrir umferð og þegar ráðist í að útbúa sýningaraðstöðu. Steyptar voru þrjár rammlega afgirtar tjarnir eða lón. Var ein hugsuð fyrir seli, önnur fyrir sæljón og sú þriðja fyrir ísbirni. Smíðuð voru búr fyrir apa, skrautfugla og hvers kyns fiskategundir. Þá var komið upp veitingaaðstöðu og tækjum til annarrar afþreyingar, svo sem skotbökkum. Aðalaðdráttarafl sýningarinnar voru tíu apakettir sem fengnir voru að láni frá dýragarðinum í Edinborg og tveir sæljónsungar sem komu frá sædýrasafni í Kaliforníu. Þessi dýr voru raunar þau einu sem boðið var upp á þegar sýningin var opnuð almenningi aðra vikuna í júní. Var því þó lofað að innan skamms myndu fleiri skepnur bætast í hópinn.

Norskir selfangarar voru fengnir til að handsama nokkra seli á Breiðafirði sem komið var fyrir á sýningunni. Ísbjarnargryfjan fékk þó ekki að sinna sínu upprunalega hlutverki, þar sem ísbjörn sem lofað hafði verið úr sænskum dýragarði veiktist og var því hætt við að flytja hann til landsins.

Nokkur dýr sem boðuð höfðu verið komu annaðhvort ekki til landsins eða voru send til baka aftur. Þannig stóð til að sýna bandaríska skógarbirni og asna. Í einhverjum tilvikum reyndist flutningurinn of vandasamur en heilbrigðisyfirvöld voru einnig treg til að veita samþykki sitt af ótta við sjúkdóma.

Dýrasýningin í Örfirisey var opin í tvo og hálfan mánuð og dró til sín 40.000 gesti, sem slagaði upp í heildaríbúafjölda Reykjavíkur. Segir þessi fjöldi ef til vill mest um hversu lítið var við að vera í höfuðstaðnum á þessum árum og hvers kyns afþreyingu tekið opnum örmum.

Í nokkrum dagblaðanna var ýjað að því að dýrasýning Sjómannadagsráðsins stæði illa undir nafni og að 10 króna aðgangseyrir væri nokkuð vel í lagt fyrir að skoða fáeina apaketti og sæljón. Á móti var bent á að málstaðurinn væri góður og enginn væri skyldaður til að leggja leið sína á sýninguna.

**Fyrstu skref?**

Aðrir gerðu athugasemd við aðbúnað dýranna, sem hefðu illa vist í þröngum búrunum. Gilti þetta sérstaklega um fuglana: hrafninn, fálkann og smyrilinn. Svaraði sýningarnefnd Sjómannadagsráðsins þeim gagnrýnisröddum kröftuglega með því að benda á að mjólkurkýr væru tjóðraðar á básum níu mánuði á ári, yndu þar hag sínum vel og enginn sæi ástæðu til að vorkenna þeim! Taldi nefndin þvert á móti að dýrasýningin gæfi almenningi frábært færi til að kynnast sjaldséðum skepnum og væri dýravinum nær að kenna fólki að haga sér vel í dýragörðum og henda ekki rusli í dýrin en að amast við starfseminni.

Aðstandendur dýrasýningarinnar 1947 lögðu mikið á sig við gerð sýningarsvæðisins. Dagsbrúnarverkfall um vorið setti framkvæmdir um tíma í uppnám, en meðal annars var deilt um hvort sjálfboðavinna sjómanna við undirbúning teldist verkfallsbrot.

Umfang framkvæmdanna var mikið miðað við að tjaldað væri til einnar nætur, enda var augljóst að skipuleggjendur vonuðust til að sýningin yrði upphafið að einhverju meiru. Gagnrýni á að fá dýr væru til sýnis var þannig svarað með því að um frumraun væri að ræða og mögulega yrði meira í boði síðar.

Veturinn 1947-48 unnu stjórnarmenn Sjómannadagsráðs að því að fá nýja dýrasýningu til landsins frá dýragarðinum í Edinborg. Þar á meðal var rætt um að fá bæði ljón og tígrisdýr. Fljótlega rákust skipuleggjendur þó á veggi í kerfinu. Stjórnvöldum var meinilla við innflutning dýranna vegna sjúkdómahættu. Dýrin voru ekki sett í sóttkví og litlar upplýsingar lágu fyrir um hvaða kvilla þau gætu borið með sér. Þótt horft hafi verið í gegnum fingur með þetta í eitt skipti, var enginn áhugi fyrir því að gera slíkan innflutning að árvissum viðburði. Vorið 1948 voru því blásin af öll áform um áframhaldandi dýrasýningar til styrktar Dvalarheimili aldraðra sjómanna.

Skemmtilegt er að velta því fyrir sér hver þróun mála hefði orðið ef sjómannaforystunni hefði tekist að knýja í gegn áframhaldandi leyfi til innflutnings á dýrum. Væntanlega hefði aðstaðan í Örfirisey verið byggð upp jafnt og þétt og mögulegt að þar hefði orðið til vísir að reykvískum dýragarði með dýrahaldi allan ársins hring. Slík starfsemi hefði mögulega breytt hugmyndum manna um skipulag í Örfirisey, að minnsta kosti fyrst um sinn. En ekkert af þessu varð að veruleika og enn áttu eftir að líða meira en tveir áratugir áður en Íslendingar eignuðust sinn fyrsta dýragarð, Sædýrasafnið í Hafnarfirði.


TCHAIKOVSKY
Évgení Onegin
Tímalaus rússnesk ástarsaga
MARGVERÐLAUNAÐUR ÓPERULEIKSTJÓRI
STJARNA FRÁ BOLSHOJ LEIKHÚSINU Í TITILHLUTVERKI
MIÐASALA HAFIN Á WWW.OPERA.IS
HLJÓMSVEITARSTJÓRI BENJAMIN LEVY · LEIKSTJÓRI ANTHONY PILAVACHI
ANDREY ZHILIKHOVSKY · ÞÓRA EINARSDÓTTIR · ELMAR GILBERTSSON · NATHALÍA D. HALLDÓRSDÓTTIR
HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR · ALINA DUBIK · RUNI BRATTABERG · SNORRI WIIUM
KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR · LEIKMYND: EVA SIGNÝ BERGER
LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON · BÚNINGAR: MARÍA TH. ÓLAFSDÓTTIR
22. OKTÓBER · 29. OKTÓBER · 6. NÓVEMBER · 12. NÓVEMBER
#islenskaoperan
ÍSLENSKA ÓPERAN
HÖNNUN: HGM

**ÍSLENSKUR LAX**




**1.898** kr. kg

**Blámar Laxabitar**
Frosnir, beinhreinsaðir

**FERSKT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU**




**1.198** kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Með beini, ferskar




**798** kr. kg

**Bónus Grísahakk**
Ferskt

**ÍSLENSKT BEIKON**




**1.598** kr. kg

Meira kjöt
Minni fita

**Stjörnugrís Beikon**
Meira kjöt - Minni fita

**ÍSLENSKT PEPPERONI**




**395** kr. pk.

**Stjörnugrís Pepperoni**
180 g

**LÁGKOLVETNA BRAUÐ**



**459** kr. 420 g

**Gæða Lágkolvetnabrauð**
420 g

**ILMANDI BAKKELSI Í BÓNUS**




**229** kr. pk.

**Myllu Lífskornabollur**
4 bollur, 2 teg.




**398** kr. 400 g

**Bónus Gulrótarkaka**
400 g

**NÝBAKAÐ!**



**198** kr. stk.

**Bónus Ostaslaufa**
120 g

**NÝ UPPSKERA**
**Beint frá Kaliforníu**



**795** kr. kg

**Vínber, græn og rauð**
Ný uppskera frá Ameríku

**NÝTT Í BÓNUS**

540 M Í PAKKANUM




**998** kr. pk.

**Bónus Massi WC pappír**
9 rúllur, 500 blöð á rúllu




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

## Konráð og félagar á ferð og flugi 214

Bragi Halldórsson

„Hvað skyldi þetta nú vera," sagði Konráð og tók upp pappírsblað með tölustöfum og undarlegum táknum sem hann sá liggja á jörðinni.
„Mér sýnist þetta vera stærðfræðiþraut," sagði Lísaloppa. „En þessi þarna þrjú tákn eru ekki tölustafir svo það getur nú varla verið," sagði Konráð.
„Það er nú einmitt þrautin," sagði Lísaloppa. „Að finna út fyrir hvaða tölustafi þessi þrjú tákn standa, svo þessi fjögur dæmi gangi upp," bætti hún við.

Getur þú reiknað út fyrir hvaða tölustafi táknin þrjú standa, svo dæmin gangi upp?






## Leikur vikunnar

### Einn, tveir, þrír, fjórir, fimm, Dimmalimm

Þátttakendur standa aftan við línu sem er í ákveðinni fjarlægð frá húsvegg. Einn grúfir sig upp við vegginn og segir upphátt: „Einn-tveir-þrír-fjórir-fimm-Dimmalimm." Á meðan hann segir þetta mega hinir ganga fram í áttina að honum.
Um leið og hann er búinn að segja þuluna má hann líta yfir hópinn og ef einhver er þá enn á hreyfingu verður sá hinn sami að fara til baka á byrjunarreit.
Hver sem er kominn yfir má klukka þann sem grúfir á meðan hann fer með þuluna, og þá eiga allir að hlaupa til baka en sá sem „er hann" reynir að ná einhverjum og þá á sá að grúfa næst.






# Prumpuhundur á ferð og flugi

**Eiríkur Stefánsson** sendi teikningu af prumpuhundi í flöskuskeyti fyrir ári og fyrir skömmu sneri hundurinn til hans aftur í flottri bók.

Eiríkur Stefánsson fékk óvænta og skemmtilega sendingu frá Ameríku fyrr í sumar sem má rekja til flöskuskeytis sem hann sendi í sjóinn fyrir um ári.

„Mig langaði til þess að prófa að gera flöskuskeyti svo ég teiknaði mynd af prumpuhundi, en það er hundur sem flýgur með því að prumpa regnboga. Svo sendi ég skeytið í sjóinn í fyrra, þá var ég átta ára en alveg að verða níu, en núna er ég að verða tíu ára á mánudaginn. Í sumar kom svo póstkonan með sendingu sem var merkt til mömmu Eiríks og ég átti að opna þetta á afmælisdaginn en mér fannst þetta bara svo spennandi að ég gat ekki beðið.

Í pakkanum, sem var frá konu í Ameríku, var bæði bréf og líka alveg rosalega flott bók sem hún var búin að búa til. Þessi kona heitir Sarah Eriksen og hún var hérna á Íslandi til þess að læra um víkinga í Háskóla Íslands þegar hún fann flöskuskeytið mitt. Eftir að hún fann skeytið fór hún frá Íslandi og ferðaðist bæði um Evrópu og Ameríku og var alltaf með myndina af prumpuhundinum með sér. Bókin er um það ferðalag og er mjög flott og skemmtileg.

Mér fannst rosalega gaman að fá senda svona flotta bók sem var búið að búa til bara handa mér og ég ætla að senda henni bréf og kannski eitthvað fleira skemmtilegt til þess að þakka henni fyrir." – mg



Eiríkur með bókina sem Sarah bjó til og sendi frá Ameríku. FRÉTTABLAÐIÐ/ERRNIR



Opna úr bókinni sem sýnir Prumpuhund á flugi yfir Ameríku.

## Lestrarhestur vikunnar Narges Shafaee Ahmad

Narges Shafaee Ahmad er heppinn þátttakandi Sumarlesturs Borgarbókasafnsins, Bókmenntaborgarinnar og Forlagsins. Nafn hennar var dregið úr potti fleiri hundruð þátttakenda sem tóku þátt í lestrinum í sumar. Bókmenntaborgin gaf Narges Kindle lesbretti og Forlagið bækur en að auki ætlar Bókabeitan að gefa nokkrar Rökkurhæðarbækur í lesbrettið.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Naruto, en það er manga teiknimyndasaga.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Fyrsta bókin sem ég las á íslensku var 50 fyrstu orðin á íslensku sem Ragnheiður kennarinn minn gaf mér.

**Hvernig eiga skemmtilegar bækur að vera?** Mér finnst fantasíur og teiknimyndasögur skemmtilegastar.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Í Háteigsskóla.



Narges Shafaee Ahmad var alsæl með bókina sína.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Í hverri viku og stundum tvisvar í viku.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Að teikna.

**Ef þú myndir skrifa bók um hvað ætti hún að vera og hvað myndi hún heita?** Það yrði draugasaga.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og setja í pott sem dregið er úr vikulega. Lestrarhestur vikunnar hlýtur bók að launum.


LÁTTU ÞAÐ GERAST
FULLAR BÚÐIR AF NÝJUM OG
SPENNANDI NIKE VÖRUM
NIKE
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

## Merkisatburðir

**1729** Hraun rennur út í Mývatn umhverfis kirkjuna í Reykjahlíð í Mývatnseldum.
**1828** Simón Bolívar tekur sér alræðisvald í Stór-Kólumbíu.
**1867** Eldgos hefst í Vatnajökli. Talið er að gosið sé nálægt Grímsvötnum.
**1914** Fjórir menn af 17 manna áhöfn togarans Skúla fógeta farast er togarinn rekst á tundurdufl og sekkur.
**1970** Flugsveitin Rauðu örvarnar sýnir listir sínar í Reykjavík.
**1991** Moldóva fær sjálfstæði frá Sovétríkjunum.
**1994** Kvikmynd **Friðriks Þórs Friðrikssonar**, Bíódagar, hlýtur Amanda-kvikmyndaverðlaunin, sem eru norræn. Mat dómnefndar er að myndin sé þjóðleg og alþjóðleg í senn.
**2002** Flak Northrop N-3PB-sjóflugvélar finnst á átta metra dýpi í Skerjafirði.





✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

**Jóns Guðbrandssonar**
fv. héraðsdýralæknis á Selfossi.

Sérstakar þakkir til heimahjúkrunar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir góða umönnun.

**Þórunn Einarsdóttir**
**Bertha S. Jónsdóttir** **Pétur Guðjónsson**
**Sigríður Jónsdóttir** **Hjörleifur Þór Ólafsson**
**Einar Jónsson**
**Ragnhildur Jónsdóttir** **Anton S. Hartmannsson**
**Guðbrandur Jónsson** **Guðrún Edda Haraldsdóttir**
**Ingólfur R. Jónsson** **Svanborg B. Þráinsdóttir**
**Sveinn Þ. Jónsson** **Selma Sigurjónsdóttir**
**Brynhildur Jónsdóttir** **Guðjón Kjartansson**
**Matthildur Jónsdóttir** **Hjörtur B. Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Maríanna hlakkar til að fræða fólk um sýninguna Hjáverk kvenna í Kornhúsinu í Árbæjarsafni á morgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Þótti gott að þekkja konu sem gat gert við lykkjuföll

ASÍ býður til dagskrár í Árbæjarsafni á morgun í tilefni aldarafmælis síns. Maríanna Traustadóttir mannfræðingur verður með leiðsögn um sýninguna Hjáverk kvenna.

Í Kornhúsinu í Árbæjarsafni er ljósi brugðið á hugmyndaauðgi og atvinnusköpun kvenna á síðustu öld á sýningunni Hjáverk kvenna. Maríanna Traustadóttir, mannfræðingur og jafnréttisfulltrúi ASÍ, verður þar með leiðsögn klukkan 14 á morgun, sunnudag, sem er liður í afmælishátíð Alþýðusambandsins í safninu milli klukkan 13 og 16.

„Það sem er svo áhugavert er hvað sýningin ber glögglega vitni um sjálfsbjargarviðleitni kvenna sem voru bundnar inni á heimilunum, oft með mörg börn. Hvað þær voru vel vinnandi og gerðu margt til að drýgja það fé sem þær höfðu milli handanna. Fyrir utan að sauma sjálfar og prjóna fatnað á alla fjölskylduna, þá tóku þær kannski kostgangara, prjónuðu sjóvettlinga, gerðu við nælonsokka eða þvoðu þvotta og saumuðu fyrir aðra,“ segir Maríanna.

Hún rifjar upp þegar hún sjálf hafði keypt fyrstu sokkabuxurnar sem henni fannst hræðilega dýrar og varð því eyðilögð þegar lykkjufall kom á þær. „Þá var gott að þekkja konu sem kunni að gera við lykkjuföll.“

Maríanna segir útsaumuð teppi á sýningunni í Kornhúsinu gott dæmi um hagsýni og hagleik kvenna. „Þetta eru þykk og mikil teppi, svokölluð Bretateppi, sem skilin voru eftir í bröggunum. Konurnar notuðu þau sem tjöld milli herbergja, eða borðstofu og stofu, skreyttu þau með útsaumi og gerðu það svo vel að þau eru jafnfalleg báðum megin.“

Maríanna segir verkaskiptingu á heimilum hafa orðið áberandi í kringum aldamótin 1900. „Meðan bændamenningin var ríkjandi bjó fólkið þéttara saman og heimilið og nánasta umhverfi þess var vinnustaður þess en þegar þéttbýlismyndun jókst unnu karlarnir utan heimilis en konurnar innan þess. Þær voru háðar eiginmönnum sínum efnahagslega og urðu oft að afla sér tekna sjálfar með einhverjum hætti, ekki síst ef karlinn var drykkfelldur. Þarna var visst dulið hagkerfi í gangi.“

Það var ekki fyrr en um og eftir 1970 sem konur fóru almennt að vinna úti, að sögn Maríönnu. Þá urðu miklar breytingar í samfélaginu og mörg störf færðust smátt og smátt út af heimilunum. „Nú eru engir kostgangarar lengur,“ bendir hún á, „og ef lykkjufall kemur á sokkabuxurnar þá hendum við þeim.“ **gun@frettabladid.is**

**DAGSKRÁ ASÍ**

**Í Árbæjarsafni verður boðið upp á leiðsögn á morgun, ratleik, þvottaburð og kassabílaakstur. Börn komast á hestbak. Leikhópurinn Lotta mætir, þorskur verður þurrkaður á túni, lummur bakaðar í Hábæ, prentari, skósmiður og gullsmiður verða á staðnum og Lúðrasveit verkalýðsins gleður gesti.**



✝

Elskuleg móðir okkar,

**Hanna Sigurðardóttir**

lést 24. ágúst á líknardeild í Kópavogi. Útför fer fram í Fíladelfíukirkjunni fimmtudaginn 1. september kl. 13.00.

**Kristján Þór, Sigurður, Bjarndís, Tanya.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Bryndís Dóra Þorleifsdóttir**
Mánatúni 2, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju mánudaginn 29. ágúst kl. 15.00. Starfsfólki Sóltúns er þökkuð góð umönnun. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Líknarsjóð Oddfellowreglunnar.

**Jón Þór Jóhannsson**
**Þorleifur Þór Jónsson** **Þórdís H. Pálsdóttir**
**Stefanía Gyða Jónsdóttir** **Benjamín Axel Árnason**
**Jóhann Þór Jónsson** **Þórunn Marinósdóttir**
**Bergrún Svava Jónsdóttir** **Ragnar Baldursson**
**og barnabörn.**

# Ætlar að drekka kaffi hjá Bjarna og eyðileggja bækur

Guðmundur Óli Sigurgeirsson kennari kemst í tölu heldri borgara í dag. Því fagnar hann með upplestri úr nýútkominni æskuminningabók sinni í Bókakaffi á Selfossi.

Ný bók Guðmundar Óla Sigurgeirssonar, kennara á Kirkjubæjarklaustri, heitir Við ána sem ekki var. Hún geymir æskuminningar hans af Bakkabæjum á Rangárvöllum og er skreytt teikningum. Hann ætlar að lesa upp úr henni og árita hana í Bókakaffinu á Selfossi í dag frá klukkan 14 til 17. Bókin er þar á tilboðsverði í tilefni þess að höfundurinn á 67 ára afmæli og hefur þar með hlotið löggildingu sem heldri borgari.

Guðmundur Óli segir umdeilanlegt hversu langur tími hafi farið í bókarskrifin. „Ég á dætur sem eru í kringum fertugt og sumar af þessum minningum úr æsku minni sem rifjaðar eru upp í bókinni sagði ég þeim sem rökkursögur þegar þær voru litlar. Ég ætlaði ekkert að gera meira en þær vildu að ég skrifaði sögurnar niður svo þær gætu sagt þær sínum börnum. Ég lét það eftir þeim og dreifði þeim á lokuðum síðum á fésbókinni meðal ættingja. Þá fékk ég mikla hvatningu til að koma efninu út á bók og það endaði með því að sögurnar urðu að handriti sem ég sýndi Bjarna Harðarsyni, bóksala og útgefanda. Svo fékk ég vin minn og nágranna hér á Klaustri, Pál Ragnarsson, fyrrum bónda á Hörgslandi á Síðu og síðar innanbúðarmann á Klaustri, til að myndlýsa sögurnar með blýantsteikningum. Úr er orðið þetta bókarkorn.“



Guðmundur Óli með nýju bókina. Hún geymir rökkursögur sem hann sagði dætrum sínum litlum.

Síðasta frásögnin í bókinni gerist þegar Guðmundur Óli er sautján ára, en flestar gerast sitt hvorum megin við tíu ára aldurinn, að hans sögn. Allar snúast um þann heim sem hann lifði á Rangárvöllunum. „Heimurinn var ekkert stór á þeim árum. Bærinn minn, Eystra-Fróðholt, var nafli alheimsins,“ segir hann glettinn og bætir við: „Ég vil meina að bókin sé dálítill aldarspegill því hún segir frá lífi barns sem elst upp sem einbirni í sveit þar sem ekki er rafmagn, ekki sími og ekki rennandi vatn og þetta er samt á seinni hluta síðustu aldar. Rafmagnið kom ekki fyrr en ég var um ferminguna.“

> Ég vil meina að bókin sé dálítill aldarspegill því hún segir frá lífi barns sem elst upp sem einbirni í sveit þar sem ekki er rafmagn, ekki sími og ekki rennandi vatn.

Í kynningu frá útgefandanum, Bjarna Harðar, segir um efni bókarinnar: „Þó Bakkabæir séu skildir frá meginhluta Rangárvalla af vatnsföllum er þaufast í skóla á Strönd og ungmenni fá skólun í ástum þegar vinnuhjúin á Móeiðarhvoli taka til við kossa í Fljótshlíðarferð á Landrovernum.“

Afmælinu kveðst Guðmundur Óli ætla að fagna með þeim hætti að drekka kaffi hjá Bjarna og leika sér að því að eyðileggja bækur fyrir fólki með hrafnasparki á titilblað ef það vilji.

gun@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 27. ÁGÚST 1946

## Einangrun Siglufjarðar rofin

Fyrsti bíllinn komst til Siglufjarðar þennan dag árið 1946, eftir að unnið hafði verið að vegagerð um Siglufjarðarskarð í ellefu ár. Það var þó ekki fyrr en ári síðar, eða 1947, að vegurinn taldist tilbúinn. Hann lá upp úr Fljótum í Skagafirði.

Upphaflega var Siglufjarðarskarð fjallsegg en gegnum hana voru dyr sem gátu hafa verið gerðar af fornmönnum. Þá var hægt að sitja þar klofvega með annan fótinn í Skagafjarðarsýslu en hinn í Eyjafjarðarsýslu.

Árið 1940 var skarðið sprengt niður um 14 metra og í framhaldi af því ráðist í að gera bílfæran veg yfir það. Þetta var hæsti fjallvegur landsins og mjög snjóþungur. Hann lokaðist í fyrstu snjóum á haustin og var ekki opnaður aftur fyrr en sjö til átta mánuðum síðar.





Faðir okkar,

**Kári Sólmundarson**

Hjallaseli 55,

lést á Landspítalanum 7. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Börn hins látna**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Þórunn Pálsdóttir**

kennari,
Goðheimum 20,
Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 10. ágúst síðastliðinn, verður jarðsungin frá Áskirkju þriðjudaginn 30. ágúst næstkomandi kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Magnús Kjartan Hannesson Feng Jiang Hannesdóttir**
**Hannes Hermann Mahong Magnússon**



Elsku maðurinn minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**Sigmar H. Sigurðsson**

lést á Borgarspítalanum 16. ágúst sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Aðalheiður E. Helgadóttir**
**Grétar Sigmarsson Helga Adolfsdóttir**
**Baldur Birgisson Lovísa Jónsdóttir**
**Sigrún Linda Birgisdóttir**
**Fanney Aliisa Glan**



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Halldórs Snorrasonar**

matreiðslumeistara,
Kirkjulundi 12, Garðabæ.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut.

**Sigurveig Sæmundsdóttir**
**Unnur Fríða Halldórsdóttir**
**Elísabet Halldórsdóttir Hjalti Bjarnfinnsson**
**Sóley Halldórsdóttir Þórmundur Jónatansson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Elskuleg móðir okkar tengdamóðir amma og langamma,

**Auður Ása Benediktsdóttir**

andaðist að Skjóli 22. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 31. ágúst kl. 13.00.

**Hildur Hrönn Hreiðarsdóttir Guðmundur Sigurðsson**
**Ingibjörg Hreiðarsdóttir Guðmundur Magnússon**
**Bogey Hreiðarsdóttir Árni Alfreðsson**
**Logi Snævar Hreiðarsson**
**Hreiðar Hugi Hreiðarsson Tove Gulbrandsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Hjartans þakkir til vina og vandamanna og allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástríks föður, stjúpföður, tengdaföður, afa og langafa,

**Magnúsar Inga Sigurðssonar**

Hjallabraut 33,
Hafnarfirði.

**Sigríður Margrét Magnúsdóttir Björn V. Jónsson**
**Kristín María Magnúsdóttir Jón Magnús Sveinsson**
**Herta Marianna Magnúsdóttir Arthur Pétursson**
**Helga Jóna Ólafsdóttir Ásgeir Friðsteinsson**
**Edda Ólafsdóttir**
**Þóra Ólafsdóttir Aad Groeneweg**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásdís Andrésdóttir**

Neðstaleiti 7, Reykjavík,
áður Raufarhöfn,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þann 1. ágúst sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Ágúst Ásgeirsson**
**Þórhallur Ásgeirsson**
**Pétur Ásgeirsson**
**Sigurður Ásgeirsson**
**Steinunn Ásgeirsdóttir**



**Þökkum auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts okkar ástkæra**

**Arthurs Morthens**

**Einnig þökkum við þá virðingu sem minningu hans er sýnd.**

**[illegible]**
**Óttar Arnar Arthursson Halldóra Sigtryggsdóttir**
**Helga Tryggvadóttir Jón Þór Pétursson**
**Anna Tryggvadóttir**
**Halla Tryggvadóttir [illegible]**
**og barnabörn.**

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**4** Tilvera þessara skepna kostar sitt (7)
**11** Lýsingarorð bjarga mér frá efndum heita (7)
**12** Finna skjól í öldum ballarhafs (8)
**13** Hvað myndu múrúð gefa fyrir að vera lukkuleg? (7)
**14** Sérðu ekki sportið í að veiða fiskinn? (7)
**15** Þvílíkur gorgeir ofan á allt þetta at (8)
**16** Geng á vegg verndarskatta (7)
**17** Þegar þau koma í land með gesti að utan (7)
**18** Reyta tappa og klær til fóta (8)
**20** Munurinn á kraft- og skokkgalla? Hár í matnum! (8)
**23** Tvístrekkir ef menn hafa útstæð augu (8)
**27** Slá í trall og fá pinna (7)
**31** Göngum að veiðinni vísri með flugum að utan (9)
**33** Enginn hefur smíðað autt svæði (6)
**34** Kentár má kalla karl í krapinu? (7)
**35** Ævin er ekki fjörið endalaust (7)
**36** Rek oddhvasst tól í timbrið (8)
**37** Herða grip í glímu (7)
**38** Rölti reið heim sem Logi Geim- (7)
**39** Býð fannargálga fyrir mjallhvítan músabana (8)
**41** Skaðaskelin bætir ekki glataðan tíma (7)
**42** Snafs þeirra sem mjúk eru og meyr (9)
**44** Rugl að það sem samið var um sé summan I (7)
**47** Þeir sem kunna að meta bletti slæpast fyrir mat (7)
**51** Svæði frjálsrar þjóðar án föðurlands (11)
**54** Dreg upp mynd af dægri fram til 9 (7)
**55** Má bjóða yður harðreyktan kálfsmaga? (4)
**56** Fötin eru svipuð og nálínið (9)
**57** Stel ama af stærsta bor allra bullbora (7)
**58** Afsaka þá sem ganga til hvílu (4)

**LÓÐRÉTT**
**1** Ræktaði ekki neitt, það er ekki smart (8)
**2** Verður kannski hlýðin þegar hún er dáin (8)
**3** Æst og timbruð og afar gisin (6)
**4** Hef alltaf haldið dægur rétta rímið (9)
**5** Þetta Halahyski heimtar bein (7)
**6** Hvað lesa horuð grey með spóaleggi? (7)
**7** Ræddu myglu við hin orðljótu (7)
**8** 1. flokks feldur við tréð (6)
**9** Glaðvær höfnin heillar skrýtinn (8)
**10** Óvíst að pæklað fiðurfé sé langvía þótt það hljómi svipað (8)
**19** Leita tíma og ræðu um lyf vegna jafnaðartölu (12)
**21** Skaft fellir með ljá, einkum meginhlutinn (9)
**22** Hef upp á ríki á mörkum austurs og vesturs (9)
**24** Fer úr leppunum út af viðgerðunum (9)
**25** Tel úrskurði mína til eigna minna (9)
**26** Vegur mið með síu (9)
**28** Segir krókreku efst á öngli (10)
**29** Hrærðum öllum vellingum saman (9)
**30** Var hún Alison alveg ber? (7)
**32** Oddasnara er helsta ógn breiðnefja (9)
**40** Óheppin að skulda ekkert (7)
**43** Damlan er sem umturnaður hnetukjarni (6)
**44** Sár við guð vegna kraftaverka (5)
**45** Blessa þá sem hangið hafa (5)
**46** Væl er þetta í þér, litla bleyða (5)
**48** Fornt vor mun geysast um öljósa daga (5)
**49** Þar brennur eldur í ranni (5)
**50** Framleiðsla er flippað frauð (5)
**52** Hið afleita meltingarfæri (4)
**53** Bandaríkin eiga englaborg og óskunda (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**KIRKJUGARÐUR**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi að þessu sinni eintak af **Dalalífi** eftir **Guðrúnu frá Lundi** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Axel Skúlason, Reykjavík.**




**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist skapgerðareinkenni (14) Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 1. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „27. ágúst“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.




# Þrautir

## Bridge
Ísak Örn Sigurðsson

### Miklir bridgeáhugamenn

Keppnisstjórinn margreyndi Björgvin Már Kristinsson hefur síðustu ár reynt fyrir sér sem atvinnumaður í bridge í Bandaríkjunum. Hefur hann spilað með mörgum frægum köppum á ferlinum í Bandaríkjunum, en frægastir þeirra eru eflaust Bill Gates og Warren Buffet sem hafa lengi verið meðal ríkustu manna heims. Þeir Gates og Buffet eru miklir áhugamenn um bridge og hafa einnig stutt myndarlega við bridgehreyfinguna. Einn besti spilari sögunnar var einnig í sveitinni, Bandaríkjamaðurinn Bob Hamman. Sveitin tók nýverið þátt í einu sterkasta móti Bandaríkjanna, Nebraska Regional-mótinu. Tilefnið var að Peggy Kaplan, vinkona Björgvins, var beðin um að vera í sveitinni, en gat það ekki vegna loforðs um að spila í annarri sveit á mótinu. Peggy benti þá á Björgvin sem var innlimaður í sveitina með Gates, Buffet og Hamman. Sveit þeirra gekk ekkert sérstaklega á mótinu, en þó komu fyrir athyglisverð spil. Spilafélagi Björgvins var oftast sjálfur Bob Hamman og hann var sagnhafi í 5 tíglum eitt sinn. Hamman átti:

♠ -
♥ K10xx
♦ AQJxxxx
♣ KQ

Hamman hafði opnað á einum tígli og Björgvin hafði gefið góða tígulhækkun og Hamman lét þá vaða í fimm tígla. Blindur var:

♠ ÁQ108x
♥ J9x
♦ xxx
♣ Axx

Útspilið var lítill spaði sem Hamman trompaði og hann hugsaði í dágóða stund. Hann hamraði síðan niður tíguláss og negldi kónginn blankan í bakið. Björgvin leggur mikið á sig fyrir íþrótt sína, ferðast um heiminn í tvær vikur í hverjum mánuði til þess að taka þátt í mótum og spilar 8-12 klukkustundir á dag. Hefur hann oftsinnis náð góðum árangri og er að verða þekkt nafn vestanhafs.

## Skák
Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Serper átti leik gegn Erneste í Helsinki árið 1992.

**1. ... Hxd1+! 2. Kxd1** (2. Hxd1 Dxc2#) **2. ... Dg1+!** (2. ... Bg4+? 3. He2!) **3. Ke2 Bg4+ 4. Kd3 Df1+ 0-1.** Afar vel heppnað Ólympíuskákmót fór fram á vegum Hróksins í Stofunni í fyrradag. Hannes og Hallgerður Helga urðu Ólympíumeistarar.

**www.skak.is:** Skákþing Norðlendinga.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 2 | | 9 | | 7 | 1 |
| 4 | | | 7 | | 8 | 9 | 5 | |
| | 5 | | 6 | | 4 | | | |
| | | 6 | | | 1 | | 3 | |
| | 2 | | | | | | | |
| 8 | 4 | 7 | | 6 | | | | 5 |
| | | | 9 | | 6 | 3 | 1 | 7 |
| | | 4 | | 7 | | 8 | | |
| 9 | | | 8 | 2 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 9 | | 4 | | 3 |
| | | 9 | 3 | 8 | | 6 | 7 | |
| 5 | 7 | | 6 | | | 3 | | 1 |
| 6 | | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | | 4 | |
| | | | 9 | | | | | |
| 1 | 3 | 5 | | 2 | 4 | | | 9 |
| | 9 | | | 5 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 3 | 9 | 2 | |
| 5 | 7 | | | | | 8 | | |
| | | | 1 | 2 | | | | |
| | | 5 | | | 9 | | | |
| | | 4 | | 7 | | | | 2 |
| 6 | | | | | | 3 | | |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| 3 | 5 | | | | 8 | | 6 | |
| 9 | | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 4 | 1 | 2 | 6 | 9 | 5 | 7 |
| 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 2 | 5 | 6 | 4 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 6 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 6 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 7 | 8 | 5 |
| 5 | 8 | 2 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 7 | 5 | 9 | 8 |
| 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 3 | 8 | 2 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 2 | 6 |
| 8 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 9 | 1 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 4 | 7 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 2 | 6 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 |
| 3 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 3 | 5 | 1 | 9 |

KS TOOLS

# Verkfærasett

Frábært verð **19.560**

**179 stk.**



www.stilling.is/KS9170779/

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

markhönnun ehf

# netto

# Allt fyrir þig og þína

-20%



LAMBALÆRI, STUTT - 2 STK
ÁÐUR: ~~1.498 KR/KG~~
**1.198** KR KG

-34%



NAUTA RIB Y Í HEILU
LÍTIL STK, FROSIN - ERLENT
ÁÐUR: ~~2.998 KR/KG~~
**1.979** KR KG

*Beikon- og skinkubitar, tilbúnir beint í réttinn*

-50%

KJÖTBORÐ



BEIKON- OG SKINKUTENINGAR
ÁÐUR: ~~1.498 KR/KG~~
**749** KR KG




COCA COLA - 4 X 2 L
ÁÐUR: ~~1.036 KR/PK~~
**989** KR PK




LA BAGUETTE SNITTUBRAUÐ - 4 STK
ÁÐUR: ~~430 KR/PK~~
**349** KR PK




MINIONS CHOCOLATE BARS
ÁÐUR: ~~249 KR/PK~~
**199** KR PK




DAIM BAR 3 X 28 G
ÁÐUR: ~~279 KR/PK~~
**249** KR PK




MARS SNACKSIZE
4 PK - 146 G
ÁÐUR: ~~349 KR/PK~~
**299** KR PK

*Vandræðalaus bakstur*

-10%




Betty Crocker

BETTY CROCKER KÖKUMIX OG KREM
MIKIÐ ÚRVAL - 10 % AFSLÁTTUR

**Tilboðin gilda 25. – 28. ágúst 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

-34%



LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
ÁÐUR: ~~2.998 KR/KG~~
**1.979** KR KG

-33%



KRYDDAÐ LAMBALÆRI
ÁÐUR: ~~2.078 KR/KG~~
**1.392** KR KG

*Allt fyrir grillveisluna*

-40%



KALKÚNAGRILLSNEIÐAR
ÁÐUR: ~~2.947 KR/KG~~
**1.768** KR KG

-40%



KALKÚNAPYLSUR - 10 STK
ÁÐUR: ~~1.849 KR/KG~~
**1.109** KR KG

-30%



LAMBABÓGSTEIK
Í SVEPPAMARINERINGU
ÁÐUR: ~~3.498 KR/KG~~
**2.449** KR KG

*Nýbakað bakkelsi...*




JAFFA GOLD SAFI - 1 L
EPLA/APPELSÍNU
ÁÐUR: ~~149 KR/STK~~
**130** KR STK

-40%



OSTASLAUFUR 2 X 100 G
ÁÐUR: ~~398 KR/PK~~
**239** KR PK

-35%



PIZZASNÚÐAR 2 X 100 G
ÁÐUR: ~~398 KR/PK~~
**259** KR PK

*Ferskt mangó*

-50%



MANGÓ
ÁÐUR: ~~498 KR/KG~~
**249** KR KG




DIT VALG SMOOTHIE MIX
GULUR, GRÆNN & RAUÐUR
ÁÐUR: ~~579 KR/KG~~
**479** KR PK

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Hægir vindar og væta víða um land, en áfram milt veður.

## Heimurinn

| Kaupmannah. | Osló | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 23° | 20° | 20° | 21° | 19° | 13° | 10° |
| **London** | **Amsterdam** | **París** | **Berlín** | **Madríd** | **Brussel** | **Róm** |
| 25° | 24° | 32° | 28° | 33° | 31° | 35° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 22° | 24° | 26° | 26° | 28° | 22° | 10° |





NETVERSLUN

Sérblaðið „Netverslun“ kemur út 31. ágúst

Í þessu blaði er hægt að kaupa auglýsingar sem og kynningar.

Áhugasamir hafi samband við:

Jóhann Waage
Sími/Tel: +354 512 5439
johannwaage@365.is


## Flóð & fjara

| | Flóð | Fjara |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | | |
| | 01.37 | 7.55 |
| | 2,84m | 1,02m |
| | 02.21 | 8.54 |
| | 3,10m | 1,00m |
| **Akureyri** | | |
| | 05.47 | 11.46 |
| | 1,8m | 0,53m |
| | 06.22 | 09.15 |
| | 1,30m | 0,48m |
| **Ísafjörður** | | |
| | 03.52 | 10.07 |
| | 1,63m | 0,65m |
| | 04.36 | 11.13 |
| | 1,86m | 0,66m |

### Tunglstaða

Vaxandi
36%

Sólarupprás:
05.55

Sólarlag:
20.59

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ↘2 | 11° ↑0 | 11° ←6 | 10° ←5 | 11° ↑5 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ↙4 | 7° ↖3 | 7° ↖4 | 8° ←6 | 6° ←9 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↑1 | 7° ←2 | 8° ←1 | 7° ←6 | 6° ←4 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↘2 | 10° ↗1 | 8° ↖3 | 6° ↙7 | 6° ↙6 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↑3 | 12° ↖1 | 8° ↙5 | 8° ←5 | 9° ←3 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




STEFÁN
HILMARS
HARPA 16.09.16
50
UPPSELT KL. 19.30
ATH. BREYTTUR TÍMI
AFMÆLISTÓNLEIKAR
STEFÁN FAGNAR 50 ÁRUM
ÁSAMT ÚRVALSLIÐI HLJÓÐFÆRALEIKARA
FLUTT VERÐA LÖG FRÁ 30 ÁRA FERLI
AUKATÓNLEIKAR KL. 22:30
SÉRSTAKIR GESTIR
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
JÓHANNA GUÐRÚN
PÁLL RÓSINKRANZ
GOSPELKÓRINN GISP!
HORNAFLOKKURINN HONK
& LEYNIGESTIR
EIMSKIP
styður við íslenska tónlist
BÍLALEIGA AKUREYRAR
Europcar
Miðasala á harpa.is & tix.is

# Kröftug verk úr **katalónskum pappír**

**Gunnar Kr. Jónasson myndlistarmaður leikur sér með spennuna milli mýktar pappírs og grjótharðra forma á sýningu sem opnuð er í Listasafni Akureyrar í dag.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Pappírinn er alviðkvæmasta efnið sem ég hef unnið með en reyni að gæða verkin þunga og krafti með öflugum formum. Þannig tefli ég saman andstæðum,“ segir Gunnar Kr. Jónasson, myndlistarmaður á Akureyri, sem opnar sýninguna Formsins vegna í Listasafninu á Akureyri klukkan 15 í dag.

Myndlistarferill Gunnars spannar þrjátíu ár. Hann hefur víða komið við, teiknað biksvartar blýsólir, steypt skúlptúra og logskorið stálblóm. Nú vinnur hann úr handunnum pappír frá Katalóníu. „Ég vil halda lífinu í pappírnum. Því sker ég ekki kanta eða neitt svoleiðis,“ segir hann og lýsir verkefnunum eftir föngum gegnum símann. „Skúlptúrarnir eru í mörgum lögum og þegar horft er inn í hliðarnar á þeim er hægt að ímynda sér að efnið sé blýþungt – steinn eða stál. Það er tilfinningin sem ég er að framkalla með þessum verkum. Stærsti skúlptúrinn er þriggja metra langur og einn og sextíu á breidd. Hann verður strengdur á vír milli tveggja stoða.“



Gunnar kveðst mála pappírinn en hvernig fékk hann þá hugmynd að skapa svona sterkleg verk úr honum?

„Þegar maður fær eitthvert efni upp í hendurnar þá verður maður að búa til eitthvað úr því. Hausinn er sífellt í því starfi, hægra heilahvelið, það er mjög erfitt að fara inn á vinstri hliðina! Hvar sem maður gengur er maður sífellt að detta inn á eitthvað sem kveikir hugmyndir.“

Hann kveðst þó alls ekki hafa yfirgefið steypuna og stálið, það muni fylgja honum áfram. Lýsir því hvernig hann lærði að skera mót út úr einangrunarplasti með hitaþræði árið 2007 og steypa svo í þau mót. Áður hafði hann kynnst stálinu.

„Ég lærði járnsmíði þegar ég var ungur og vann aðeins í Slippnum. Þar er áratugagömul skurðarvél sem sker hnausþykkt járn, jafnvel tíu til tólf sentimetra þykkar plötur og kanturinn sem eldurinn fer í verður eins og veðurbarið grjót, mér finnst það svo flott, þá er ekkert verksmiðjulag á því. En nú er ég bara með pappírinn.“



**„Ég vil halda lífinu í pappírnum. Því sker ég ekki kanta eða neitt svoleiðis,“ segir Gunnar.** MYND/AUÐUNN

Finndu styrk
í meiri vellíðan.

HEILSA & SPA

Njóttu þess að rækta líkama og sál í þægilegu andrúmslofti og öruggum höndum fagfólks á heilbrigðissviði.

Námskeið, hóptímar, Yoga, tækjasalur, Spa, nudd, nálastungur, cupping, sjúkraþjálfun frá Gáska og snyrtistofan Fegurð og Spa.

Sjáðu áskriftarleiðir og úrval námskeiða, fyrirlestra og sérsniðnar leiðir fyrir einstaklinga eða hópa á **www.heilsaogspa.is**

**Ný námskeið hefjast 29. ágúst.**

Við tökum vel á móti þér!



# Leika krefjandi tónlist með fólki sem elskar að spila

Úrvalshljómsveitin Verbandsjugendorchester Hochrhein er í heimsókn á Íslandi um þessar mundir. Alls eru um 70 hljóðfæraleikarar í hljómsveitinni á aldrinum 15-28 ára, handvaldir úr 120 blásarasveitum frá Hochrhein-héraðinu í suðurhluta Þýskalands. Markmið sveitarinnar er að gefa ungum hljóðfæraleikurum tækifæri til að leika krefjandi tónlist í háum gæðaflokki. Á efnisskránni eru því verk úr sinfónískum geira tónbókmenntanna og samtímatónlist í bland við léttari tónlist og djassaðar tónsmíðar. Stjórnandi Verbandsjugendorchester Hochrhein undanfarin 20 ár er Englendingurinn Julian Gibbons.

**ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ UNGIR OG HÆFILEIKARÍKIR TÓNLISTARMENN FÁI MÖGULEIKA Á AÐ SPILA KREFJANDI TÓNVERK MEÐ HÓPI FÓLKS SEM ELSKAR TÓNLIST OG AÐ SPILA Á HLJÓÐFÆRI.**

Benedikt, sem er 28 ára trompetleikari frá Lörrach, segir að mesti kosturinn við hljómsveitina sé að fá tækifæri til að spila flottari músík en hans heimahljómsveit ræður við að spila. Hann hefur spilað með VJO í níu ár og er núna á síðasta árinu sínu.

Gabri er 18 ára frá Laufenburg og hefur spilað á saxófón undanfarin níu ár. „Það er mikilvægt að ungir og hæfileikaríkir tónlistarmenn fái möguleika á að spila krefjandi tónverk með hópi fólks sem elskar tónlist og að spila á hljóðfæri.“

Síðustu tónleikar sveitarinnar í Íslandsferðinni verða í Hofi á Akureyri laugardaginn 27. ágúst kl. 16 og í Langholtskirkju mánudaginn 29. ágúst kl. 19.30. – mg



Benedikt og Gabri hafa verið afar ánægð með Íslandsferðina.



Aðdáunarvert var hve þær stöllur gerðu lögin að sínum, segir Jónas Sen.

# Djass, Björk og Beyoncé

**TÓNLIST**

**Djasstónleikar**

★★★☆☆

Stína Ágústsdóttir söngkona og Anna Gréta Sigurðardóttir píanóleikari fluttu lög úr ýmsum áttum.

**Hannesarholt**

Þriðjudaginn 23. ágúst.

Tónleikar Önnu Grétu Sigurðardóttur píanóleikara og Stínu Ágústsdóttur söngkonu í Hannesarholti á þriðjudagskvöldið voru óvanalega frjálslegir. Ástæðan var sú að þær áttu báðar afmæli þennan dag og tilgangurinn með tónleikunum var fyrst og fremst að gera sér dagamun og skemmta sér. Þær höfðu ekki mikið æft fyrir tónleikana, sem var nokkuð auðheyrt. En á móti kom að þær hafa unnið töluvert saman á undanförnum tveimur árum. Þær þekkja því hvor aðra vel.

Sama verður ekki sagt um undirritaðan. Ég kannaðist ekkert við þær, sjálfsagt vegna þess að þær eru búsettar í Svíþjóð og koma reglulega fram þar. En nú munu þær vera að undirbúa gerð geisladisks. Ef marka má fjörlega stemninguna á tónleikunum, verður gaman að heyra afraksturinn.

Ýmislegt hefði mátt betur fara á tónleikunum. Það versta voru afleit styrkleikahlutföll á milli söngsins og píanósins. Það síðarnefnda var allt of sterkt. Hljómburðurinn í Hannesarholti er vandmeðfarinn, salurinn er lítill og þegar flygillinn er opinn upp á gátt eins og hér var tilfellið, þá verður hann mjög raddsterkur. Þó er ekki bara hægt að magna upp söngröddina endalaust; smátt rýmið setur takmörk á hversu langt má fara. Því miður yfirgnæfði píanóið sönginn hvað eftir annað.

Engu að síður var margt lofsvert við frammistöðu píanóleikarans. Anna Gréta sýndi töluvert hugmyndaflug, spuninn hjá henni var ávallt spennandi, hljómarnir safaríkir og laghendingar líflegar. Hún hefði bara þurft að spila veikar.

Stína var yfirleitt prýðileg, rödd hennar spannaði býsna vítt svið og hún var ætíð þægileg áheyrnar. Textarnir voru auk þess skemmtilegir. Nokkuð var um að flutt væru þekkt lög með nýjum, íslenskum textum, sem voru eftir Stínu. Þeir kitluðu hláturtaugarnar svo um munaði.

Þrátt fyrir annmarka var bæði söngurinn og píanóleikurinn einlægur og þrunginn tilfinningum. Tónlistin var nánast öll djass, en þó skaut Beyoncé upp kollinum. Björk Guðmundsdóttir var líka meðal dagskrárefnis, lögin Jóga af Homogenic og Cosmogony af Biophiliu. Aðdáunarvert var hve þær stöllur gerðu lögin að sínum. Jóga var skemmtilega sveimkennd og Cosmogony fullt af ástríðum. Það kom ákaflega vel út. Tónlistarkonurnar munu hafa flutt dagskrá sem var helguð Björk, það væri eftirsóknarvert að heyra hana einhvern tímann!

Tveir gestir spiluðu glæsilega með á tónleikunum. Þetta voru saxófónleikarinn Sigurður Flosason, sem er faðir Önnu Grétu, og rafgítarleikarinn Tómas Gunnarsson, eiginmaður Stínu.

Anna Gréta og Stína eru einstaklega músíkalskar og hæfileikaríkar, það skein í gegn, þrátt fyrir snurðurnar. Spennandi verður að fylgjast með þeim í framtíðinni.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Styrkleikahlutföllin voru ekki rétt, en að öðru leyti var dagskráin skemmtileg.


www.reykjavik.is/styrkir

# Styrkir Reykjavíkurborgar

## Reykjavík City grants
## Granty Miasta Reykjavík



